


**skoðun 12**

**SÉRBLAÐ**
í Fréttablaðinu
Fólk




**Jólunum reddað**
*Jón Guðmundsson hreindýraskytta náði 117 kílóa tarfi á Fljótsdalsheiði og reddaði þar með jólunum.*
**FÓLK**




# FRÉTTABLAÐIÐ

**Miðvikudagur**
**17. október 2012**
244. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012




## Fullt vegna háhyrninga
*Stuttmyndahátíðin Northern Wave færð vegna uppbókaðs gistipláss.*
**bíó 30**

## Þrívíddarbók fyrir blind börn
*Sjokkerandi að blind börn fái ekki myndir til að læra af.*
**tímamót 26**



## Svekkjandi tap
*Íslenska landsliðið tapaði, 0-2, í hörkuleik gegn Sviss á Laugardalsvelli í gær.*
**sport 26**



**LOKASPRETTUR** Starfsmenn hvalaskoðunarfyrirtækisins Eldingar fluttu í gær tuttugu hesta frá Viðey til lands, en Hestaleigan Laxnes hefur í sumar boðið ferðamönnum að ríða út í eynni. Þórarinn Jónasson, eigandi hestaleigunnar, segir starfsemina í Viðey komna til að vera, enda stórkostleg upplifun að njóta lífsins á hestbaki með útsýni yfir höfuðborgina og ekki skemmi fjölbreytt fuglalífið í Viðey fyrir. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Neyðast til að fækka nemendum um 200

**Fjárveitingar til Fjölbrautaskólans á Suðurnesjum þýða að fækka þarf nemendum og starfsfólki stórlega, að sögn skólameistara. Kemur menntamálaráðherra verulega á óvart. Bæjarstjóri Reykjanesbæjar segir málefni skólans grafalvarleg.**

**MENNTAMÁL** Fjárveiting til Fjölbrautaskólans á Suðurnesjum (FS) fyrir næsta skólaár þýðir að fækka þarf nemendum skólans um 200, að sögn skólameistara. Eins þurfi að fækka starfsfólki skólans um sem nemur tólf til fjórtán stöðugildum.

Kristján Ásmundsson, skólameistari FS, fundaði í gær með fulltrúum ráðuneytisins vegna stöðu skólans. „Það vantar yfir sjötíu milljónir króna til að halda sjó miðað við stöðuna eins og hún er í dag. Við höfum töluna í fjárlögum og vitum hvað skólastarfið mun kosta á næsta ári að óbreyttu. Þetta þýðir einfaldlega stórfellda fækkun nemenda, úr rúmlega 1.100 í rúmlega 900, auk fækkunar starfsfólks,“ segir Kristján. Hann segir skilaboðin hafa verið einföld; fjármagn til skólans verði ekki aukið. Hins vegar sé það mat hans að skólinn hafi ekki fengið hækkanir til samræmis við marga aðra skóla, en um þetta sé ágreiningur.

> **70** milljónir þarf FS til að halda rekstri skólans óbreyttum frá því sem nú er.

Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, segir að hún hafi áhyggjur af rekstrarstöðu framhaldsskólanna almennt, eins og komið hafi fram í fjárlagaumræðunni í haust. Þegar hafi verið lagðar til 140 milljónir til framhaldsskólanna í fjáraukalögum og vonir hennar standi til frekari framlaga í fjárlögum. „Það kemur mér hins vegar á óvart að heyra af þessu því skólinn hefur ekki verið að nýta fjárheimildir sínar að fullu.“

Kristján minnir á að fyrir rúmlega tveimur árum fundaði ríkisstjórnin í fyrsta sinn í Reykjanesbæ. Þá hafi verið boðað, meðal annars, að rekstrargrundvöllur menntastofnana á Suðurnesjum yrði tryggður og þróa skyldi fjölbreyttara námsframboð á svæðinu til að byggja undir þá sem minnsta menntun höfðu eða voru án atvinnu.

„Við fögnuðum þessu mjög og því er þetta áfall fyrir okkur að fá þessi skilaboð núna,“ segir Kristján.

Varðandi átak stjórnvalda segir Katrín að staðið hafi verið við það sem lagt var af stað með; tveir verkefnisstjórar hafi starfað við að þróa ýmis verkefni á svæðinu og margt sé í deiglunni sem komi öllum skólum á svæðinu til góða.

Árni Sigfússon, bæjarstjóri í Reykjanesbæ, segir stöðuna afleita. Því sé marglýst yfir að lausnin á stöðu Suðurnesja felist ekki síst í að styrkja menntun ungs fólks.

Árni segir að forsvarsmenn Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum og Reykjanesbæjar hafi ítrekað tekið málið upp við þingmenn kjördæmisins og fjárlaganefnd Alþingis. „Svo þetta er ekki bara grafalvarlegt heldur stórundarlegt.“ - shá

Ungir athafnamenn:
## Safna fyrir Kvennaathvarf

**FÓLK „Mamma sagði mér frá þessu með Kvennaathvarfið. Ég byrjaði að hugsa um þetta og sagði strákunum frá þessu og þeir voru mjög til í þetta,“ segir hinn fimmtán ára gamli Andri Haraldsson, nemandi í Háteigsskóla.**

**Andri heldur, ásamt félögum sínum í hópnum Félagsfíklarnir, góðgerðarball í kvöld til styrktar Kvennaathvarfinu. Félagsmiðstöðin Kampur tekur einnig þátt í skipulagningunni.**

**Andri er með fleiri verkefni í bígerð því hann er að undirbúa heimildarmynd um heimilisofbeldi.** - fb / sjá síðu 30

## veðrið í dag




**BJART** sunnan- og vestanlands en skýjað að mestu og lítilsháttar úrkoma á Norðausturlandi. Vindur víða fremur hægur og hiti á bilinu 1 til 7 stig. **VEÐUR 4**










## SPURNING DAGSINS



*Guðmundur, verður Petra kannski jólakötturinn í ár?*

„Það er alveg pottþétt.“

Guðmundur S. Brynjólfsson var að senda frá sér bókina Kattasamsærið. Hún fjallar um köttinn Petru Pott sem heimilisfólk er að hætt að sinna og íhugar stöðugt að senda burt.

Réttargæslumaður nauðgunarfórnarlamba af Þjóðhátíð hæstánægður með að sakborningarnir séu fundnir:

# Hrósar Selfosslögreglunni í hástert fyrir elju

**LÖGREGLUMÁL** „Ég er rosalega ánægð með rannsóknarlögregluna á Selfossi,“ segir Elva Dögg Ásu- og Kristinsdóttir, réttargæslumaður þriggja kvenna sem tilkynntu um nauðgun eftir Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum í ágústbyrjun.

Tvö málanna upplýstust tiltölulega fljótt en það þriðja, gegn ólögráða stúlku, ekki fyrr en nú í byrjun vikunnar, tveimur og hálfum mánuði eftir atvikið. Lögreglan hafði þá lent í miklum ógöngum með málið, verið neitað um gögn frá símafyrirtækjum, sent óskýrt skjáskot úr öryggismyndavél til fjölmiðla án árangurs og lýst því yfir að öll sund væru svo gott sem lokuð í rannsókninni.

„Þegar myndbirtingin bar ekki árangur þá átti ég alveg eins von á málið mundi ekki skýrast,“ segir Elva Dögg. „En ég var ótrúlega glöð þegar ég heyrði að þeir hefðu fundið sakborninginn.“

Hún segir að embættið hafi unnið mjög gott starf frá fyrsta degi. „Mér finnst þeir hafa verið rosalega duglegir. Fyrstu viðbrögð voru mjög góð, samskiptin við mig til fyrirmyndar og rannsóknin öll. Að öðrum ólöstuðum finnst mér þeir vinna mjög gott starf. Þeir gefast greinilega ekki upp.“

Oddur Árnason yfirlögregluþjónn segir niðurstöðuna þrautseigju að þakka. „Í þessu tilfelli er þetta bara mjög vönduð vinna rannsóknarlögreglumanna sem skilaði okkur þessum árangri. Þegar menn fara að tína saman öll brot sem er aflað inn í myndina þá leiðir það okkur að veikum möguleika sem er kannaður og reynist þá vera réttur.“ - sh



**ÞJÓÐHÁTÍÐ** Lögreglan telur sig hafa upplýst nauðganirnar þrjár á síðustu Þjóðhátíð. MYND/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON



**VIÐ BSÍ** Borgin kaupir BSÍ ásamt húsi við Keilugranda 1. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Minnihlutinn vildi frest:

## Samþykkt að kaupa BSÍ

**REYKJAVÍK** Borgarstjórn samþykkti á fundi sínum í gær að kaupa Umferðarmiðstöðina í Vatnsmýri, BSÍ, og fasteign að Keilugranda 1 fyrir 685 milljónir króna.

Gert er ráð fyrir að Umferðarmiðstöðin verði nýtt sem aðalskiptistöð strætisvagna á höfuðborgarsvæðinu.

Sjálfstæðismenn í borgarstjórn óskuðu eftir frestun málsins þar til sérfræðileg úttekt lægi fyrir hvar ákjósanlegast væri að koma upp aðalskiptistöðinni. Tillaga þeirra var ekki samþykkt.

Þá gagnrýndu Sjálfstæðismenn einnig kaup borgarinnar á húsinu að Keilugranda 1 þar sem þrjú ár væru eftir af lóðarleigusamningnum þar. Þeir vildu að borgin leysti til sín lóðina að samningnum loknum.

**SJÁVARÚTVEGUR**

### Kínverjar á Fiskistofu

Sendinefnd frá Fujian-héraði í Kína kom í heimsókn á Fiskistofu nýlega. Fram kom að í Fujian-héraði væri rekinn öflugur sjávarútvegur og ekki síður fiskrækt. Árlegur afli úr sjó væri um tvær milljónir tonna. Þá aflaði Fujian-hérað um fjögurra milljóna tonna af fiski árlega með fiskrækt.

**VESTFIRÐIR**

### Mótmæla lokun póstsins

Íbúasamtök Önundarfjarðar hafa sent bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar erindi þar sem fyrirhugaði lokun póstþjónustunnar á Flateyri, þann 1. nóvember, er harðlega mótmælt. Samtökin segja slíka skerðingu koma illa við íbúa og fyrirtæki á staðnum.

# Skemmtiferðaskipum í Íshafi ekki bjargað

**Lendi skemmtiferðaskip í hafsnauð norður af landinu er björgun þess ofviða Íslendingum. Þúsundir manna yrðu í lífshættu. Deilt er um þá tillögu að skylda skipin til að sigla saman í pörum svo þau geti komið hvert öðru til aðstoðar.**

**ÖRYGGISMÁL** „Miðað við aðstæður og viðbúnað á Íslandi og Grænlandi er nánast útilokað að björgunarskip og þyrlur gætu náð að bjarga hundruðum eða þúsundum manna sem lentu í nauð úti á reginhafi,“ segir um öryggi skemmtiferðaskipa í áhættumatsskýrslu fyrir Ísland.

Áhættumatsskýrslan var unnin af þverfaglegum hópi á árinu 2009. Þar var bent á hættu vegna siglinga stórra skemmtiferðaskipa um Norðurhöf. Fram kemur að árekstur við ísjaka annars vegar og sigling í ísreki hins vegar séu helstu hætturnar sem steðji að skipunum. Talsverð hætta sé á slysi á hafsvæðinu milli Íslands og Grænlands.

„Í ljósi þessa hafa íslensk og dönsk stjórnvöld leitað leiða til að bregðast við þessari vaxandi hættu. Komið hefur til tals að skylda farþegaskip til að sigla í pörum um hafísslóðir. Þannig væri tryggt að stórt skip væri til reiðu að bjarga fólki ef skemmtiferðaskipi hlekktist á,“ segir í skýrslunni þar sem vandinn er undirstrikaður varðandi skemmtiferðaskipin. „Hlekktist slíku skipi á gætu þúsundir manna lent í lífshættu og björgunaraðgerðir væru Íslendingum ofviða.“

Ólafur Briem hefur fyrir hönd Siglingastofnunar Íslands átt í samskiptum við Alþjóðasiglingamálastofnunina varðandi öryggi farþega á heimskautasvæðum – sem að hluta eru innan björgunar- og leitarsvæðis á ábyrgð Íslendinga. Ólafur segir fyrrnefnda parasiglingu vera eitt margra atriða í umræðunni sem sé ólokið innan Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar.

„Útgerðirnar telja ákveðin praktísk vandamál í þessu og það eru uppi sjónarmið um það að ef annað skipið lendir í vandræðum setji það áhöfn hins skipsins í verulega erfiðleika. Björgunaraðgerðir skipa byggja á því að menn bjarga eigin farþegum og skipi. Ef annað skipið strandar eða verður innlyksa í hafís á þá hitt skipið að hætta sér nálægt strandaða skipinu eða inn í ís til að koma því til bjargar?“ nefnir Ólafur sem dæmi um álitamálin sem menn velti fyrir sér.

Þá nefnir Ólafur hugmyndir um að setja reglur um það hvert skipin megi sigla eftir því hvernig þau eru útbúin. Ákvæði Alþjóðahafréttarsáttmálans um frjálsar siglingar einfalda þó ekki málið. „Sumir segja að það megi ekki setja skipum nein takmörk, það sé skipstjórans og ábyrgð skipstjórans hverju sinni að ákveða hvað hann treystir sér til að gera. Svo eru aðrir sem segja: Þetta bara gengur ekki – það verður að setja einhver fyrirmæli.“

**gar@frettabladid.is**



**COSTA CONCORDIA** Í kjölfar þess að skemmtiferðaskipið Costa Concordia sökk í Miðjarðarhafi í janúar á þessu ári vöruðu bresk yfirvöld fólk við siglingum með skemmtiferðaskipum í Norðurhöfum.

> Ef annað skipið strandar eða verður innlyksa í hafís á þá hitt skipið að hætta sér nálægt strandaða skipinu eða inn í ís til að koma því til bjargar?
>
> **ÓLAFUR BRIEM,** SIGLINGASTOFNUN ÍSLANDS.



**EITT STOLNU VERKANNA** „Höfuð Harlekíns“ eftir Pablo Picasso. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Listaverkarán í Hollandi:

## Sjö dýrmætum verkum stolið

**HOLLAND, AP** Verðmætum málverkum eftir Picasso, Monet, Gauguin og Matisse var stolið af listasafni í Rotterdam í fyrrinótt.

Verðmæti verkanna er talið skipta hundruðum milljóna evra. Ekki verður samt auðvelt að selja svona fræg listaverk, en þjófarnir gætu reynt að kúga fé út úr eigendunum.

Listaverkin voru til sýnis í safninu Kunsthal í Rotterdam í tilefni tuttugu ára afmælis safnsins. Alls höfðu þjófarnir sjö listaverk á brott með sér. - gb

## Fannst látinn í fjöruborðinu

**Maðurinn sem fannst látinn í fjörunni neðan við Ægisgötu í Reykjanesbæ að morgni 12. október hét Jaroslaw Olejniczko.**

**Hann var 42 ára gamall Pólverji búsettur í Reykjanesbæ. Maðurinn lætur eftir sig uppkominn son og aldraða móður, samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni á Suðurnesjum.**

LEIÐIN TIL HOLLUSTU

Skyr.is drykkirnir standast þær ströngu kröfur sem gerðar eru til matvæla sem merktar eru Skráargatinu. Þú getur treyst á hollustu Skyr.is.




www.skyr.is

Íbúi í Garðabæ fékk óvenjuleg skilaboð frá þakklátum bensínþjófi:

# Tæmdi tankinn og þakkaði fyrir sig

**FÓLK** „Takk fyrir,“ voru skilaboðin sem blöstu við Sigríði Örnu Arnþórsdóttur þegar hún fór út af heimili sínu í Garðabæ í gærmorgun og hugðist setjast upp í bíl. Þau voru frá þeim sem um nóttina hafði stolið öllu bensíninu af bílnum.



**SIGRÍÐUR ARNA ARNÞÓRSDÓTTIR**

„Hann opnaði bensínlokið algjörlega án ummerkja, tæmdi bensíntankinn og skrifaði svo í héluna á rúðunni: Takk fyrir. Svo dundaði hann sér við að taka Nissan-merkið af bílnum að aftanverðu og skrifaði líka þar fyrir ofan: Takk fyrir,“ segir Sigríður Arna.

Hún komst út á næstu bensínstöð á dropunum sem eftir voru í tankinum, en segir það hafa staðið tæpt.

„Að sjálfsögðu er þetta tjón, en það hefði getað verið miklu meira,“ segir Sigríður, hissa og nokkuð sátt við natni þjófsins sem ekki hafði rispað lakkið á bílnum eða valdið á honum tjóni að öðru leyti en að hafa fjarlægt Nissan-merkið. „Það eru tíu til fimmtán þúsund krónur af bensíni farnar en bíllinn er að minnsta kosti snyrtilegur og vel umgenginn.“ - sh



**ÞAKKLÁTI ÞJÓFURINN** Kveðjan var skrifuð í héluna bæði framan og aftan á bílnum. MYND/SIGRÍÐUR ARNA ARNÞÓRSDÓTTIR




*Upphæð inneignarkortsins er 260.000 kr. sem samsvarar 1.000 lítrum á núverandi verði.
* Meðalakstur miðað við fólksbíl (bensín), árið 2011, samkvæmt Umferðarstofu.

Takmarkað magn á þessum vildarkjörum

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

**Opið: 10:00 - 18:00 og laugardaga 12:00 - 16:00**

Bílabúð Benna • Tangarhöfða 8 • 590 2000 | Njarðarbraut 9 • Reykjanesbæ • 420 3330 | Bílaríki • Glerárgötu 36 Akureyri • 461 3636 | www.benni.

## GENGIÐ 16.10.2012

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 122,54 | 123,12 |
| Sterlingspund | 197,2 | 198,16 |
| Evra | 159,41 | 160,31 |
| Dönsk króna | 21,367 | 21,493 |
| Norsk króna | 21,565 | 21,691 |
| Sænsk króna | 18,467 | 18,575 |
| Japanskt jen | 1,5532 | 1,5622 |
| SDR | 188,92 | 190,04 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 220,1724

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Allsherjar- og menntamálanefnd hefur fundað með hlutaðeigandi í tvígang vegna ferla kynferðisbrota:

# Ferlar kynferðisbrotamála verði endurskoðaðir

**ALÞINGI** Skúli Helgason, varaformaður allsherjar- og menntamálanefndar, vill að stofnuð verði sérstök undirnefnd nefndarinnar sem fari yfir ferla kynferðisbrotamála á Íslandi. Að sögn hans fékk tillagan góðan hljómgrunn á nefndarfundi á mánudag.

Allsherjar- og menntamálanefnd hefur haldið tvo fundi eftir að Fréttablaðið birti grein í byrjun október um hlutfall kynferðisbrotamála sem enda með sakfellingu.

„Við förum yfir þetta og fengum mikinn sjóð af upplýsingum sem við verðum að kafa ofan í,“ segir Skúli. „Við ætlum að halda áfram með þessi mál því það er ljóst að það eru brotalamir í kerfunum sem við verðum að takast á við.“

Hann nefnir þar sérstaklega þann tíma sem getur tekið fyrir kynferðisbrotamál að fara í gegnum kerfið og segir hann slíkt engum bjóðandi. Dæmi eru um að mál hafi tekið tvö ár að fara í gegn.

Þá var einnig rætt á fundunum hvernig hægt sé að styðja við núverandi stofnanir í málaflokknum.

Tillaga Guðrúnar Jónsdóttur, talskonu Stígamóta, um stofnun embættis sérstaks saksóknara kynferðisbrota, var lögð fyrir fundargesti en að sögn Skúla var talið að aðrar leiðir skiluðu betri árangri.

Innan við þrjú prósent kynferðisbrotamála sem kærð eru til lögreglu enda með sakfellingu fyrir dómi eftir að ríkissaksóknari hefur fengið þau inn á borð til sín. Um 75 prósent mála sem tilkynnt eru til lögreglu fara ekki áfram til meðferðar hjá embættinu. **- sv**



### Minna en 3% kynferðisbrotamála enda með sakfellingu

**Tæplega 1.400 kynferðisbrot voru tilkynnt til lögreglu á árunum 2008 til 2011. Þar af fóru 204 mál til Ríkissaksóknara, þar sem 35% enduðu í ákæru. Stígamót og Aflið þjónustuðu 1.382 einstaklinga á tímabilinu.**

**DÓMSMÁL** Um 75 prósent kynferðisbrotamála sem tilkynnt eru til lögreglu eru ekki send áfram til Ríkissaksóknara til meðferðar.

Af þeim 204 kynferðisbrotamálum sem embættið hefur fengið á sitt borð síðan árið 2008 hafa 109 verið látin niður falla, eða um helmingur.

Fram kemur í útgefnum tölum frá Ríkislögreglustjóra að 365 kynferðisbrot voru tilkynnt til lögreglu í fyrra. Sama ár fékk Ríkissaksóknari 65 til sín, en 25 þeirra voru látin niður falla.

Samkvæmt upplýsingum frá embætti Ríkislögreglustjóra ber að hafa í huga að þegar tölur embættanna tveggja eru bornar saman getur skipt máli ef gögnin eru ekki tekin út á sama degi og eins er mikilvægt að þau séu tekin út frá sömu forsendum. Einnig ber að taka fram að ef tveir einstaklingar eru grunaðir eða kærðir fyrir sama brot, er það talið sem eitt brot í fjöldatölum frá lögreglu.

„Til dæmis er hægt að taka út brot bæði út frá dagsetningu brotsins (það er aðeins brot sem áttu sér stað árið 2011) eða þau sem tilkynnt voru árið 2011 en gátu hafa átt sér stað fyrri ár,“ kemur fram í upplýsingum frá embættinu.

Í skýrslu ríkislögreglustjóra um feril kynferðisbrota hjá embættinu árið 2008 kemur fram að í um 40 prósentum nauðgunarmála var ástæða þess að lögregla hætti rannsókn sú að máli er ekki fylgt eftir af brotaþola eða brotaþoli dregur kæru til baka. Í um 30 prósentum málanna var ætlaður gerandi ekki þekktur og í um fimmtungi mála voru sönnunargögn ekki nægjanleg svo að lögregla teldi sig geta vísað því til ákvörðunar ríkissaksóknara.

Guðrún Jónsdóttir, talskona Stígamóta, sagði í Fréttablaðinu í síðustu viku að hún hefði skorað á stjórnvöld að stofna embætti sérstaks saksóknara kynferðisbrotamála til að takast á við þessa þróun í lágu hlutfalli dóma.

sunna@frettabladid.is

**Leitað til lögreglu í um 8% tilfella**

Stígamót taka á móti um það bil 300 nýjum einstaklingum á hverju ári til viðtala og ráðgjafar. Aflið á Akureyri tekur á móti á bilinu 60 til 80. Alls hafa samtökin tvö tekið á móti 1.382 einstaklingum í viðtöl á árunum 2008 til 2011.

Í ársskýrslu Stígamóta fyrir árið 2011 kemur fram að 278 einstaklingar leituðu til samtakanna í fyrra vegna nýrra mála, þar af voru tæp 12 prósent karlmenn. Þjóðerni brotaþola var í nær öllum tilvikum íslenskt.

Um 40 prósent brotanna höfðu ekki verið rædd við neinn fagaðila áður en manneskjan leitaði til Stígamóta. Átta prósent einstaklinganna höfðu leitað til lögreglu.

„Í þau 22 ár sem liðin eru frá stofnun Stígamóta hafa 5.946 einstaklingar leitað aðstoðar hjá Stígamótum. Jafnframt er þess að geta að ofbeldismennirnir teljast vera 8.526 en eru væntanlega nokkuð færri þar sem einhverjir þeirra hafa beitt fleiri en einn einstakling ofbeldi,“ segir í skýrslunni.



Fjármagnsflótti frá Kína:

## Kínverjar fjárfesta í auknum mæli erlendis

**KÍNA Auðugir Kínverjar fjárfesta í auknum mæli erlendis. Þetta er meðal þess sem fram kemur fram í umfjöllun Wall Street Journal þar sem segir að fjárfestingarnar hafi numið 225 milljörðum dollara síðastliðið ár.**

**Kínverjar kaupa einbýlishús við Kýpurstrendur, lúxusvörur í Singapore og mennta börnin sín í dýrum háskólum í Bandaríkjunum.**

**Samkvæmt kínverskum reglum mega einstaklingar flytja úr landi 50 þúsund dollara. Kínversk fyrirtæki mega eingöngu kaupa gjaldeyri vegna viðskipta sem yfirvöld samþykkja. Hægt er þó fara krókaleiðir í fjárfestingunum. - ibs**

# Eimskip er metið á allt að 45 milljarða

**Hlutabréf í Eimskip verða tekin til viðskipta í byrjun næsta mánaðar. Skráningarlýsing liggur fyrir á næstu dögum. Verðbil í útboði verður 205 til 225 krónur. Tuttugu prósent verða seld til fagfjárfesta og þrjú til fimm prósent til almennings.**

**VIÐSKIPTI** Hlutabréf í Eimskip verða tekin til viðskipta í Kauphöllinni fyrri hluta nóvembermánaðar, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Fyrst verður 20 prósenta hlutur seldur til fagfjárfesta í lokuðu útboði þar sem verðbilið verður 205 til 225 krónur á hlut. Lokagengið mun síðan ráðast af þeim tilboðum sem berast í hlutinn. Í kjölfarið á að selja þriggja til fimm prósenta hlut í almennu útboði. Skráningarlýsing verður birt á allra næstu dögum.

Miðað við verðbilið er heildarvirði útgefins hlutafjár í Eimskip 41 til 45 milljarðar króna. Þrotabú Landsbanka Íslands mun selja 20 prósenta hlut en aðrir hluthafar, meðal annars Straumur fjárfestingabanki, munu selja það sem upp á vantar. Heimildir Fréttablaðsins herma að bandaríski fjárfestingasjóðurinn Yucaipa ætli sér ekki að selja stóran hlut að þessu sinni.

Eimskip gekk í gegnum fjárhagslega endurskipulagningu eftir bankahrunið. Í kjölfar hennar urðu helstu eigendur félagsins þrotabú Landsbankans og bandaríski fjárfestingasjóðurinn Yucaipa. Stjórn Eimskips ákvað í desember síðastliðnum að hafinn skyldi undirbúning að skráningu félagsins á hlutabréfamarkað. Hún átti að eiga sér stað á seinni hluta þessa árs.

Í maí var Íslandsbanka og Straumi fjárfestingabanka falið að undirbúa skráninguna. Hlutafé var síðan aukið í júlí og er nú 200 milljónir króna að nafnvirði. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er skráningarlýsing nánast tilbúin og verður birt á allra næstu dögum. Stefnt er að því að lokað hlutafjárútboð fyrir fagfjárfesta verði haldið skömmu síðar og útboð fyrir almenning í kjölfarið.

Fréttastofa Stöðvar 2 greindi frá því í sumar að lykilstjórnendur Eimskipafélagsins myndu fá að eignast hlut í félaginu á mun lægra gengi en áætlað væri að skrá félagið á. Gert er ráð fyrir að þeir fái að eignast 700 þúsund hluti í Eimskip.

Eimskip hagnaðist um átta milljónir evra, tæplega 1,3 milljarða króna á gengi dagsins í dag, á fyrstu sex mánuðum ársins 2012. Heildarvelta félagsins á tímabilinu var 198 milljónir evra, um 32 milljarðar króna. Hún jókst um tíu prósent á milli ára þegar búið var að taka tillit til einskiptisliðar upp á 6,4 milljónir evra, rúman milljarð króna.

thordur@frettabladid.is



**Í GÓÐUM REKSTRI** Heildareignir Eimskips voru um 48 milljarðar króna um mitt ár 2012 og eiginfjárhlutfall félagsins 61,6 prósent. Eimskip átti tæpa 4,4 milljarða króna í handbæru fé í lok júní síðastliðins. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

### Lífeyrissjóður hagnast vel á Eimskip

Lífeyrissjóður verzlunarmanna keypti 14 prósenta hlut í Eimskip í júlí síðastliðnum. Tveir stærstu eigendur félagsins, þrotabú Landsbankans og Yucaipa, seldu þá hvor sinn sjö prósenta hlut. Kaupverðið var 5,7 milljarðar króna. Miðað við þau kaup var heildarvirði Eimskips tæplega 41 milljarður króna. Ef útboðsgengið verður í efri mörkum verðbilsins sem stendur fagfjárfestum til boða mun hluturinn sem sjóðurinn keypti í júlí vera 6,3 milljarða króna virði við skráningu, eða um 600 milljónum króna meira en hann greiddi fyrir hlutinn. Eftir viðskiptin á lífeyrissjóðurinn alls 14,6 prósenta hlut í Eimskip og er þriðji stærsti eigandi félagsins. Stærstir eru þrotabú Landsbankans með 30,3 prósenta hlut og Yucaipa með 25,3 prósenta hlut.

Skip sigldi á löndunarbúnað:

## Gera við krana í kapphlaupi við loðnuvertíð

**ATVINNULÍF** Töluvert tjón varð á útskipunarbúnaði HB Granda við Vopnafjarðarhöfn í lok september við ásiglingu flutningaskipsins Green Crystal. Búnaðurinn ætti að vera kominn í lag fyrir byrjun desember og ætti ekki að koma að sök, nema að loðnuvertíð verði komin á fullt eystra.

Fyrirtækið er með nægt rými í mjöltönkum og ef í harðbakka slær verður mjölinu skipað út með gamla laginu, segja forsvarsmenn í frétt á heimasíðu fyrirtækisins. Það væri þó neyðarúrræði, fari svo. **- shá**

Vinnumarkaður í Svíþjóð:

## Fimmtungur með aukavinnu

**SVÍÞJÓÐ** Fimmti hver Svíi er í tveimur störfum, að því er könnun vefmiðilsins Stepstone leiðir í ljós.

Könnunin, sem gerð var í ágúst í sjö Evrópulöndum, leiðir jafnframt í ljós að 37 prósent Svía sem ekki hafa aukavinnu myndu gjarnan vilja það.

Alls tóku 638 Svíar þátt í könnuninni, að því er kemur fram á vef Sænska dagblaðsins.

Alls segjast 76 prósent aðspurðra Frakka hafa aukavinnu eða vilja það miðað við 57 prósent Svía.

Flestir vilja fá aukavinnu til þess að fá meiri tekjur. Sumir vilja viðhalda ákveðinni þekkingu eða afla sér nýrrar. **- ibs**

Situr inni í þrjá mánuði:

## Rauf skilorð með líkamsárás

**DÓMSTÓLAR Ríflega hálfþrítugur ofbeldismaður rauf skilorð með árás á rúmlega tvítugan mann í byrjun þessa árs og var því dæmdur í þriggja mánaða fangelsi í Héraðsdómi Reykjaness í gær. Þá þarf hann að greiða fórnarlambi sínu rúmar 411 þúsund krónur í bætur, auk vaxta.**

**Fram kemur að maðurinn hafi frá árinu 2004 sjö sinnum verið dæmdur til refsingar. Hann játaði brot sitt greiðlega fyrir lögreglu og dómnum og til þess var litið við ákvörðun refsingar. - óká**

**DÓMSMÁL**

### Sýndu fölsuð vegabréf

Albönsk hjón hafa verið ákærð fyrir að framvísa fölsuðum sænskum vegabréfum á Keflavíkurflugvelli. Hjónin, sem ætluðu til Kanada, eru bæði 26 ára gömul. Mál á hendur þeim var þingfest í Héraðsdómi Reykjaness í gær.






## VEÐURSPÁ



**Ingibjörg Karlsdóttir** veðurfréttamaður

**NÆTURFROST** verður um mesta allt land næstu daga og því rétt að hafa sköfuna við hendina. Einnig má gera ráð fyrir hálku á vegum sérstaklega að morgni dags. Það verður hæglætisveður og bjart nokkuð víða á landinu a.m.k. fram að helgi.




Á MORGUN
Strekkingur með A-strönd annars víða hægari.

FÖSTUDAGUR
Fremur hægur vindur um mest allt land.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 25° |
| Basel | 13° |
| Berlín | 14° |
| Billund | 12° |
| Frankfurt | 15° |
| Friedrichshafen | 19° |
| Gautaborg | 11° |
| Kaupmannahöfn | 11° |
| Las Palmas | 25° |
| London | 15° |
| Mallorca | 26° |
| New York | 17° |
| Orlando | 26° |
| Ósló | 9° |
| París | 16° |
| San Francisco | 25° |
| Stokkhólmur | 10° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*, Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is*, Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

**TVÖFALDUR ★★ FYRSTI VINNINGUR**

# 2200 MILLJÓNIR



**300.000.000**
**+1.900.000.000**

ÞÚ TALDIR RÉTT ★ **2.200.000.000**

Tvöfaldur fyrsti vinningur stefnir í 300 milljónir
og Ofurpotturinn í 1.900 milljónir.
**Ekki gleyma að vera með! Fáðu þér miða fyrir klukkan fjögur í dag á næsta sölustað eða á lotto.is**

VÍKINGA LOTTÓ

**ALLTAF Á MIÐVIKUDÖGUM!**
MIÐINN GILDIR 17. OKTÓBER 2012

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **A.** | 12 | 14 | 17 | 21 | 41 | 48 |
| **B.** | 05 | 16 | 23 | 36 | 37 | 38 |
| **C.** | 07 | 09 | 13 | 22 | 34 | 38 |
| **D.** | 03 | 06 | 19 | 24 | 25 | 31 |
| **E.** | 11 | 19 | 21 | 25 | 38 | 42 |
| **F.** | 01 | 25 | 35 | 36 | 39 | 46 |
| **G.** | 18 | 19 | 20 | 23 | 28 | 46 |
| **H.** | 22 | 27 | 29 | 39 | 40 | 42 |

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** *Hversu margir hönnuðir munu sameinast í gamla Sautján-húsinu á næstunni?*

**2.** *Hvenær fá Skotar að kjósa um sjálfstæði sitt?*

**3.** *Hvaðan er tónlistarmaðurinn Ásgeir Trausti nýkominn?*

**SVÖR:**

**1.** 60 **2.** Haustið 2014 **3.** Frá Seattle

Formaður dómarafélagsins segir fullyrðingar úr lausu lofti gripnar og órökstuddar:

# Geir segir umræðu hafa haft áhrif á dóm

**ÖRYGGISMÁL** Geir Jón Þórisson, fyrrverandi yfirlögregluþjónn, telur að umræða í samfélaginu hafi haft áhrif á niðurstöðu dómstóla þegar níumenningarnir svokölluðu voru sýknaðir af ákæru um árás á Alþingi. Hann vísaði meðal annars í nýleg ummæli Jóns Steinars Gunnlaugssonar, fyrrverandi hæstaréttardómara, um áhrif umræðunnar á dómstóla. Þetta kom fram í fyrirlestri sem Geir Jón hélt í Valhöll í gær undir yfirskriftinni Árás á Alþingi.

Hjörtur O. Aðalsteinsson, formaður Dómarafélags Íslands, segir að eftir 35 ára starf við dómstóla sé sér ekki kunnugt um annað en að dómarar hafi meginreglur í heiðri, og vísar þá í stjórnarskrána og dómstólalög um sjálfstæði og embættisverk dómara. „Fullyrðingar um annað eru úr lausu lofti gripnar og algjörlega órökstuddar,“ segir hann.



GEIR JÓN Í VALHÖLL

Geir Jón fór yfir mótmælin hér á landi haustið 2008 og í byrjun árs 2009 frá sínum bæjardyrum. Hann sagðist telja að 8. desember 2008, þegar hópur fólks fór inn í Alþingishúsið, hefði verið einn alvarlegasti dagur mótmælanna. Hann sagðist jafnframt vera þeirrar skoðunar að ef fólkið hefði ekki verið stöðvað hefði það tekið yfir þingið.

Síðustu daga mótmælanna urðu straumhvörf að mati Geirs Jóns. Hann sagði að þingmenn og starfsmenn Alþingis hefðu sagt honum að „ákveðinn þingmaður eða þingmenn hefðu haft veruleg áhrif á framgönguna“.

Geir Jón gerði skýrslu fyrir lögregluna um mótmælin þar sem fram koma nánari upplýsingar um það hverja átt er við. Þingmenn hafa óskað þess að fá hana afhenta. Því hefur lögreglustjóri neitað. Geir Jón sagði á fundinum í gær að allar upplýsingar um atburðarásina væri að finna í gögnum Alþingis.

„Það þarf bara að kíkja á fundargerð forsætisnefndar þingsins frá 21. janúar 2009.“

**- þeb**


ÁLEITNAR SPURNINGAR UM BANKA- OG FJÁRMÁLA-KREPPUNA



A CRITICAL LOOK AT THE CRISIS IN BANKING AND FINANCE

Eva Joly, fyrrverandi ráðunautur sérstaks saksóknara og saksóknari í Frakklandi, heldur fyrirlestur í Silfurbergi í Hörpu föstudaginn 19. október kl. 12 - 14.

HÁSKÓLI ÍSLANDS VIÐSKIPTAFRÆÐIDEILD

Samtök fjárfesta


# Skuldir geðfatlaðra verða felldar niður

**Smálánafyrirtækin ætla að fella niður skuldir geðfatlaðra einstaklinga við fyrirtækin. Þurfa að skila inn læknisvottorði. Gert í ljósi umfjöllunar fjölmiðla um bágstadda einstaklinga. Forsvarsmenn á Kleppi fagna ákvörðuninni.**

**SAMFÉLAGSMÁL** „Þetta er frábært. Það er gleðilegt fyrir okkar skjólstæðinga að lenda ekki í þessum köngulóarvef og mikill léttir fyrir félagsráðgjafana, get ég ímyndað mér,“ segir Halldór Kolbeinsson, yfirlæknir á Kleppi, í ljósi ákvörðunar smálánafyrirtækjanna að fella niður skuldir geðfatlaðra einstaklinga. „Maður verður að hrósa fyrirtækjunum fyrir að bregðast við.“

Sylvía Ingibergsdóttir, deildarstjóri á Kleppi, tekur undir orð Halldórs og fagnar ákvörðuninni. „Ég vona bara að þetta standist,“ segir hún. „Það verður ekki vandamál fyrir inniliggjandi sjúklinga hjá okkur að útvega þær upplýsingar sem fyrirtækin fara fram á.“

Fréttablaðið greindi frá því á laugardag að mörg dæmi væru um að sjúklingar kæmu stórskuldugir inn á Klepp eftir að hafa fengið lánað hjá smálánafyrirtækjum. Þeir hefðu því enga möguleika á að safna sér fyrir innborgun á íbúð eða fyrir öðrum framhaldsúrræðum.

„Lán geðfatlaðra einstaklinga hjá smálánafyrirtækjunum 1909, Hraðpeningum, Krediu og Smálánum verða felld niður að fullu þegar í stað,“ segir í tilkynningu frá fyrirtækjunum sem var send fjölmiðlum í gær. Ákvörðunin var tekin á mánudag á fundi Útlána, samtaka fjármálafyrirtækja, í ljósi umfjöllunar fjölmiðla á síðustu misserum af bágstöddum einstaklingum sem lenda í miklum skuldum vegna smálána.

„Undanfarnar vikur og mánuði hefur átt sér stað töluverð umræða í þjóðfélaginu þar sem tekin hafa verið dæmi um einstaklinga sem búa við bágan kost, eiga við andlega erfiðleika að stríða og eru að lenda í fjárhagslegum vandræðum,“ segir Haukur Örn Birgisson, lögmaður Útlána. „Þetta hefur verið mjög neikvæð umræða fyrir fyrirtækin og hefur ekki gefið rétta mynd af viðskiptum þeirra. Við erum að bregðast við þessu með því að koma til móts við þetta fólk.“

Þeir einstaklingar sem vilja fá lán sín felld niður þurfa að skila inn viðeigandi læknisvottorði til fyrirtækjanna frá sínum læknum eða meðferðaraðilum.

sunna@frettabladid.is



**FASTIR Í SKULDAFENI** Forsvarsmenn Kleppsspítala fagna ákvörðun smálánafyrirtækjanna um að fella niður skuldir geðfatlaðra einstaklinga, en það hefur verið mikið um að sjúklingar komi sér í miklar skuldir vegna þeirra. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### Hækka aldurinn

Sú ákvörðun var einnig tekin á fundinum að hækka lágmarksaldur lántaka úr 18 í 20.

„Því miður er það svo að yngstu lántakendurnir okkar hafa verið þeir einstaklingar sem hafa verið líklegastir til þess að lenda í vandræðum síðar meir,“ segir í tilkynningu frá Útlánum.



**Smálán sliga sjúklinga við innkomu**

Smálán eru nýtt og aðkallandi vandamál meðal sjúklinga á Kleppi. Halldór og Sylvía sammælast um að það færist í vöxt að fólk komi inn með miklar skuldir og hafi fest í vítahring smálánanna. „Þeir kunna á tölvu, slá inn kennitölu og svo byrjar vítahringurinn,“ segir Halldór. „Þeir skulda margir háar fjárhæðir þegar þeir koma hingað inn.“

Sjúklingar missa örorkubæturnar sínar eftir að hafa legið inni á geðdeild í sex mánuði á ári. Þá fara þeir á dagpeninga sem eru um 40 þúsund krónur á mánuði. Margir hverjir reykja pakka af sígarettum á dag, sem skilur þá eftir um tíu þúsund krónur til að lifa, svo engir möguleikar eru á að safna sér peningum fyrir útborgun í íbúð eða borga leigu.

**ÚR FRÉTTABLAÐINU** Fram kom í blaðinu á laugardag að smálán væru að sliga marga sjúklinga.

Dæmdur fyrir innbrot, búðarþjófnað og svæsnar líkamsárásir:

# Unglingur fær skilorðsbundinn dóm

**DÓMSTÓLAR** Unglingspiltur sleppur við refsingu fyrir líkamsárásir, innbrot og þjófnað haldi hann skilorð í tvö ár. Dómur í máli hans var kveðinn upp í Héraðsdómi Reykjaness í gær.

Pilturinn játaði brot sín fyrir dómi og kvaðst sjá eftir þeim, en að því er fram kemur í dómnum var hann 15 ára og sakhæfur þegar hann framdi þau.

„Við ákvörðun refsingar verður að líta til þess að ákærði játaði brot sín greiðlega fyrir lögreglu og fyrir dóminum. Þá hefur hann verið í meðferð á meðferðarheimili síðustu fjóra mánuði,“ segir í dómnum.

### Orðrétt

„Með hliðsjón af aldri ákærða, því að hann játaði brot sitt greiðlega og virðist nú hafa fastara land undir fótum en áður, þykir rétt að fresta ákvörðun refsingar skilorðsbundið og þykir skilorðstíminn hæfilega ákveðinn tvö ár eins og segir nánar í dómsorði,“ segir í dómi Héraðsdóms Reykjaness í gær.

Í einni líkamsárásinni kýldi hann fórnarlamb sitt nokkrum höggum í andlitið og sparkaði svo nokkrum sinnum í og stappaði á höfði þess, auk þess að sparka í klof þess, eftir að fórnarlambið féll í jörðina.

Þá var pilturinn ákærður fyrir að hafa í aprílbyrjun á þessu ári brotist inn í söluturn og stolið þaðan sígarettum og fyrir að hafa mánuði síðar stolið varningi úr verslun Hagkaups í Smáralind. Þar hafði hann tekið hluti að andvirði tæplega fimmtán þúsund króna; kókdós, hafraköku, og tvær tegundir af ilmvatni fyrir karla.

**- óká**

TOYOTA

ALWAYS A BETTER WAY

# Sjaldan er góður bíll of oft smurður

Í október er sértilboð á **smurþjónustu** hjá öllum viðurkenndum þjónustuaðilum Toyota.




ÍSLENSKA/SIA.IS/TOY 61145 09/12

## Engin vandamál - bara lausnir.

### 20% afsláttur

Sértilboð á olíum, síum, þurrkublöðum, bílaperum, rúðuvökva og frostlegi hjá viðurkenndum þjónustuaðilum Toyota.*

### 15% afsláttur

af vinnu við smurningu.
Komdu í heimsókn. Við tökum vel á móti þér.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Toyota Kauptúni | Kauptúni 6 | 210 Garðabæ | 570 5070 |
| Toyota Akureyri | Baldursnesi 1 | 603 Akureyri | 460 4300 |
| Toyota Selfossi | Fossnesi 14 | 800 Selfossi | 480 8000 |
| Toyota Reykjanesbæ | Njarðarbraut 17 | 260 Reykjanesbæ | 420 6610 |
| Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur | Bæjarflöt 13 | 112 Reykjavík | 440 8000 |
| Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur | Skemmuvegi 16 | 200 Kópavogi | 440 8000 |
| Bifreiðaverkstæðið Ásinn | Kalmansvöllum 3 | 300 Akranesi | 431 5050 |
| Bílatangi | Suðurgötu 9 | 400 Ísafirði | 456 4580 |
| Bifreiðaverkstæði KS | Hesteyri 2 | 550 Sauðárkróki | 455 4570 |
| Bílaleiga Húsavíkur | Garðarsbraut 66 | 640 Húsavík | 464 1888 |
| Bílaverkstæði Austurlands | Miðási 2 | 700 Egilsstöðum | 470 5070 |
| Bílageirinn | Grófinni 14a | 230 Reykjanesbæ | 421 6901 |

Pantaðu tíma í dag.
Það er einfalt og fljótlegt.

**Kynntu þér betur þjónustu okkar á www.toyota.is**

*Olíur, olíusíur, loftsíur, frjókornasíur, bensín- og hráolíusíur, þurrkublöð, þurrkugúmmí, ljósaperur, rúðuvökvi og frostlögur.



**VIÐ ÖLLU BÚNIR** Slökkviliðsmenn þurftu að klæðast hlífðargöllum eftir að efnaslys varð í verksmiðju bandaríska fyrirtækisins Kraft Food í Bad Fallingbostel í Þýskalandi í gær. Um 1.400 manns þurftu að rýma verksmiðjuna. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Samtök norrænna tölvuleikjaframleiðenda voru stofnuð í Reykjavík í fyrradag:

# Norrænir leikjasmiðir stofna samtök

**VIÐSKIPTI** Samtök norrænna leikjaframleiðenda voru formlega stofnuð í Ráðhúsi Reykjavíkur í fyrradag. Samtökin eru samstarfsvettvangur tölvuleikjaframleiðenda á Norðurlöndunum en Jónas Björgvin Antonsson, formaður Samtaka leikjaframleiðenda á Íslandi (IGI), skrifaði undir stofnsamninginn fyrir hönd íslenskra tölvuleikjaframleiðenda.

Hinum nýstofnuðu samtökum er meðal annars ætlað að gæta hagsmuna norrænna leikjaframleiðenda, skapa öflugan samstarfsvettvang og stuðla að uppbyggingu þessa ört vaxandi iðnaðar. Þá munu samtökin standa fyrir norrænni leikjaráðstefnu árlega og kynna norræna leiki á alþjóðavísu.

Um 330 fyrirtæki eiga aðild að samtökunum. Samanlögð velta þessara fyrirtækja er um 360 milljónir evra, jafngildi tæplega 57 milljarða íslenskra króna, og starfsmenn þeirra eru ríflega 4.000.

Alls tíu fyrirtæki eiga aðild að Samtökum íslenskra tölvuleikjaframleiðenda en þar á meðal eru CCP, Gogogic, Mindgames og Betware. - mþl



**Í RÁÐHÚSINU** Jónas Björgvin Antonsson skrifaði undir stofnsamning samtakanna fyrir hönd íslenskra tölvuleikjaframleiðenda. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


*Skráðu þig núna í nám og fáðu forskot:*

**Hagnýtt bókhaldsnám**

Hagnýt námskeið fyrir þá sem vilja læra mikið um nútíma bókhald:

**Hagnýtt bókhald**
*Hefst: 1. nóvember/94 stundir/verð: 109.000,-*

**Hagnýtt bókhald II**
*Hefst: 5. nóvember/58 stundir/verð: 99.900,-*

**Hagnýtt bókhald I+II**
*Hefst: 1. nóvember/153 stundir/verð: 189.000,-*

**Hagnýtt bókhald I+II**
*Hefst: 30. janúar/153 stundir/verð: 189.000,-*

**Meira en 930 einstaklingar** hafa lært bókhald hjá okkur.
1 stund = 40 mínútur

**Tölvunám TV til betri verka**
– hringdu núna í síma 520 9000
– og skoðaðu mikið úrval námskeiða á www.tv.is

TÖLVU- OG VERKFRÆÐIÞJÓNUSTAN
43.500 hafa sótt námskeið frá 1986

Grensásvegi 16 • Sími: 520 9000 www.tv.is


Skólameistari MÍ segir mikið alvörumál að vísa nemendum úr skóla:

# Börðu skólafélaga með hnúajárnum

**LÖGREGLUMÁL** Tveir nemendur við Menntaskólann á Ísafirði réðust með hrottafengnum hætti á þann þriðja á salerni skólans síðdegis á mánudag. Hnúajárnum var meðal annars beitt í árásinni.

Fyrst var sagt frá málinu á vef Bæjarins besta á Ísafirði í gær. Þar kom fram að árásin hefði átt sér stað eftir að skóladeginum lauk í verkmenntadeild Menntaskólans. Þolandinn hefði verið fluttur á sjúkrahúsið á Ísafirði og málið tilkynnt lögreglu.

Jón Reynir Sigurvinsson skólameistari sagðist í gær ekki geta tjáð sig um það hvernig brugðist yrði við.

„Það er mikið alvörumál að vísa nemendum úr skóla og maður á ekki að gera það með einhverju bráðræði,“ segir hann. „Nemendur fá nákvæmlega sömu meðferð og starfsmenn. Þeirra réttur til að vera í skólanum er alveg sá sami.“

Jón Reynir sagðist mundu tilkynna nemendum, foreldrum og starfsfólki um viðbrögð sín í dag.

Litlar upplýsingar var að fá um málið hjá lögreglunni, aðrar en þær að verið væri að yfirheyra þá sem að málinu kæmu. - sh



**MENNTASKÓLINN Á ÍSAFIRÐI** Skólameistarinn tilkynnir í dag hvað hann aðhefst.




NISSAN

SHIFT_

**Verð frá 4.990 þús. kr.**

# QASHQAI DÍSIL
# 4,6 l / 100 km

**NISSAN**
**QASHQAI**

Samkvæmt samantekt umferðarstofu er Qashqai mest keypti jepplingurinn á Íslandi frá janúar til september 2012




ENNEMM / SÍA / NM54815

/nissanvinir

## ENGIN FURÐA AÐ QASHQAI ER SVONA VINSÆLL

Flestir sem hafa keypt sér nýjan jeppling á árinu 2012 hafa valið Nissan Qashqai. Þeir sem kaupa Qashqai eru að leita að fallegum fjórhjóladrifnum bíl, sem er hagkvæmur í rekstri og góður í endursölu.

**Nissan Qashqai dísil eyðir einungis frá 4,6l/100km.**

**Verð frá 4.990 þús. kr.**

- 20 cm veghæð
- Litaðar rúður
- Tölvustýrð loftkæling
- 5 stjörnu einkunn í EURO Ncap
- Fjórhjóladrif með LOCK stillingum
- Handfrjáls Bluetooth símabúnaður
- Bakkskynjari
- 17“ álfelgur og margt fleira

**www.nissan.is**

B|L

Bílahúsið / Reykjanesbæ / 421 8808 – Bílasalan Bílás / Akranesi / 431 2622 – Bílasala Akureyrar / Akureyri / 461 2533 – Bílasala Austurlands / Egilsstöðum / 470 5070

BL Sævarhöfða 2 110 Reykjavík 525 8000



**SÍÐASTA LENÍNSTYTTAN** Síðasta styttan af Vladimír Lenín var tekin niður í Úlan Bator, höfuðborg Mongólíu, nú í vikunni. NORDICPHOTOS/AFP

Upplýsingamiðillinn Spyr opnaði 6. október og ætlar að hlusta á almenning:

# Nýr vefur dregur fram hvað fólk vill vita

**UPPLÝSINGAMÁL** „Við erum að draga fram hvað það er sem fólk vill fá að vita meira um í kjölfar frétta," segir Rakel Sveinsdóttir, framkvæmdastjóri Spyr, sem fór í loftið þann 6. október síðastliðinn. Spyr er að sögn Rakelar fyrsti miðillinn sem sérhæfir sig sem upplýsingamiðil, eða miðil fólksins.

Á vef Spyr getur fólk sent inn spurningar um fréttir allra helstu fjölmiðla landsins. Stjórnendur vefsins þurfa svo að samþykkja spurninguna og í kjölfarið sjá blaða- og fréttamenn og fyrirtæki í þjónustu Spyr spurninguna og geta svarað henni eða nýtt hana með öðrum hætti. „Fókusinn okkar verður alltaf sá að hlusta eftir því hvað það er sem fólk er að segja. Við þekkjum öll að fréttir eru að færast inn á samfélagsmiðlana og fólk talar um það þar. Til langs tíma litið er þetta hugsað þannig að Spyr verði á endanum ákveðið afl sem lætur vita hvað það er í þessu fréttaflóði sem fólk er að leggja áherslu á."

Markmiðið er að auka á gagnsæi og góða upplýsingamiðlun fyrir almenning, enda hafa kröfur um það verið háværar undanfarið að sögn Rakelar.

Að auki er hægt að birta jákvæðar fréttir og fyrirtækjafréttir á vef Spyr. Að sögn Rakelar gegnir Spyr þannig hlutverki milliliðar og almenningur getur séð efni beint frá fyrirtækjum.

- þeb



**FRAMKVÆMDASTJÓRINN** Rakel Sveinsdóttir er framkvæmdastjóri Spyr. Hún segir að almenningur hafi látið mjög sterklega í sér heyra strax í fyrstu vikunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Magnús Orri hætti:

## Oddný formaður þingflokks

**ALÞINGI** **Oddný G. Harðardóttir er orðin þingflokksformaður Samfylkingarinnar á nýjan leik. Hún var þingflokksformaður áður en hún tók við fjármálaráðuneytinu í fæðingarorlofi Katrínar Júlíusdóttur.**

**Magnús Orri Schram varð þingflokksformaður þegar Oddný varð ráðherra, en hann steig til hliðar á mánudag og sagði eðlilegt að Oddný tæki við á ný.**

**Á mánudagskvöld var Oddný svo kosin þingflokksformaður á ný, en Magnús Orri varaformaður flokksins.** - þeb

### PRÓFKJÖR

**Össur vill leiða lista**

Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra gefur kost á sér í fyrsta sæti í prófkjöri Samfylkingarinnar í Reykjavík. Össur hefur setið í fjórum ríkisstjórnum og setið á þingi frá árinu 1991.

**Magnús Orri vill 2.-3. sæti**

Magnús Orri Schram, þingmaður Samfylkingarinnar, mun sækjast eftir öðru til þriðja sæti í prófkjöri flokksins í Suðvesturkjördæmi. Magnús Orri var kjörinn á þing árið 2009.

**Jakob F. býður sig fram**

Jakob F. Ásgeirsson sækist eftir fimmta sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík fyrir komandi þingkosningar. Jakob hefur rekið útgáfufyrirtækið Uglu undanfarin átta ár og ritstýrt Þjóðmálum.

# Karadzic segist eiga skilin verðlaun frekar en refsingu

**Radovan Karadzic, fyrrverandi leiðtogi Bosníu-Serba, lýsir yfir sakleysi sínu. Hann hóf í gær málsvörn sína fyrir stríðsglæpadómstól í Haag. Hann sætir ákærum fyrir stríðsglæpi, þjóðarmorð og glæpi gegn mannkyni.**

**HOLLAND** „Í staðinn fyrir að vera ásakaður fyrir atburði í stríði okkar, þá ætti ég að fá verðlaun fyrir allt það góða sem ég hef gert," sagði Radovan Karadzic, fyrrverandi leiðtogi Bosníu-Serba, þegar hann hóf málsvörn sína fyrir stríðsglæpadómstól í Hollandi.

„Allir sem þekkja mig vita að ég er enginn einvaldur, ég er ekki árásargjarn, ég er ekki óbilgjarn," sagði Karadzic. „Þvert á móti er ég mildur maður, umburðarlyndur og hef mikla hæfileika til að sýna öðrum skilning."

Karadzic er meðal annars ákærður fyrir þjóðarmorð og glæpi gegn mannkyni. Hann er sagður hafa skipulagt ofsóknarherferðir gegn múslímum og Króötum í Bosníu allt frá árinu 1992 til ársins 1995, þegar ofsóknirnar náðu hámarki í fjöldamorðunum í Srebrenica.

Karadzic sagðist saklaus af öllu þessu: „Ég gerði allt sem í mannlegu valdi stendur til þess að koma í veg fyrir stríðið," sagði hann. „Mér tókst að draga úr þjáningum almennings."

Hann fékk níutíu mínútur til að verja gerðir sínar í gær áður en réttarhöldin héldu áfram. Hann virtist afslappaður og brosti óspart.

Meðal annars fullyrti hann að sum af verstu voðaverkum Bosníustríðsins hefðu skipulögð af öðrum en Serbum, og þá í þeim tilgangi að snúa áliti almennings gegn Serbum. Þetta segir hann meðal annars hafa átt við um tvær sprengjuárásir á markaðstorgið í Sarajevó árið 1994 og 1995.

Hann sagðist unna borginni Sarajevó og að allar árásir á borgina hefðu sært sig illa. Fyrri sprengjuárásina sagði hann „útfærða af algjöru samviskuleysi".

„Auðvitað dó fólk í þeirri sprengingu en við sáum líka að gínum var fleygt á vöruflutningabíla til að búa til þessa sýningu handa umheiminum," sagði Karadzic í gær.

gudsteinn@frettabladid.is

### Ákærurnar á hendur Karadzic

**Þjóðarmorð**
- Þjóðarmorð á múslímskum og króatískum íbúum Bosníu og Hersegóvínu.
- Reynt að hrekja bosníska og króatíska íbúa frá Bosníu og Hersegóvínu.
- Reynt að útrýma múslímum í bænum Srebrenica með fjöldamorðum og nauðungarflutningum.

**Glæpir gegn mannkyni**
- Ofsóknir á hendur múslímum og Króötum í borgum Bosníu og Hersegóvínu.
- Útrýmingaraðgerðir og morð serbneskra hermanna og lögreglumanna.

**Brot gegn stríðsreglum eða stríðsvenjum**
- Leyniskyttur og sprengjuárásir notaðar til að drepa, særa og ógna almenningi í Sarajevó.
- Meira en 200 friðargæsluliðar og hernaðareftirlitsmenn frá Sameinuðu þjóðunum teknir í gíslingu.



**RADOVAN KARADZIC** Sakborningurinn var afar brosmildur í réttarsalnum og virtist afslappaður. NORDICPHOTOS/AFP

www.volkswagen.is




Volkswagen Passat EcoFuel

Ratvís og víðsýnn

Til viðbótar við ríkulegan staðalbúnað í Volkswagen Passat Comfortline Plus er nú fullkomið leiðsögukerfi með Íslandskorti ásamt bakkmyndavél.

Das Auto.

Komdu og reynsluaktu Volkswagen Passat

Reynslan er góð!

Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt

HEKLA

# TAKTU BETRI MYNDIR!

Hagnýtar upplýsingar
og myndræn framsetning
gera þessa ítarlegu
handbók að kjörgrip þeirra
sem vilja ná góðum
tökum á ljósmyndun
og myndvinnslu.

VAKA-HELGAFELL
www.forlagid.is




*www.forlagid.is – alvöru bókabúð á netinu*

## Þjóðaratkvæðagreiðsla um drög að stjórnarskrá — 2. spurning

## Vilt þú að í nýrri stjórnarskrá verði náttúruauðlindir, sem ekki eru í einkaeigu, lýstar þjóðareign?

### Já



## Daði Ingólfsson

**framkvæmdastjóri SANS – samtaka um nýja stjórnarskrá**

Í rauninni ætti spurningin að vera óþörf, það nánast liggur í hlutarins eðli að náttúruauðlindir þjóðarinnar eru eign hennar. En á tímum sem krefjast að allt fé hafi sinn hirði, virðist ekki vanþörf á að tryggja þjóðinni það sem þjóðarinnar er í grunnlögum.

Þjóðfundurinn 2010 setti fram skýra kröfu um auðlindir í þjóðareign:

„Náttúra og auðlindir landsins eru óframseljanleg þjóðareign sem ber að vernda, umgangast og nýta á sjálfbæran hátt þannig að aðgengi almennings sé tryggt.“

Gagnrýnendur frumvarpsins halda því fram að vafi leiki á merkingu orðsins „þjóðareign“. Þeirri gagnrýni er hægt að svara þannig að inntakið er nú þegar í lögum landsins, þar sem segir að Þingvellir skuli „vera undir vernd Alþingis og ævinleg eign íslensku þjóðarinnar“ auk þess sem fulltrúar allra stjórnmálaflokka nota orðið sífellt í málflutningi sínum. Enda er þjóðfundur ekki feiminn við að nota einmitt orðið þjóðareign.

Því má heldur ekki gleyma að auðlindir landsins eru fleiri en fiskurinn í sjónum. Munum eftir vatninu okkar, orkunni í jörðinni, óbyggðunum, svo ekki sé minnst á olíuna, ef hún finnst. Öll þessi stórfenglegu auðæfi eru nú „án hirðis“ og eru eign barnanna okkar og annarra afkomenda, rétt eins og þau eru eign okkar. Með nýju auðlindaákvæði í stjórnarskrá tryggjum við þjóðinni enn frekar þennan eignarrétt.

Ekkert af ofantöldu hefur þó með nýtingu að gera, heldur einungis eignarrétt þjóðarinnar og kröfu um að þjóðin fái eðlilegan arð af eign sinni. Það er ekkert minnst á kvótakerfi í nýju stjórnarskránni né heldur eru því settar skorður hvernig einkaaðilar geti notað hyggjuvit sitt til að hámarka eigin arðsemi af þeim auðlindum sem þjóðin veitir þeim afnotarétt af tímabundið. Það er tekið fram í lögum eins og nú er og breytir ný stjórnarskrá engu um það.

### Nei



## Davíð Þorláksson

**héraðsdómslögmaður og formaður Sambands ungra sjálfstæðismanna**

Í fyrsta lagi þá er það samdóma álit lögfræðinga að þjóð geti ekki átt eignir. Auðlindir geta annaðhvort verið í eigu ríkisins eða einkaaðila. Sé það vilji fólks að ríkið eigi allar auðlindir, sem ekki eru í einkaeigu, þá er miklu eðlilegra að segja það berum orðum, og vera ekki að blekkja fólk með því að tala um þjóðareign.

Í öðru lagi er ekki verið að nýta eða rannsaka neinar auðlindir á íslensku forráðasvæði í dag sem ekki eru annaðhvort í eigu ríkisins eða einkaaðila. Þar sem auðlindir í einkaeigu eru sérstaklega undanskyldar í spurningunni þá myndi ákvæðið ekki taka til neinna auðlinda í dag. Maður spyr sig því hver tilgangur þess sé.

Í þriðja lagi eru nágrannalönd okkar ekki með þjóðareignarákvæði í sínum stjórnarskrám. Einu ákvæðin sem finnast um slíkt í Evrópu eru í 5 gr. stjórnarskrár Eistlands og í 70 gr. stjórnarskrár Slóveníu.

Í fjórða lagi þá eru það lög sem eru stjórntæki ríkisins. Eignarréttur á ekki að vera stjórntæki. Markmið þjóðareignarákvæðis, um að tryggja sjálfbæra nýtingu auðlinda í sátt við umhverfið, er göfugt. Með því að hrófla við eignarrétti að auðlindum er hins vegar verið að fara mjög öfgafulla leið til að ná því markmiði. Þá leið hafa engin lönd farið nema gömul ráðstjórnarríki.

Nærtækara væri að líta til Norðurlandanna þar sem mun skynsamlegri leið hefur verið farin. Í stjórnarskrám þeirra má finna ákvæði sem gera ráð fyrir að eignarrétt megi skerða með hliðsjón af náttúruverndarsjónarmiðum. Þannig mætti segja í stjórnarskrá að auðlindir skyldi nýta með sjálfbærum hætti. Löggjafanum væri svo eftirlátið að fylgja því eftir með regluverki um auðlindanýtingu.

# Eiga auðlindir að vera í þjóðareign?

**Önnur spurningin í þjóðaratkvæðagreiðslunni á laugardag lýtur að því hvort í stjórnarskrá eigi að vera ákvæði um að náttúruauðlindir sem ekki eru í einkaeign séu lýstar þjóðareign. Fréttablaðið leitaði röksemda með og á móti.**

Samhliða spurningunni um hvort drög stjórnlagaráðs eigi að vera grundvöllur nýrrar stjórnarskrár verða fimm spurningar lagðar fyrir kjósendur í þjóðaratkvæðagreiðslunni á laugardag. Önnur spurningin snýst um hvort í stjórnarskránni eigi að vera ákvæði um að náttúruauðlindir sem ekki eru í einkaeigu séu í þjóðareign.

Um þetta er reyndar skýrt ákvæði í umræddum drögum, en líkt og sést hér til hliðar segir í þeim að slíkar auðlindir eigi að vera „sameiginleg og ævarandi eign þjóðarinnar“. Sú staða gæti því komið upp að kjósendur samþykki drögin sem grundvöll nýrrar stjórnarskrár, en felli þetta ákvæði.

Þegar er í lögum um stjórn fiskveiða að nytjastofnar á miðunum séu sameign íslensku þjóðarinnar. Í frumvarpi sjávarútvegsráðherra til laga um stjórn fiskveiða er að finna sama orðalag og í drögum stjórnlagaráðs, að nytjastofnar séu „sameiginleg og ævarandi eign íslensku þjóðarinnar“.

Í stjórnarskrá Íslands er ekki að finna ákvæði um eignarhald á náttúruauðlindum eða nýtingu þeirra. Þó er að finna ákvæði sem heimilar takmörkun á rétti erlendra aðila til að eiga fasteignaréttindi eða hlut í landi.

Á upplýsingavef Lagastofnunar Háskóla Íslands um þjóðaratkvæðagreiðsluna segir:

„Löggjafanum er heimilt að setja reglur um meðferð, nýtingu og eignarhald á auðlindum hvort sem þær eru í einkaeigu, ríkiseigu eða eru eigendalausar. Ýmsar reglur um eignarhald á auðlindum, t.d. eignarhald ríkisins á þjóðlendum og auðlindum hafsbotnsins, svo og meðferð auðlinda, t.d. kvótakerfi í fiskveiðum í sjó, er þannig að finna í almennum lögum.“




Kolbeinn Óttarsson Proppé
kolbeinn@frettabladid.is




**URRIÐAFOSS** Deilur um auðlindir hafa verið háværar hér á landi, en hafa að mestu lotið að virkjanakostum eða fiskinum í sjónum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Um auðlindir í drögum stjórnlagaráðs

Auðlindir í náttúru Íslands, sem ekki eru í einkaeigu, eru sameiginleg og ævarandi eign þjóðarinnar. Enginn getur fengið auðlindirnar, eða réttindi tengd þeim, til eignar eða varanlegra afnota og aldrei má selja þær eða veðsetja.

Til auðlinda í þjóðareign teljast náttúrugæði, svo sem nytjastofnar, aðrar auðlindir hafs og hafsbotns innan íslenskrar lögsögu og uppsprettur vatns- og virkjunarréttinda, jarðhita- og námaréttinda. Með lögum má kveða á um þjóðareign á auðlindum undir tiltekinni dýpt frá yfirborði jarðar.

Við nýtingu auðlindanna skal hafa sjálfbæra þróun og almannahag að leiðarljósi.

Stjórnvöld bera, ásamt þeim sem nýta auðlindirnar, ábyrgð á vernd þeirra. Stjórnvöld geta á grundvelli laga veitt leyfi til afnota eða hagnýtingar auðlinda eða annarra takmarkaðra almannagæða, gegn fullu gjaldi og til tiltekins hóflegs tíma í senn. Slík leyfi skal veita á jafnræðisgrundvelli og þau leiða aldrei til eignarréttar eða óafturkallanlegs forræðis yfir auðlindunum.

## Endurskoðunarferlið fær hæstu einkunn

Þrír virtir fræðimenn við erlenda háskóla hafa lagt mat á endurskoðunarferlið og gefið því hæstu einkunn. Þetta eru þeir Tom Ginsburg, lagaprófessor við University of Chicago Law School, Zachary Elkins, aðstoðarprófessor við University of Texas og James Melton hjá University College of London.

Þremenningarnir gáfu nýverið út bókina The Endurance of National Constitutions (Varanleiki stjórnarskráa þjóðríkja). Þar komast þeir að þeirri niðurstöðu að meðallíftími stjórnarskráa sé 19 ár, en að þeim tíma liðnum séu þær endurskoðaðar eða nýjar samdar. Líftími stjórnarskrár íslenska lýðveldisins, frá 1944, sé því liðinn.

Fræðimennirnir rekja endurskoðunarferlið nú til búsáhaldabyltingarinnar, en þar hafi krafan um endurskoðun stjórnarskrárinnar verið hávær. Í áliti þeirra er að finna mjög jákvæða afstöðu til ferlisins.

„Ferlið við endurskoðun stjórnarskrár Íslands hefur einkennst af gríðarlega mikilli hugkvæmni og þátttöku margra. Almenningur hefur haft mikil áhrif á drögin og þó að rætur þeirra séu tryggar í stjórnarskrárhefð Íslands, sem birtist í stjórnarskránni frá 1944, mundi samþykkt þeirra þýða mikilvæg og táknræn skil við fortíðina. Samþykkt þeirra mundi vera leiðandi í því að tryggja þátttöku almennings í ríkjandi stjórnsýslu, nokkuð sem við teljum að hafi tryggt varanleika í stjórnarskrám annarra landa.“



**BÚSÁHALDABYLTINGIN** Fræðimennirnir rekja endurskoðunarferlið til mótmæla og krafna um endurskoðun stjórnarskrárinnar í kjölfar hrunsins. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL




FITON / SÍA

VILTU VITA Í HVAÐ TÍMINN FER?

Taktu stjórnina með Tímon tímaskráningarkerfi

www.timon.is

TrackWell TÍMON

TOSHIBA DELL acer hp ASUS

# FARTÖLVURÝMING

## VERÐFALL Á YFIR 60 GERÐUM AF FARTÖLVUM OG SPJALDTÖLVUM !




Acer Aspire V5-171-32366G50ass

**79.990**

Fullt verð 109.990




Toshiba Satellite Pro C850-10N

**99.990**

Fullt verð 119.990




Acer Aspire M3-581T-32364G34Mn

**109.990**

Fullt verð 139.990

# AÐEINS 2 DAGAR EFTIR !




Acer Iconia TAB A200

**59.990**

Fullt verð 79.990




Acer Aspire V5-571G-32364G32Ma

**79.990**

Fullt verð 99.990




Asus K73SD-TY195V

**119.990**

Fullt verð 169.990

## SÝNISEINTÖK OG UMBÚÐALAUST Á ENN MEIRI AFSLÆTTI !

OPIÐ 10-18

tl.is

TÖLVU LISTINN




**6 VERSLANIR UM ALLT LAND**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| REYKJAVÍK | AKUREYRI | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | HAFNARFJÖRÐUR |
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | REYKJAVÍKURVEGI 66 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | Sími 414 1750 |

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Óljóst er um afdrif pakistönsku baráttukonunnar Malölu:

# Stúlka sem breytir heiminum

SKOÐUN



Steinunn Stefánsdóttir
steinunn@frettabladid.is

Enn er óljóst með öllu hver afdrif baráttukonunnar og skólastúlkunnar Malölu Yousafzai verða en hún var skotin í höfuðið í síðustu viku. Tilræðismenn, talibanar, skutu stúlkuna þegar hún var á leið heim úr skóla í bænum Mingora í Swat-dalnum sem er norðaustur af Islamabad í Pakistan. Talibönum tókst þó ekki ætlunarverk sitt að ráða Malölu af dögum.

Malala var sem kunnugt er flutt á sjúkrahús í Brighton í vikunni þar sem nú er hlúð að henni og henni veitt vernd en talibanar hafa ítrekað ásetning sinn um að ráða bæði Malölu og föður hennar bana en faðir stúlkunnar hefur staðið við hlið dóttur sinnar í baráttu hennar.

Þótt Malala sé aðeins 15 ára gömul er hún þekkt vegna baráttu sinnar fyrir rétti stúlkna til að menntast. Malala komst í heimsfréttirnar aðeins 11 ára gömul þegar hún bloggaði á vef BBC þar sem hún greindi frá lífi sínu undir stjórn talibana. Hún hefur þegar fengið friðarverðlaun bæði í heimalandi sínu og annars staðar.

Baráttuþrek og hugrekki Malölu Yousafzai er með hreinum ólíkindum. Henni hefur tekist að hreyfa við allri heimsbyggðinni þótt hún sé enn á barnsaldri. Áhrif hennar hafa verið slík að í samfélagi hinna rétttrúuðu hefur verið tekin ákvörðun um að þagga niður í henni.

Þó hefur Malala ekki gert annað en að berjast fyrir friði og menntun og barátta hennar hefur farið fram með friðsömum hætti, með orðum og athöfnum.

Barátta Malölu skiptir ekki aðeins máli fyrir allar þær stúlkur sem ekki fá að njóta menntunar. Hún er lóð á vogarskálar baráttunnar fyrir því að öll börn, drengir og stúlkur, alls staðar í heiminum fái að njóta þeirra grundvallarréttinda að afla sér menntunar.

Það er fólk eins og Malala sem veltir hlössum í baráttunni fyrir betra lífi á jörðinni. Það er vegna fólks eins og hennar sem áfangar hafa náðst í fjölmörgum baráttumálum sem skilað hafa betra lífi.

Ýmis réttindi sem þykja sjálfsögð í dag voru það ekki fyrir einhverjum árum eða áratugum og önnur þykja sjálfsögð á einum stað en ekki öðrum, þar á meðal réttur barna til að stunda nám, ekki síst réttur stúlkna því algengara er að þær fái ekki að njóta skólagöngu en bræður þeirra.

Malala hefur nú gefið heilsu sína fyrir þessa baráttu. Hún er nú táknmynd í baráttunni fyrir réttindum allra til að njóta menntunar. Því mun aldrei takast að þagga niður í Malölu. Vonandi mun hún þó bæði njóta lífs og heilsu til að upplifa árangur baráttu sinnar.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Musterisriddarinn

Geir Jón Þórisson, fyrrverandi yfirlögregluþjónn, ræddi í gær um skýrslu sína um mótmælin í kjölfar hrunsins. Geir hélt erindi á hádegisfundi í Valhöll, en yfirskriftin var Aðförin að Alþingi – mótmælin við Austurvöll. Ekki var annað að sjá en að Geir Jón kynni vel við sig í Valhöll, svo vel reyndar að í upphafi máls síns rétti hann út hendur í predikarastíl og bauð gesti velkomna á fund í Valhöll, „musterinu“ eins og hann kallaði það.



### Hví þessi leynd?

Geir Jón bar þær sakir á ákveðinn hóp þingmanna að þeir hefðu haft „töluverð“ áhrif á mótmælin. Slíkar ásakanir eru einfaldlega ekki boðlegar á meðan skýrslan umrædda er ekki öllum opin. Umræða í véfréttarstíl um leyniskýrslu skilar okkur ekkert áfram.

### Enn skal rætt

Sérstök umræða fer fram í dag á þingi um þjóðaratkvæðagreiðsluna um stjórnarskrá. Illugi Gunnarsson, þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins, fór fram á umræðuna, en hann telur að meiri umræða þurfi að fara fram um efni tillagnanna. Umræða er góð, en minna má á að þingmenn ræddu í yfir 50 klukkustundir um málið. Illugi lét ekki sitt eftir liggja, ræddi meðal annars um ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslur, skilgreiningu á þjóðareign, að Eistland og Slóvenía séu einu Evrópuríkin með ákvæði um náttúruauðlindir í þjóðareign í sínum stjórnarskrám og fjölmörg önnur efnisatriði. En umræða er alltaf góð.



kolbeinn@frettabladid.is

HALLDÓR




# Ný eða endurskoðuð stjórnarskrá?

Ný stjórnarskrá



Ágúst Þór Árnason
formaður lagadeildar Háskólans á Akureyri



Skúli Magnússon
héraðsdómari og dósent við Lagadeild HÍ

Árið 1944 greiddu tæplega 95% kosningabærra Íslendinga stjórnarskrá lýðveldisins atkvæði sitt. Á lýðveldistímanum hafa ákveðnir þættir stjórnarskrár verið endurskoðaðir og óhætt er að segja að á síðustu árum hafi myndast breið samstaða um frekari endurskoðun á ákveðnum þáttum, t.d. að því er snertir auðlindir og heimildir til þjóðaratkvæðagreiðslna. Hins vegar er ljóst að hryggjarstykki stjórnarskrárinnar á sér djúpar rætur í íslensku samfélagi. Með frumvarpi stjórnlagaráðs er gerð tillaga um að þessar rætur séu rifnar upp og haldið verði út í óvissuna.

Við lýsum yfir vonbrigðum með þessa nálgun stjórnlagaráðs sem við teljum ósamrýmanlega þeirri fyrirætlun um heildarendurskoðun sem stefnt hefur verið að frá stofnun lýðveldis. Við höfnum því að úr niðurstöðum þjóðfundar 2010 verði þessari hugmyndafræði stjórnlagaráðs fundin stoð.

Við teljum að stjórnarskrársaga Íslendinga, t.d. ítrekaðar breytingar á kosninga- og kjördæmaskipan, ágreiningur um embætti forseta Íslands og réttaróvissa í kjölfar nýs mannréttindakafla árið 1995, sýni hversu vandasamar breytingar á stjórnlögum eru og hversu afdrifaríkar afleiðingar vanhugsaðar breytingar geta haft.

> Við lýsum yfir vonbrigðum með þessa nálgun stjórnlagaráðs sem við teljum ósamrýmanlega þeirri fyrirætlun um heildarendurskoðun sem stefnt hefur verið að frá stofnun lýðveldis.

Við erum fylgjandi því að stjórnarskráin sé endurskoðuð með yfirveguðum og varfærnum hætti og höfum raunar sett fram nokkuð ítarlega hugmynd um hvernig slík endurskoðun gæti litið út (sjá heimasíðuna Stjornskipun.is). Í samræmi við það teljum við rétt að gildandi stjórnarskrá sé lögð til grundvallar nýrri stjórnarskrá en ekki frumvarp stjórnlagaráðs sem felur að verulegu leyti í sér nýjan upphafsreit. Við munum því segja NEI við fyrstu spurningunni á kjörseðli í þjóðaratkvæðagreiðslunni 20. október nk.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* og Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Getum við lækkað vextina?

Húsnæðislán

Ólafur Darri Andrason

hagfræðingur ASÍ



Háir vextir leika íslensk heimili grátt. Frá aldamótum hafa vextir af nýjum húsnæðislánum verið tæplega þrefalt hærri á Íslandi en að meðaltali á Evrusvæðinu. Þessi munur nemur 7,8 prósentustigum. Það er til mikils að vinna að brúa þetta bil. Ef okkur tækist það myndum við spara íslenskum heimilum 117 milljarða kr. á ári með lægri vaxtagreiðslum. Það jafngildir tæplega 17% hækkun ráðstöfunartekna.

En hver er skýringin á þessum háu vöxtum? Sú nærtækasta er lítill og óstöðugur gjaldmiðill sem skilar okkur meiri verðbólgu en þekkist í nágrannalöndunum. Verðbólga hefur alltaf kostnað í för með sér fyrir lánaviðskipti sem lendir með beinum eða óbeinum hætti á lántakendum.

Nú er ljóst að við munum búa við á lánin fjórfaldast og er nú 1,4 prósentustig eða sem nemur um þriðjungi af vöxtunum! Fyrir lántakanda sem skuldar 20 milljónir jafngildir þetta álag 280 þúsund krónum í aukavexti á ári.

**Danska kerfið spennandi kostur**

Í Danmörku geta lántakendur valið milli ólíkra lánaflokka. Valið t.d. breytilega vexti sem í upphafi láns geta verið 1,5% og tekið síðan breytingum eftir því hvernig efnahagslífið þróast eða valið fasta vexti út lánstímann sem þá eru að jafnaði hærri en breytast ekki á lánstímanum. Einnig geta danskir húsnæðiskaupendur valið milli lána til mislangs tíma.

Vilji danskur lántakandi greiða upp lánið áður en lánstíminn er útrunninn þá stendur hann frammi fyrir tveimur kostum. Hann getur greitt lánið upp í húsnæðisbankanum miðað við eftirstöðvar skuldarinnar og þá án allra álaga. Ef samsvarandi skuldabréf fæst keypt á markaði á undirverði þá kaupir hann einfaldlega skuldabréf í þeim lánaflokki sem hann tók á sínum tíma og nýtir nafnvirði

> Við getum gengið í smiðju til nágrannalandanna og lært af þeim sem hvað bestum árangri hafa náð í að bjóða lántakendum upp á hagstæð lán.

þennan litla og óstöðuga gjaldmiðil næstu árin. Þýðir það að við verðum einfaldlega að sætta okkur við þessa háu vexti? Svarið er auðvitað nei. Verkefnið er að lækka vextina eins og kostur er. Í því samhengi er nærtækast að leita leiða til að draga úr óstöðugleikanum með vandaðri hagstjórn og meiri festu í gengismálum. En hvað getum við gert fleira? Við getum gengið í smiðju til nágrannalandanna og lært af þeim sem hvað bestum árangri hafa náð í að bjóða lántakendum upp á hagstæð lán.

Frændur okkar Danir búa við eitt elsta og traustasta húsnæðislánakerfi sem þekkist. Kerfið, sem starfar eftir strangri löggjöf, varð til í lok 18. aldar og hefur í gegnum tíðina staðist ýmis áföll og tryggt vel bæði hagsmuni skuldara og fjárfesta. Alþýðusambandið stóð fyrir því sl. vetur að bjóða hingað sérfræðingi frá Danmörku til að kynna þetta kerfi, sjá www.asi.is.

Það sem gerir danska kerfið frábrugðið okkar kerfi er að þar ráðast vextir á verðbréfamarkaði í gegnum sérhæfðar húsnæðislánastofnanir en hér á landi er vaxtaákvörðunin tekin hjá Íbúðalánasjóði eða bönkunum. Það kann einhverjum að finnast skipta litlu máli þar til það er haft í huga að frá árinu 2004 hefur álagið sem Íbúðalánasjóður leggur þess sem greiðslu í húsnæðisbankanum sínum.

Þetta kerfi er um margt spennandi og gæti hentað okkur vel til að bjóða upp á óverðtryggð lán með trúverðugum hætti. Við útfærslu slíkra lána skiptir miklu máli að lántakendum standi til boða greiðsludreifing ef til koma óvæntar vaxtahækkanir sem þeir ráða ekki við. Greiðsludreifingin þarf að vera án kröfu um að lántakandi leggi fram ný veð, greiði lántökugjöld eða önnur álög. Markaðurinn fyrir slík verðbréf þarf að vera nægilega stór til að vaxtamyndun geti verið eðlileg. Margt bendir til að sú sé raunin. Í dag eru húsnæðisskuldabréf 40-50% af markaði með verðbréf og því líklegt að markaðurinn myndi taka vel á móti slíkum bréfum.

Danska húsnæðiskerfið er spennandi kostur sem getur hjálpað okkur til að fikra okkur nær þeim vöxtum sem nágrannar okkar í Evrópu búa við. Er ekki líklegra að við náum árangri ef við hættum upphrópunum í vaxtamálum og eilífri leit að töfralausnum og förum þess í stað að skoða hvað við getum lært af þeim sem hvað bestum árangri hafa náð í að byggja upp lánamarkað sem tryggir húskaupendum hagstæðustu kjörin?

# Aftur á bak eða áfram?

Mannréttindi

Örn Bárður Jónsson

sóknarprestur í Neskirkju



Ég sá stórmerka kvikmynd á dögunum sem ber íslenska heitið Kóngaglenna og er um valdabaráttuna í Danmörku á dögum Kristjáns konungs VII og drottningar hans, Caroline Mathilde, undir lok 18. aldar og í byrjun 19. aldar. Líflæknir konungs, Struensee frá Þýskalandi, kemur þar mjög við sögu, en hann var heillaður af upplýsingarstefnunni og kom ýmsum góðum hugmyndum og mannréttindaumbótum inn í danska löggjöf.

En varðhundar sérhagsmunanna náðu undirtökum á ný og drápu Struensee og afnámu allar réttarbætur. Þar var spilltur aðallinn í forystu og kirkjan í slagtogi. Arftaki Kristjáns VII, sonur hans Friðrik VI, sem hafði hugtakið réttlæti í einkunnarorðum sínum og ríkti í 55 ár, kom aftur á öllum réttarbótum föður síns og Struensee og bætti um betur. Kvikmyndin er stórmerkileg því hún birtir þau glímutök sem jafnan koma upp í mannlegu samfélagi þegar heildarhagur og sérhagsmunir rekast á.

Afturhaldsöflin eru ávallt til staðar og þau eru sterk á Íslandi í dag. Munu þau ná undirtökunum eða nær lýðræðisvakningin yfirhöndinni?


Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu

## 10 ára afmælisráðstefna

Allir velkomnir – aðgangur ókeypis

**ÖRYGGISMÁL HJÚKRUNARHEIMILA**

Fimmtudagurinn 18. október 2012

Kl. 13:30-16:00 - Grand hótel

**Dagskrá:**

13:30 **Ráðstefnusetning**
Gísli Páll Pálsson, formaður SFV

13:45 **Öryggismál á stofnunum og hlutverk lögreglu**
Stefán Eiríksson, lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu

14:05 **Skelin rofin – aðgangur á opnum heimilum**
Eyþór Víðisson, öryggisfræðingur VSI

14:25 **Birtingarmyndir ógnana, vanrækslu og valdníðslu á hjúkrunarheimilum**
Anna Birna Jensdóttir, hjúkrunarforstjóri Sóltúni

14.45 **Grunur um brot, ábyrgð allra**
Hrönn Ljótsdóttir, forstöðumaður Hrafnistu Kópavogi

15.05 **Pallborðsumræður framsögumanna**

15.35 **Ráðstefnulok**

**Ráðstefnustjóri:** María Sigrún Hilmarsdóttir, fréttamaður



SAMTÖK FYRIRTÆKJA Í VELFERÐARÞJÓNUSTU






BÍLALEIGUBÍLL Í ÁBYRGÐ

Chevrolet Lacetti Station
árgerð 2011 - söluverð: 1.800 þús.
**Tilboð: 1.590 þús.**

**Afborgun á mánuði aðeins:**

## 25.790 kr.

Miðað við bílasamning til 72 mánaða á hagstæðum kjörum hjá bílafjármögnun Landsbankans.

## Chevrolet Lacetti Station

| | |
|---|---|
| Söluverð: | 1.800.000 kr. |
| Bílafjármögnun: | 1.350.000 kr. |
| Okkar hlutur: | 210.000 kr. |
| **Þín útborgun:** | **240.000 kr.** |
| **Heildarverð til þín:** | **1.590.000 kr.** |

Bílabúð Benna - Notaðir bílar
Bíldshöfða 10 • Sími: 590 2000
www.benni.is • notadir@benni.is

Opið alla virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga frá kl. 12-16

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

# 62. gr. stjórnarskrárinnar fjallar ekki um þjóðkirkjuna per se

Ný stjórnarskrá



Hjörtur Magni Jóhannsson
prestur og forstöðumaður hinnar evangelísk lútersku Fríkirkju í Reykjavík

Í þjóðaratkvæðagreiðslunni á laugardag verður spurt: „Vilt þú að í nýrri stjórnarskrá verði ákvæði um þjóðkirkju á Íslandi?“ Spurningin er villandi.

62. grein stjórnarskrárinnar fjallar um Hina evangelísku lútersku kirkju. Hún er frumlag 62. greinarinnar og orðið þjóðkirkja er yfirleitt með litlum staf. Það er hin evangelíska lúterska kirkja sem skal njóta stuðnings og verndar ríkisvaldsins og með þeim hætti vera þjóðkirkja.

Hin evangelíska lúterska kirkja felur í sér það sem er margfalt mikilvægara en sú ríkisrekna þjóðkirkjustofnun sem landsmenn eru nú látnir halda að þeir séu að kjósa um.

Orðin „Hin evangelísk lúterska kirkja“ vísa til okkar sögulega og trúarlega grunns. Til þess sem gerir okkur Íslendinga að sögulegri og menningarlegri heild. Þau vísa aftur til siðbreytingarinnar, upplýsingarinnar, skapandi mótmæla, gagnrýnnar hugsunar, lýðræðis og jafnræðis. Það er sú arfleifð mótmælendatrúar og lýðræðis sem er langbest fallin til að vera bakgrunnur lífsskoðana og trúfélaga hér á landi á 21. öldinni. Það er sú eina trúarlega arfleifð sem t.d. leyfir okkur að halda því fram að mannréttindi séu æðri trúarlegum kreddum. Það er sú trúarlega arfleifð sem best verndar mannréttindi og okkar vestrænu kristnu gildi gagnvart hugsanlegum erlendum áhrifum trúarbragða eða lífsskoðana þar sem manngildi og mannréttindi eru fótum troðin.

### Ríkiskirkja samræmist ekki stjórnarskrá

Firnastór lagabálkur í landslögum um eitt trúfélag og milljarðasérsamningur þess við ríkið vitna kröftuglega um ríkiskirkjufyrirlag. Engum dytti í hug í dag að búa til það fyrirkomulag trúmála sem nú ríkir ef viðmiðið ætti að vera samkvæmt stjórnarskrá, evangelískt lúterskt. Ljóst er að stofnunarlegir hagsmunir eins trúfélags og kirkjuvaldsstefna hafa ráðið mestu.

### Stjórnarskráin og hin lúterska Fríkirkja

Hin lúterska Fríkirkja í Reykjavík hefur nú starfað á þremur öldum og tildrög að stofnun hennar má rekja allt aftur til þess að við Íslendingar fengum trúfrelsi fyrir 138 árum. Stofnun Fríkirkjunnar var þétt samofin sjálfstæðisbaráttunni. Hún var miðlæg í þeirri lýðræðisvakningu sem átti sér stað hér á landi um aldamótin 1900. Það má færa gild söguleg rök fyrir því að Fríkirkjurnar séu hinir fyrstu eiginlegu þjóðkirkjusöfnuðir þar sem þjóðkirkjan var lengi vel hluti af dönsku stjórnsýsluapparati og gætti danskra hagsmuna.

> Mikið væri gott, nú rétt fyrir atkvæðagreiðslu, að fá að heyra afstöðu biskups til stöðu þeirra lútersku Fríkirkna sem stjórnarskráin fjallar um.

Í tveggja turna tali ráðuneytis og þjóðkirkju þá hefur 62. greinin verið aftengd og gerð óvirk, hvað varðar Fríkirkjuna. Fríkirkjan í Reykjavík hefur alltaf verið evangelísk lútersk og formæður okkar og forfeður hafa verið það allt frá siðskiptum. Við höfum aldrei afsalað okkur neinum kirkjusögulegum arfi, það er annarra verk. Við sækjumst hvorki eftir forréttindum né milljarða framlögum en væntum jafnræðis. Fríkirkjan nýtur ekki stuðnings samkvæmt stjórnarskrá. Lúterskar Fríkirkjur telja hátt í 20.000 meðlimi og þeim fjölgar árlega.

Og ef þjóðkirkjan er ekki lengur ríkiskirkja heldur sem nýtt sjálfstætt trúfélag eins og talsmenn hennar halda fram, þá er augljóst að Fríkirkjan í Reykjavík er í raun mun eldri en þjóðkirkjan í því formi sem hún er í dag.

Í ljósi alls þessa er spurning stjórnlagaráðs villandi.

Ef já. Þá óttast ég að þjóðkirkjustofnunin muni túlka það sem ávísun á áframhaldandi forréttindi og mismunun. Það væri mikill skaði því ríkiskirkjur hafa verið á hröðu undanhaldi í marga áratugi í þeim fáu löndum þar sem þær eru enn til staðar. Þær takmarka lýðræðislegan vöxt kristinna trúfélaga.

Ef nei. Hugsanlega hefur það engar breytingar í för með sér. Ef til vill mun það leiða til lýðræðislegra fyrirkomulags, meira í anda 62. gr. Ef þjóðkirkjustofnunin bregst við með aukinni kirkjuvaldsstefnu þá mun það mest skaða kristni í landinu til frambúðar.

### En nú er aldeilis lag

Agnes M. Sigurðardóttir er nú nýr biskup Íslands, innan þjóðkirkjunnar. Um leið og Fríkirkjan óskar nýjum biskupi velfarnaðar í starfi þá bindum við miklar vonir við gott samstarf. Greina má nýjan andblæ og það fyllir okkur bjartsýni og ferskri von.

Við þurfum öll í sameiningu að skapa þjóðinni trúverðuga og lýðræðislega umgjörð lífsskoðana og trúmála sem hæfir 21. öldinni. Fríkirkjan vill taka virkan þátt í að skapa víðan en traustan grundvöll um mannréttindi, mannhelgi, jafnrétti og jöfnuð. Þá mun íslensk almenn kirkja einkennast af trú og djörfung og vera í takt við þjóðina.

### Afstaðan til náungans

Á þeim 112 árum sem Fríkirkjan við Tjörnina hefur verið starfandi hefur afstaða biskupa þjóðkirkjunnar í hennar garð verið mjög mismunandi. Sumir þeirra hafa haft mjög jákvæða afstöðu til lútherskra Fríkirkna og gott samstarf verið til staðar. Fríkirkjan vonast eftir góðu og farsælu samstarfi á jafnréttisgrunni.

Mikið væri gott, nú rétt fyrir atkvæðagreiðslu, að fá að heyra afstöðu biskups til stöðu þeirra lútersku Fríkirkna sem stjórnarskráin fjallar um. Það myndi eflaust hjálpa mörgum að gera upp sinn hug.

Í tilefni þess að **Mo Yan** hlaut bókmenntaverðlaun Nóbels í síðustu viku sýnir Konfúsíusarstofnun kvikmynd byggða á skáldsögu hans.

**Rauð dúrra** e. Zhang Yimou (1987)

Háskólatorg 102, fimmtudag 18. okt. kl. 17




HÁSKÓLI ÍSLANDS

# Nýjar ógnir og ný úrræði í persónuvernd

Persónuvernd



Björg Thorarensen
prófessor við lagadeild HÍ og stjórnarformaður Persónuverndar



Sigrún Jóhannesdóttir
forstjóri Persónuverndar

Persónuupplýsingar eru af fjölbreytilegum toga og í ólíku formi. Þær geta verið ljósmynd, tölvupóstfang, tölvupóstsamskipti, kennitala, IP-tala á einkatölvu manns, bankaupplýsingar, upplýsingar um heimsóknir manna á heimasíður á netinu, heilsufarssaga, lífkenni einstaklings og önnur persónuleg auðkenni. Öll þessi atriði og mörg fleiri falla undir einkalíf einstaklings sem nýtur verndar stjórnarskrárinnar ásamt fleiri grundvallarmannréttindum. Eftir því sem efni upplýsinga stendur nær persónu manns, tilfinningalífi og samskiptum við aðra, til dæmis ef þær varða stjórnmála- eða trúarskoðanir, heilsuhagi eða kynhegðun, þeim mun mikilvægari þáttur eru þær í einkalífi hans og njóta því sérstaklega ríkrar verndar sem viðkvæmar persónuupplýsingar. Markmið persónuverndar er að vernda þennan þátt í friðhelgi einkalífs borgaranna.

### Brot fyrirtækja utan landsteina

Með aukinni tæknivæðingu skapast stöðugt fleiri möguleikar á að safna á kerfisbundinn hátt persónuupplýsingum um einstaklinga og nota þær í margvíslegum tilgangi, t.d. í markaðstilgangi, vísindarannsóknum á heilbrigðissviði eða í löggæsluskyni. Eigi persónuvernd að verða árangursrík þurfa stjórnvöld að grípa til sérstakra aðgerða, með lagasetningu eða öðrum hætti, halda uppi virku eftirliti og veita úrræði til þeirra sem telja réttindi sín á þessu sviði brotin. Ljóst er að hættan stafar ekki síður frá einstaklingum og einkafyrirtækjum en stofnunum ríkisins og í æ meiri mæli frá alþjóðlegum fyrirtækjum sem eru utan íslenskrar lögsögu. Nýjar ógnir skapast vegna örrar tækniþróunar í rafrænni vinnslu persónuupplýsinga og þær kalla á ný úrræði í lagasetningu og eftirliti á þessu sviði.

### Nýjar Evrópureglur um persónuvernd

Hér á landi gilda lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Þau byggjast á reglum sem spretta úr samstarfi Evrópuríkja um efnið. Grunnurinn var lagður með samningi Evrópuráðsins frá 28. janúar 1981 um vernd einstaklinga varðandi vélræna vinnslu persónuupplýsinga. Mikilvægustu Evrópureglurnar eru nú í tilskipun Evrópusambandsins 95/46/EB um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálst flæði slíkra upplýsinga. Markmið þeirra er að sporna við söfnun, vinnslu og notkun persónuupplýsinga og setja skýr skilyrði bæði um tilgang og takmörk slíkrar vinnslu. Þá tryggja þær rétt einstaklinga til aðgangs að upplýsingum sem safnað er um þá enda forsenda þess að þeir geti leitað réttar síns. Sérstakri stofnun, Persónuvernd, er falið að hafa eftirlit með framkvæmd laga nr. 77/2000. Sambærilegar stofnanir starfa í öllum Evrópuríkjum.

Nú stendur yfir allsherjarendurskoðun á reglum Evrópusambandsins um persónuvernd. Fyrirliggjandi eru tillögur að nýrri reglugerð um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og tilskipun um vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við varnir og rannsóknir á afbrotum. Stefnt er að grundvallarbreytingum á reglum um persónuvernd sem beinast m.a. að vinnslu persónuupplýsinga á netinu og rýmri reglum um lögsögu eftirlitsstofnana til að sinna eftirliti með fjölþjóðlegum fyrirtækjum og aðilum utan Evrópusambandsins. Þá verður komið á samræmdu eftirliti persónuverndarstofnana með framkvæmd Evrópureglna um efnið. Auk þess er leitast við að styrkja innanlandsstofnanir um persónuvernd og veita þeim frekari úrræði til að bregðast við brotum, m.a. heimildir til að leggja á sektir.

### Ráðstefna um persónuvernd

Á ráðstefnu innanríkisráðuneytisins og Persónuverndar í samvinnu við Mannréttindastofnun og Lagadeild Háskóla Íslands, sem haldin verður föstudaginn 19. október, verður tekist á við ýmis krefjandi álitaefni um meðferð persónuupplýsinga, hættur sem steðja að friðhelgi einkalífs í nútímasamfélagi og ný úrræði til að takast á við þær. Þar flytja erindi innlendir og erlendir sérfræðingar og tekin verða fyrir nokkur sérsvið þar sem reynir mjög á persónuvernd. Þar á meðal eru margvísleg álitaefni sem Facebook-samskiptavefurinn vekur upp varðandi söfnun og meðferð persónuupplýsinga þeirra sem nota vefinn. Þá verður sjónum beint að meðferð persónuupplýsinga í heilbrigðiskerfinu og í rannsóknum lögreglu og hvernig þar vegast á réttindi einstaklinga og almannahagsmunir af vinnslu persónuupplýsinga.

Ráðstefnan hefst kl. 13.15. í Hátíðasal Háskóla Íslands og er öllum opin. Nánari upplýsingar má sjá á personuvernd.is, hi.is og innanrikisraduneyti.is.

# Já – við einstöku tækifæri

Sveitarstjórnarmál



Snorri Finnlaugsson
bæjarstjóri á Álftanesi

Á laugardag fá íbúar í Álftanesi og Garðabæ einstakt tækifæri til að segja með beinum hætti hug sinn varðandi framtíð samfélagsins með því að kjósa um sameiningu sveitarfélaganna. Þetta er tækifæri sem íbúar mega ekki láta fram hjá sér fara heldur mæta á kjörstað og segja já. Þetta er tækifæri sem ekki kemur aftur.

Ég hef undanfarin ár farið vel ofan í kosti þess og galla að sveitarfélögin verði eitt. Eftir því sem ég hef kynnt mér málið betur og skoðað fleiri fleti og ýmis álitamál sem sameiningu varðar, því sannfærðari er ég um að íbúar megi alls ekki láta þetta tækifæri fram hjá sér fara heldur krossa við já á kjörseðlinum.

Við megum alls ekki einblína á einn þátt öðrum fremur og taka afstöðu eingöngu út frá því. Líta þarf á málið í víðara samhengi. Kostir og gallar eru vissulega til staðar við svo mikla breytingu sem sameining sveitarfélaga er. Í mínum huga eru kostirnir mun fleiri og mikilvægari. Því segi ég já og skora á aðra að gera slíkt hið sama.

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ

## SUMARHÚS Í DANMÖRKU



**Dönsk sumarhús hafa mikið aðdráttarafl meðal Norðmanna um þessar mundir, enda er verðið á þeim 30% lægra en það var í uppsveiflunni. Það er mun ódýrara fyrir Norðmenn að kaupa hús við strönd Danmerkur en í eigin landi. Ódýrari bjór og smurða brauðið heilla sömuleiðis.**


**Vandaðir þýskir herraskór úr leðri í úrvali**



**Til dæmis:** Teg: 305302/241 - Litur: svart - Stærðir: 40 - 47
**Verð: 15.885.-**

Misty skor
Laugavegi 178

Vertu vinur

Sími 551 2070
Opið mán.-fös. 10-18.
Laugardag 10-14.

Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.mistyskor.is



**SPENNANDI HAUSTTILBOÐ!**

á völdum undirfatalínum frá
**Charnos** og **Lejaby**

Bh: verð frá 4.900-5.900 kr.
Buxur: verð frá 2.000-3.780.kr.



Selena

**Bláu húsin v/Faxafen**

Sími 553 7355 • www.selena.is






# HREINDÝRABORGARI SEM SLÆR Í GEGN

**TEXASBORGARAR KYNNA** *Vinsældir Texasborgara hafa verið miklar frá opnun. Staðurinn býður upp á fjölbreytt úrval ljúffengra hamborgara.*

Hreindýraborgararnir á Texasborgurum við Grandagarð hafa heldur betur slegið í gegn eftir að farið var að bjóða upp á þá í haust. Ilmurinn af grillinu finnst langar leiðir og laðar svanga að. „Mér fannst rakið að bjóða upp á rétt úr hreinni íslenskri villibráð þegar haustaði," segir Magnús Ingi Magnússon veitingamaður. „Þegar við prófuðum að gera hamborgara úr hreindýrakjöti frá Snæfelli fyrir austan vissum við að það var málið, enda er þetta 100% gæðahakk. Fólk hefur flykkst að til að smakka og fastakúnnarnir eru hæstánægðir."

Borgararnir eru grillaðir á funheitu grillinu og bornir fram í hamborgarabrauði með kryddsósu, týtuberjarjómaosti, jöklasalati, rauðlauk, tómötum og djúpsteiktum lauk. Franskar kartöflur fylgja að sjálfsögðu með. Þetta er ekta íslensk villibráð í girnilegum búningi og kostar ekki nema 1.490 kr.

Hreindýraborgarinn verður á boðstólum fram að jólum og er annar af tveimur jólaborgurum Texasborgara í ár en hinn er í þróun. „Við gefum ekkert upp um það strax hvernig aðaljólaborgarinn okkar verður nema að hann verður einstaklega jólalegur og í anda þeirrar bandarísku hefðar sem staðurinn byggir á," segir Magnús Ingi.

Vinsældir Texasborgara hafa sívaxið frá opnun staðarins í vor. „Það er brjálað að gera, en þannig á það líka að vera," segir Magnús Ingi. Hamborgararnir eru heimagerðir og stórir, 140 grömm úr 100% gæðahráefni án allra aukaefna. Á matseðlinum er að finna ýmsar útgáfur af klassískum nautaborgurum en líka ostafyllta borgara með camembert, gráðosti eða cheddar, lambaborgara, laxaborgara og grænmetisborgara, að ógleymdum lúxusborgara með beikoni og bernaise. Hægt er að velja um að borða á staðnum eða panta og taka matinn með sér heim.

**GOTT ÚRVAL** Nánari upplýsingar um matseðilinn og tilboð er að finna á www.texasborgarar.is og á Facebook. MYND/STEFÁN



**LJÚFFENGUR** Hreindýraborgarinn er borinn fram með kryddsósu, týtuberjarjómaosti, jöklasalati, rauðlauk, tómötum og djúpsteiktum lauk auk franskra kartafla. MYND/STEFÁN


**BOMBU DAGAR**

÷15% ÷20% ÷25% ÷30% ÷50%

**AFSLÁTTUR AF ÖLLUM HNÍFAPÖRUM, RCR GLÖSUM MATAR- & KAFFISTELLUM MÖRG ÖNNUR TILBOÐ**

Tékk KRISTALL www.tk.is

Laugavegi 178 - Sími: 568 9955



White-Westinghouse - *amerísk gæða heimilistæki*

Þvottavél 12 kg Þurrkari



Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.

<Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn
Afkastamikill þurrkari >



Amerísk gæðavara

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS



KitchenAid

**KJÖLFESTA Á HEIMILUM ÍSLENDINGA Í ÁRATUGI**



**Uppskrift að heilsurétti?**

10.000 kr. af hverri seldri bleikri KitchenAid hrærivél renna til Krabbameinsfélagsins.

Vörulisti er á vefnum www.ef.is

**Einar Farestveit & Co.hf.**
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is




# Yfirburðir Fréttablaðsins staðfestir!

Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á samkeppnisaðila sinn eins og síðasta könnun Capacent Gallup sýnir ótvírætt.




Auglýsing í Fréttablaðinu nær til yfir **92%** lesenda blaðanna




**Allt sem þú þarft...**

Prentmiðlakönnun Capacent Gallup.
18-49 ára á höfuðborgarsvæðinu. Meðallestur á tölublað, júl.-sep 2012.

# FRÆGIR OG FLOTTIR JÓLAMARKAÐIR

**MATUR, GLÖGG OG JÓLASKRAUT** *Jólamarkaðir í Evrópu laða að sér fjölda ferðamanna ár hvert. Í Þýskalandi eiga þeir sér langa hefð og sögu og eru ákaflega vel sóttir. Vinsælustu jólamarkaðirnir eru í Þýskalandi en Austurríki kemur næst.*

Þjóðverjar eru frægir fyrir jólamarkaði sína sem eru í flestum borgum landsins frá því í lok nóvember til jóla. Frægustu markaðirnir eru í Dortmund, Erfurt, Nürnberg, Dresden, Stuttgart og Augsburg. Jólamarkaðir í Nürnberg og Dresden draga að sér um tvær milljónir ferðamanna ár hvert. Markaðurinn í Stuttgart fær enn fleiri ferðamenn eða um þrjár milljónir en sá í Dortmund er líklegast vinsælastur þar sem hann dregur meira en þrjár og hálfa milljón ferðamanna til sín. Í borginni er afar stórt og fallegt jólatré sem vekur jafnan mikla athygli. Jólamarkaðurinn í Nürnberg hefur verið starfræktur í 400 ár en um 200 sölubásar standa í röðum í gamla bænum sem er skreyttur með ljósum, trjám og jóladóti. Þar er einnig uppsett jólaland fyrir börnin með fallegri gufulest og hringekjum.

**ENGU MÁ BREYTA**

Jólamarkaðir eru hefðbundnir ár eftir ár og litlu má breyta. Til að mynda má ekki selja fjöldaframleitt dót heldur er lögð áhersla á handverk, sérstaklega úr tré. Þar má sjá piparkökuhús, þakin snjó og jólaljósum, en þau eru sölubásar fyrir alls kyns jóladót, leikföng, kerti eða mat og drykk. Lifandi tónlist er partur af stemningunni og dansað er á götum á þjóðlegan hátt. Gestir fá sér jólaglögg, pylsur og ristaðar hnetur sem eru hluti af stemningunni.

Í Berlín eru fjölmargir jólamarkaðir sem sömuleiðis eru afar vinsælir. Jólamarkaðurinn í Charlottenburg-kastala hefur verið ákaflega vinsæll síðan hann var opnaður árið 2007. Þar er hægt að fá fallega listmuni til jólagjafa í glæsilega skreyttu umhverfi. Markaðurinn stendur yfir í 35 daga og eru fjölmargir listamenn sem þangað koma til að selja vörur sínar. Í kastalanum er hægt að borða veislumat og fá sér jólaglögg.

**VINSÆLIR MARKAÐIR**

Þótt jólamarkaðir í Þýskalandi eigi sér langa hefð og sögu eru fleiri lönd sem einnig laða að ferðamenn fyrir jólin. Í Tívolíinu í Kaupmannahöfn er jafnan afar skemmtilegur jólamarkaður. Svíar setja einnig upp jólamarkað og Austurríkismenn sömuleiðis. Hér á landi hefur skapast jólamarkaðsstemning í jólaþorpinu í Hafnarfirði.

Vefsíðan Travel Intelligence sem fjallar um lúxus-ferðalög hefur valið tíu bestu jólamarkaðina til að heimsækja. Þeir eru í eftirtöldum borgum:

**1)** Köln, Þýskaland
**2)** Vín, Austurríki
**3)** Nürnberg, Þýskaland
**4)** Dresden, Þýskaland
**5)** Brussel, Belgía
**6)** München, Þýskaland
**7)** Prag, Tékkland
**8)** Tallinn, Eistland
**9)** Berlín, Þýskaland
**10)** Kaupmannahöfn, Danmörk

Dagblaðið The Telegraph hefur sömuleiðis bent fólki á áhugaverða jólamarkaði. Þeir eru í eftirtöldum borgum:

**1)** Nürnberg, Þýskaland
**2)** Dresden, Þýskaland
**3)** Vín, Austurríki
**4)** Innsbruch, Austurríki
**5)** Prag, Tékkland
**6)** Kaupmannahöfn, Danmörk
**7)** Brugge, Belgía
**8)** Lille, Frakkland
**9)** Strassborg, Frakkland
**10)** Tallinn, Eistland



**FLOTT** Markaður í Berlín sem er afar áhugaverður.



**JÓLASTEMNING** Mikill mannfjöldi er venjulega samankominn á jólamörkuðum í Þýskalandi á aðventunni.



**GOTT Í KROPPINN** Á jólamörkuðum er lögð áhersla á heita drykki, ristaðar hnetur, poppkorn og fleira gott nasl.

# ÍSLAND ÁFANGASTAÐUR ÁRSINS

*Breskum ferðamönnum mun væntanlega fjölga á næstu árum eftir að lesendur tveggja breskra blaða völdu landið besta áfangastaðinn í Evrópu árið 2012.*

Lesendur bresku blaðanna The Observer og The Guardian hafa valið Ísland besta áfangastaðinn í Evrópu árið 2012. Keppninber heitið Travel Awards en lesendur blaðanna kjósa árlega í könnun milli ýmissa landa, borga og fyrirtækja í ferðaþjónustu. Í umfjöllun um verðlaunin segir meðal annars að Ísland hafi fengið mikla kynningu í kjölfar gossins í Eyjafjallajökli árið 2010. Þar hafi áhrifamiklar myndir af landinu í mótun hjálpað til við að laða gesti til landsins. Verðlaunin hafa mikla þýðingu fyrir ferðaþjónustu hérlendis og þjóðarbúið enda fær keppnin mikla athygli og umfjöllun í breskum fjölmiðlum.

Næstflestir ferðamenn hérlendis koma frá Bretlandi en bandarískir ferðamenn eru fjölmennastir. Verðlaunin ættu því að vera fyrirboði um enn meiri fjölgun ferðamanna frá Bretlandseyjum á næstu árum. Bretar eru þar að auki sú þjóð sem heimsækir okkur mest yfir allt árið en ekki bara yfir sumarmánuðina þrjá. Af öðrum verðlaunum þetta árið má nefna að lesendur kusu Edinborg í þrettánda skiptið bestu bresku borgina heim að sækja á meðan London var í 19. sæti. Tókýó var valin besta borgin utan Bretlandseyja, þriðja árið í röð, og San Francisco og Sevilla vermdu annað og þriðja sætið.



**VINSÆLL VIÐKOMUSTAÐUR** Hallgrímskirkja er vinsæll ferðamannastaður meðal þeirra fjölmörgu erlendu ferðamanna sem heimsækja landið ár hvert.
MYND/GVA

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega. | Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir** | Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is,** s. 512 5473 | **Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is,** s. 512 5432 | **Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is,** s. 512-5427









# VEIÐIMENNSKAN HEILLAR

**VILLIBRÁÐ Á JÓLUNUM** *Jón Guðmundsson hefur stundað skotveiði í átján ár, þar af hreindýraveiðar í tíu ár. Hann eldar hreindýr á aðfangadag og rjúpu á jóladag. Jólamaturinn er því að mestu undir veiðinni kominn.*

Í byrjun september fór Jón í sína tíundu hreindýraveiðiferð austur á land og skaut þar 117 kílóa tarf. „Ég veiddi hann á svæði tvö, sem er Fljótsdalsheiði, en ég hef oftast veitt á því svæði og þekki það hvað best. Ég hef verið heppinn að ná alltaf dýri á fyrsta degi og þakka því bæði góðu veðri, þekkingu á svæðinu og fleiru. Sérstaklega þó vini mínum og leiðsögumanni, Reimari Ásgeirssyni,“ segir Jón ánægður með veiðina.

Skotveiðimenn geta ekki farið á hreindýraveiðar nema að standast ýmsar kröfur og próf fyrst. „Í fyrsta lagi þá kostar skotleyfi fyrir hreindýr yfir hundrað þúsund krónur, síðan þarf að verða sér úti um hreindýraleiðsögumann en það er ekki leyfilegt að skjóta hreindýr án þeirra. Veiðimaðurinn þarf svo að vera með skotvopnaleyfi með B-réttindum sem er fyrir riffla með stærri hlaupvídd.

Hann þarf líka að standast skotpróf þar sem þarf að hitta fimm skot á hundrað metra færi í 14 sentímetra hring. Ekkert skotanna má vera utan hringsins. Þessar kröfur eru gerðar til að koma í veg fyrir að dýr séu særð og nái að hlaupa í burtu. Fyrirhöfnin við að fara á svona veiðar er því töluverð, bæði hvað kostnað og tíma varðar. En það er vel þess virði.“

Hvað er svona heillandi við veiðiskapinn?

„Það er útiveran, félagsskapurinn, og ómetanlega gott kjöt. Svo er auðvitað veiðimannseðli í manni. Það er alltaf mjög góð tilfinning sem fylgir því að koma heim með góða veiði sem síðan er færð á borð. Á okkar heimili er villibráð það besta sem við borðum. Bæði afi minn, konan hans og afasystir, sem er orðin 100 ára, eru hjá okkur hver jól og segjast ekki fá betra kjöt en hreindýrasteik.“

vidir@365.is



**117 KÍLÓA TARFUR** Hér er Jón á Fljótsdalsheiðinni með tarfinn sem hann skaut í byrjun september. Þá er eftir að koma honum til byggða og verka kjötið og skinnið.

# HNUPLAÐ FRÁ JAMIE OLIVER

*Í hverjum mánuði stela gestir Jamies Oliver 30 þúsund sérmerktum tauservíettum. Á milli rétta skrúfa þeir einnig handföng af klósettum kokksins.*

Sjónvarpskokkurinn Jamie Oliver rekur veitingahúsakeðjuna Jamie's Italian víðs vegar um heiminn. Andrúmsloftið er afslappað og umgjörðin sveitaleg með sérmerktum tauservíettum á ódúkuðum viðarborðum.

Í vefritinu Mail Online kemur fram að gestir Olivers taki allt að 30 þúsund tauservíettur ófrjálsri hendi í hverjum mánuði. Stelsýki þeirra einskorðast þó ekki við matarborðið.

„Á salernum okkar eru gamaldags, rándýr Thomas Crapper-klósett. Á þeim hef ég þurft að láta logsjóða handföng og dæluhnappa því annars eru þau skrúfuð af og þeim stolið. Þvílík geggjun! Fólk kemur í ítalskan mat og fer heim með hálft klósett,“ segir Jamie, súr í bragði.

Jamie's Italian er rómaður fyrir sanngjarnt verð. Vilji viðskiptavinir endurskapa útlit staðanna heima geta þeir keypt pakka með fjórum sérmerktum munnþurrkum fyrir átta evrur. Sami pakki, stolinn, fæst á eBay fyrir 7,49 evrur.

Á dögunum var Jamie gestakokkur í ástralskri útgáfu Masterchef-þáttanna. Þar játaði keppandi að hafa stolið munnþurrku frá Jamie's Italian í Skotlandi og var svo ófyrirleitinn að fá Jamie til að árita hana.

Aðrir vafasamir gestir Jamies hreykja sér af þjófnaðinum á Twitter og birta myndir af ránsfengnum.

Talsmaður Jamies Oliver segir kokkinn ýkja dálítið um magn stolinna servíetta en að margir líti á þær sem eigulegan minjagrip og lítið sé hægt að gera þótt fólk selji þær á eBay.



**JAMIE OLIVER** Sjónvarpskokkurinn geðþekki er ekki par hress með mannasiði gesta sinna á Jamie's Italian-matstöðunum.

## BÍLAR & FARATÆKI

100 bílar.is bílasala



JAGUAR XKR Coupe . Árg 4/2008, ek 10 Þ.KM, 420hö, Sá flottasti, Ein með öllu, Fluttur inn nýr, Ásett verð 14.900.000. Rnr.114909. Er á staðnum,




Skráið bílinn frítt hjá okkur!!, Okkur vantar allar gerðir bíla á skrá og á staðinn, Komdu til okkar eða sendu okkur skráningar á 100bilar@100bilar.is eða í síma 5179999, 100bílar.is,

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardögum 12-16.**
**www.100bilar.is**

VAKA



Vinnuvéla- Lyftara- og Bifreiðaflutningar á verði fyrir þig.

**Vaka**
**Skútuvogi 8, 104 Reykjavík**
**Sími: 567 6700**
**24 tíma þjónusta**
**http://www.vakahf.is**

BÍLA KAUP
S:577.1111
bilakaup.com



PALLUR á pallbíla fyrir fjórhjól eða sleða. tilboð óskast Rnr.205767.

**Bílakaup**
**Korputorgi, 112 Reykjavík**
**Sími: 577 1111**
**http://www.bilakaup.com**

STÓRA BÍLASALAN



Range Rover Sport Dísel Árgerð 2006, ekinn 102þ.km. Umboðsbíll. Mjög gott eintak sem er á staðnum. Verð 4.990.000kr. Raðnúmer 153555. Sjá nánar á www.stora.is

**Stóra bílasalan**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**Myndeftirlit á plani**
**http://www.stora.is**

KRÓKUR



**KRÓKUR**
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

**Krókur**
**Sími: 522 4600**
**http://www.krokur.net**

Bílalíf



**TILBOÐ 4.190.000.-**
M.BENZ ML 500.Árgerð 2006,ekinn 92.þ km,sjálfskiptur,með topplúgu leðri ofl,er á staðnum.Verð áður 5.690.000.- Tilboð 4.190.000.- Rnr.102596. Sími:562-1717.



**TILBOÐ 4.290.000.-**
NISSAN PATROL GR 35".Árgerð 2007,ekinn 93.þ km,dísel, sjálfskiptur,topplúga og leður,er á staðnum.Verð áður 5.280.000.- Tilboð 4.290.000.- Rnr.102638.

**Bílalíf**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið virka daga 10-18 og lau 12-16.**
**www.bilalif.is**

bilfang.is
S. 567 2000



**Hrikalega Flottur !**
Dodge Magnum RT 5.7 HEMI 03/2005 ek 104 þ.km Nysprautaður hvítur, Leður, lúga ofl Verð aðeins 2490 !!!! Er á staðnum skoðar skipti

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**www.bilfang.is**

bilauppbod.is

**Þarftu að kaupa eða selja bíl?**
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

TOYOTA
Notaðir bílar Kletthálsi
Sími: 570 5220
www.toyotaklettharlsi.is




TOYOTA Yaris sol. Árgerð 2009, ekinn 12 Þ.KM, bensín, 6 gírar.bakkskynjari. Verð 2.090.000. Tilboð 1.950.000 Rnr.201716. Toyota Kletthálsi simi 570-5220.

**Notaðir bílar Kletthálsi**
**Kléttháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 570 5220**
**Opið virka daga 9-18, lau 12-16.**
**www.toyotaklettharlsi.is**






**Opið mánud til fös 10 til 18**
**laugard frá 12 til 15**
**lokað á sunnud**

567 2277 NÝJA www.nyja.is
**BÍLAHÖLLIN**
BÍLAKJARNINN VIÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK

**Nú getur þú fjármagnað allt að 10 ára gamla bíla hjá ERGO**



VOLVO S60 3d disel . Árgerð 2011, ekinn 23 Þ.KM, dísel, 6 gírar. **Verð 5.100.** ATH SKIPTI Rnr.112923.



SSANGYONG Rexton ii 2700 disel . Árgerð 07, ekinn 89 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. **Verð 3.290.Þ** Rnr.112860.



AUDI A6 new. Árgerð 05, ekinn 115 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **Verð 2.990.Þ.** ATH SKIPTI Rnr.310295.



PEUGEOT 308 1600. Árgerð 2008, ekinn 56 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **Verð 2.290.Þ.** EINN EIGANDI Rnr.218530.



SUBARU Impreza sti. Árgerð 2007, ekinn 114 Þ.KM, bensín, 6 gírar. **ÁSETT VERÐ 3.390Þ** **TILBOÐSVERÐ 2.790.Þ** Rnr.218469.



FORD Explorer xlt 4x4. Árgerð 2006, ekinn 104 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **Verð 2.890.Þ.** ATH SKIPTI Rnr.310653.



M.BENZ ML l350. Árgerð 04, ekinn 97 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **Verð 3.490.Þ.** Rnr.218140.



TOYOTA Corolla luna. Árgerð 06, ekinn 111 Þ.KM, bensín, 5 gírar. **Verð 1.390.Þ** Rnr.218400.



TOYOTA Land cruiser 120 vx 8 m. Árgerð 04, ekinn 175 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. **Verð 3.890Þ.** Rnr.310716.



YAMAHA Xvs 1100. Árgerð 2003, ekinn 18 Þ.KM, bensín, 5 gírar. **ÁSETT VERÐ 890.Þ** **TILBOÐSVERÐ 650.Þ.** Rnr.112609.



VOLVO S40 2,4 140hö. Árgerð 2007, ekinn 92 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **Verð 1.990.þ** ath skipti Rnr.310744.



HONDA Cr-v exe. Árgerð 2005, ekinn 116 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **Verð 1.990.þ** ath skipti Rnr.310487.



VOLVO Xc90 awd. Árgerð 2007, ekinn 87 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **Verð 4.490.þ** Rnr.271963.



TOYOTA Yaris sol disel. Árgerð 2008, ekinn 94 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. **Verð 1.850.þ** Rnr.112868.



M.BENZ Ml 350 4matic. Árgerð 2008, ekinn 64 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur.Umboðs 1 eigandi hlaðin af búnaði. **Verð 6.490.þ** ATH SKIPTI. Rnr.310743.


## Afsláttur af lántökugjöldum

Áfram bjóðum við græn bílalán án lántökugjalda. Í október er **50% afsláttur** af lántökugjöldum á bílalánum og bílasamningum.

**Reiknaðu með okkur á ergo.is**

ergo

Suðurlandsbraut 14 > sími 440 4400 > www.ergo.is > ergo@ergo.is




Ódýr sendibílaþjónusta. Heimsendingar og fyrirtækjaþjónusta. www.keyrsla.is S:820-3880

## Hjólbarðar

VAKA



Ný og notuð dekk í miklu úrval 13", 14", 15" 16", 17", 18", 19" og 20". VAKA S: 567 6700.

## Varahlutir

Bílapartasalan
Bílhlutir
Kaplahrauni 14 • 220 Hafnarfjörður
Sími: 555 4940 • www.bilhlutir.is
Sérhæfum okkur í VW - SKODA varahlutum
Kaupum nýlega bíla til niðurrifs

**Varahlutavaktin**
**Sími 555 6666**
Erum með varahluti fyrir Benz, VW, Skoda, MMC, Hyundai, Peugeot, Renult, Fiat, Suzuki, Dodge, Ford, Land Rover og fl. Kaupum bíla niðurrifs og uppgerðar. Ísetningar á varahlutum. Eldshöfða 6, 110 RVK. Opið 09-18 og lau. 12-16.

**Japanskar vélar**
**Bílapartasala**
Eigum úrval varahluta í Japanska og Kóranska bíla og fleiri teg. Kaupum bíla. Opið 8-18 virka daga. S. 565 3400 & 893 2284. www.japanskarvelar.is / www.carparts.is japvel@carparts.is

Varahlutir, dekk og felgur á ýmsa bíla. Dráttarbeisli í Primera ,98, Elantra ,98, Almera ,98 Legacy ,98, carisma'98. Lanser station ,97 S. 896 8568.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. ,03, Honda Civic og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

**Smápartar.is**
Eigum mikið úrval af varahlutum í Subaru árg. ,97 til ,02, Skoda Octavia árg. ,00 til ,07. Honda CR-V árg. ,05.W Polo ,07 Passat ,01. Suzuki Baleno árg. ,00. Smápartar.is Sími 5675040-7785040.

**VW - Skoda - Varahlutir**
Eigum varahluti í VW, Skoda og Audi og Pajero frá ,02 Kaupum bíla til niðurrifs og uppgerðar. Bílabúið, Kaplahrauni 11 220 hfj. S. 534 1045.

Partasalan SU-MI Smiðjuvegi 11. Hyundai Sonata ,97, Accent ,01, Impreza ,99 og felicia ,99, Peugeot 306 ,99, 206 og 406 ST. Almera ,97-'99, Primera ,98, Terrano ,98, Ford 250 ,99, Megane 01. Vectra ,98, Astra ,97, Corsa ,98, Baleno ,98. Kia Rio ,02. Benz 230E ,97. Volvo 460 ,93, Ford Mondeo ár ,00. Transporter ,99, Audi A4 ,94, golf 95-98. Kaupi bíla til niðurrifs. sími 661 5270.

## Viðgerðir

**AB Bremsur og viðgerðir**
Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Uppl. s. 555 6020.

**AB - PÚST**
Almennar pústviðgerðir og sérsmíði. Fljót og góð þjónusta. Skemmuvegur 26, Bleik gata. S 555 6020.

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**Pípulagnir**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 663 5315

**Faglærðir Píparar**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

## Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta
Þvegillinn
5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**A-Ö Þrif&Hreinlæti**
**S. 662 0662**
Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

Flutningsþrif, Gólfbónun,Teppahreinsun og Gluggaþvottur. Gerum verðtilboð. www.hreingerningar.is S. 772 1450

## Garðyrkja

HreinirGarðar
Traust og örugg garðþjónusta
Trjáklippingar og trjáfellingar
www.hreinirgardar.is
S.571-2000

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**Málarameistari**
Tek að mér alla almenna málningarvinnu f. húsfélög, einstaklinga og fyrirtæki. Fagmennska og sanngjarnt verð. Egill s. 868 5171.

**Málningarþjónusta Reykjavíkur**
20% afsláttur fyrir eldriborgara og öryrkja. Alhliða málningarþjónusta. S. 778 0100.

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

VIÐHALD
fasteignaviðgerðir
Allt viðhald ehf. annast viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.
Við önnumst m.a.:
• múrviðgerðir • þakviðgerðir • málningarvinnu • trésmíðavinnu • pípulagnir • raflagnir • flísalagnir.
Hringdu og við gerum þér tilboð, þér að kostnaðarlausu. • Sími 567 6699. Sendu okkur email og við gerum þér tilboð. • kristjan@vidhald.is

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði, nýsmíði á gluggum og ísetningu. Föst tilboð eða tímavinna. S. 616 1569.

**Viðhald fasteigna.**
Getum bætt við okkur verkefnum. Allskyns viðhald en sérhæfum okkur í gluggaskiptum. Upplýsingar í síma: 869 4479.

**Viðhald - gluggar - hurðir - veggir -gólf. Gerum tilboð. Smíðalausnir. S. 899 3011.**

## Nudd

NUDD NUDD NUDD Slökunarnudd 101 RVK. S. 866 5039. Irena Kontulová.

## Spádómar

KÆRLEIKS-LJÓSIÐ
Spámiðill Tarot lestur og kristalkúla
566 7311
Tímapantanir í síma 869 4650

Spái í spil, ræð drauma, ekkert mínutu gjald. Tímapant. s. 891 8727 Stella.

**Spásíminn 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Skemmtanir



**Sveitasetrin**
**Kjós og Grímsá**
Hópefli, hvataferðir, fundir ,veislur. Hentugt fyrir stóra sem smáa hópa með og án þjónustu. Nánari Uppl. Júlíus s 892-9263. www.hreggnasi.is

## Rafvirkjun

Raflagnir
Dyrasímar
Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.
Fljót og góð þjónusta
Sími 893 1733
Jón Jónsson
Löggiltur rafverktaki
www.raflagnir.is

**RAFVIRKJUN S. 896 6025**
Tilboð raflagnir, töfluskipti og dyrasímakerfi. Rafneisti ehf. Lögg. rafverktaki.

## Önnur þjónusta



**Capri Collection/ Green-house**
Nýjar vörur eru komnar og einnig skór. Opið í dag miðvikudag 13-17. Laugardaga 11-14. Verið velkomin, frír bæklingur. Capri Collection Þverholt 18,105 Reykjavík S.777 2281

# KEYPT & SELT

## Til sölu



**Mohawk 2 pósta bílalyfta**
Mohawk 9000 punda, amerísk glussa- bílalyfta, í góðu ástandi. Er með skoðunarvottorð frá Öryggiseftirliti til 2014 Kostar ný 1.200.000 kr + vsk. fæst á 395.000 kr. + vsk Upplýsingar á verkstjori@benni.is eða í síma 590-2000, Ingi.




**Hrekkjavakan nálgast ertu kár?**
Búningar, fylgihlutir og skraut í úrvali. Mættu á svæðið eða skoðaðu úrvalið í vefverslun okkar www.hokuspokus. is sendum um allt land. Hókus Pókus Laugavegi 69 s-551 7955.



**Lok á heita potta og hitaveituskeljar.**
Eigum til á lager lok í stærðum, 217x217, 217x235, 235x235, 217x174, 8 hyrndlok á Unaðskel og Blómaskel frá Trefjum. Lokin þola 1000 kg jafnarðarþunga af snjó. Sterkustu lokin á markaðinum í dag. Litir: Brúnt eða Grátt. www. Heitirpottar.is Sími 777 2000



Til sölu Peningaskápur Rosengrens. Upplýsingar í síma 860 4460.

FRYSTIKLEFAR
frystiklefar
kæliklefar
hillur
kerfi
íshúsið

Lausfrystar, kæli- og frystiklefar. Hægt er að fá klefana með eða án vélakerfis. Íshúsið ehf, www.ishusid.is ,S:566 6000

VIFTUR
Landsins mesta úrval
íshúsið

Landins mesta úrval af viftum og blásurum. Tilboðsverð. Íshúsið ehf, www.ishusid.is S:566 6000

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

**VÖRUBRETTI TIL SÖLU**
Allar nánari upplýsingar hjá orn. solvason@rfl.is Rúmfatalagerinn.

**ÓDÝR HEIMILISTÆKI**
Þvottavélar, ísskápar, frystiskápur, þurrkara, uppþvottavélar. S. 896 8568.

Er með ódýrar notaðar þvottavélar til sölu. Ábyrgð. Skútuvogi 13, 104 Rvk. S: 777 6729.

**Búslóð**
Rúmlega 2 ára nýleg þvottvél, borð+stólar, tölva, ofl. S. 868-6253.




**Sérverslun með náttúruvænar og andlegar vörur.**
Úrval af saltkristalslömpum, lífrænum snyrti- og húðvörum, blómadropum, himalaya baðsalti, reykelsum, ilmkertum, slökunargeisladiskum, englaspilum, o.fl. Ditto, Smiðjuvegi 4 (græn gata), 200 Kópavogi. Opið mán-fös 12-17. www.ditto.is

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL**
**og aðra eðalmálma gegn framvísun persónuskilríkja. Sigga & Timo Linnetsstíg 2, 220 Hafnarfjörður S. 565 4854 www.siggaogtimo.is**

**Carat - Haukur gullsmiður Smáralind - Kaupum gull og silfur**
**Staðgreiðum gull og silfur í verslun okkar. Upplýsingar í s. 577 7740**

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð. Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61. Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

**Staðgreiðum gull, demanta og úr.**
**Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is Upplýsingar í síma 661 7000.**

## Til bygginga



**Harðviður til húsabygginga. Sjá nánar á www.vidur.is**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## Verslun



**Beauty in Black Holtsbúð 61 Garðabæ.**
Glæsilegar nýjar og vandaðar vörur. Mikið úrval af þunnu flottu peysunum nú 12 litir og 3 týpur. Opið 13-18 þrið-föstud Velkomin í Beauty in Black. sími 695-6679.

# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ ismennt.is

## Nudd

**NUDD OG HEILSA**
FÓTAAÐGERÐIR + SOGÆÐANUDD upp fyrir hné. Vönduð vinna, líkþorn fjarlægð, sveppagreining og hreinsun. Opið frá 12-18 alla virka daga nema sun. S. 823 8280. www.nuddogheilsa.is

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2011, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

# HEIMILIÐ

## Dýrahald




Hunda-Spa hundasnyrtistofa býður upp á snyrtingar fyrir allar tegundir af hundum. Tímapantanir í síma 778-3535 eða Hundaspa@gmail.com www.hundaspa.is

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Til leigu 34 fm ris íbúð í 108 með interneti, bað, þvottavél og eldhús í sameign laus 1.nóvember S. 662-6097.

Herbergi í 101 til leigu. Nálægt HÍ. Sími 773 3182.

Til leigu 4-5 herbergja / 125 m2. Penthouse íbúð á svæði 110. 3 mánuðir fyrirfram. 180.000,- á mánuði með hita, rafmagni og hússjóð. Eingöngu upplýsingar í tölvupósti: agv@centrum.is

Til leigu herbergi í Álftamýri, einning Grettisgötu, reglusemi. Uppl. S.865 9637.

Tvö fullbúin herbergi til leigu fram að áramótum í 101 Reykjavík, nálægt Háskóla Íslands. Tvö eldhús og allur aðbúnaður til staðar. Upplýsingar í síma: 897 1016.

## Húsnæði óskast

Par óskar eftir íbúð í miðbæ Rvk frá 1. nóv. Best meðmæli. S: 615 8425, e-mail: theicelandist@gmail.com

Stúdíó íbúð óskast 35-40fm. Verður að vera samþykkt. S. 615-6160.

## Atvinnuhúsnæði

**51,6 m2 iðnaðarbil**
Nokkur bil af þessari fágætu og eftirsóttu stærð til sölu eða leigu. Lofthæð: 3,9 m. Hurð 3,6 m. Facebook/Steinhella 14. S: 660-1060 og 661-6800

**Skammtímaleiga/Miðbær**
70 fm verslunarhúsnæði á götuhæð til skammtímaleigu á Skólavörðustíg 22a. Í 2-6 má, frá 1. nóv. Uppl. í s. 691 1963.

## Geymsluhúsnæði

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**Geymslur.com**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

Fellihýsa og tjaldvagnageymsla á Smiðjuvegi í Kópavogi getur bætt við sig nokkrum vögnum. Mjög gott húsnæði upphitað Uppl. Jóhannes 897-2000.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500.

## Bílskúr

25 fm. bílskúr með hita, á Háaleitisbraut til leigu. 25þús. á mán. án vatns. - sillah_6@hotmail.com uppl í s. 849 8411.

## Gisting

**ÍBÚÐ Í KÖBEN.is**
12 GLÆSILEGAR ÍBÚÐIR Á BESTA STAÐ Í KÖBEN TIL LEIGU ALLT ÁRIÐ UM KRING
STAÐSETNING FLENSBORGGADE 39
Verð frá 1050 dkr/nóttin f. 3ja herb.íb. Nánari uppl. í síma 891 8612 | +45 2711038
apartments.cph@gmail.com
www.ibudikoben.is
stracta

## Tilkynningar

Skipulags stofnun

### Efnistaka í landi Hvamms Sveitarfélaginu Ölfusi

**Mat á umhverfisáhrifum - Álit Skipulagsstofnunar**

Skipulagsstofnun hefur gefið álit sitt um mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000 m.s.b. Álitið í heild liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Álit Skipulagsstofnunar og matsskýrslu Bölta ehf. er einnig að finna á heimasíðu stofnunarinnar: **www.skipulagsstofnun.is**.

*Skipulagsstofnun*

Skipulags stofnun

### Mat á umhverfisáhrifum

**Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmdar**

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtalin framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum. nr. 106/2000 m.s.br.

**Breyting á hafnarsvæði í Vestmannaeyjum, Vestmannaeyjabæ**

Ákvörðunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Hana er einnig að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar: **www.skipulagsstofnun.is**.

Ákvörðun Skipulagsstofnunar má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis– og auðlindamála og er kærufrestur til **19. nóvember 2012.**

Skipulagsstofnun



### Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Akureyrar 2005-2018

### Breyting á þéttbýlismörkum

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar auglýsir hér með skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Akureyrar 2005 – 2018.

Breytingin felur í sér að þéttbýlismörk ofan byggðar á Akureyri, verða færð ofar þannig að meginhluti landnotkunnarreita verði innan þeirra. Skíðasvæðið í Hlíðarfjalli, hverfisverndarsvæði á Glerárdal og vatnsverndarsvæði verða utan þess.

Tillöguuppdráttur ásamt greinargerð mun liggja frammi í þjónustuanddyri Akureyrarkaupstaðar, Geislagötu 9, 1. hæð og hjá Skipulagsstofnun, frá 17. október til 28. nóvember 2012 svo að þeir sem þess óska geti kynnt sér tillöguna og gert við hana athugasemdir. Tillagan er einnig birt á heimasíðu Akureyrarkaupstaðar: www.akureyri.is/skipulagsdeild undir: Auglýstar tillögur.

Frestur til að gera athugasemdir við tillöguna rennur út kl. 16:00 miðvikudaginn 28. nóvember 2012 og skal athugasemdum skilað skriflega til skipulagsdeildar Akureyrarkaupstaðar, Geislagötu 9, 3. hæð eða með tölvupósti (skipulagsdeild@akureyri.is) þar sem nafn, kennitala og heimilisfang sendanda kemur fram. Hver sá sem ekki gerir athugasemdir við tillöguna innan þessa frests telst vera henni samþykkur.

*17. október 2012*
*Skipulagsstjóri Akureyrarkaupstaðar*

Akureyri ÖLL LÍFSINS GÆÐI

Akureyrarbær · Geislagata 9 · Sími 460 1000 · Bréfasími 460 1001

## ATVINNA

## Atvinna í boði

Pitstop óskar eftir að ráða starfsmenn í komandi vertíð. Möguleiki á framtíðarstarfi. Sendið umsóknir á siggi@pitstop.is

SUBWAY

**Þægileg vinna með skóla!**
**Subway N1 Hringbraut leitar að starfsfólki í kvöld og helgarvinnu.**

**Breytilegar vaktir í boði.**

**Leitum að jákvæðu og lífsglöðu fólki með mikla þjónustulund.**
**Umsóknareyðublöð á staðnum og inná subway.is**
**Nánari upplýsingar gefur Margrét í síma 696-7064**

SUBWAY

**NÆTURVINNA**
**Subway, N1 Hringbraut auglýsir eftir fólki á næturvaktir.**

**Vinuutími frá 23 til 08, unnið í eina viku og frí í eina viku.**

**Auglýsum einnig eftir fólki á næturvaktir um helgar, vinnutími frá 23 til 06.**

**Leitum að jákvæðu og lífsglöðu fólki með mikla þjónustulund.**

**Góð laun í boði.**
**Umsóknareyðublöð á staðnum og inná subway.is**
**Nánari upplýsingar gefur Margrét í síma 696-7064**

Bakarameistarinn

**Bílstjórar**
**Óska eftir bílstjórum í útkeyrslu fyrir Bakarameistarann. Þarf að vera röskur, reglusamur, stundvís og með hreint sakavottorð. Annað starfið starfið laust nú þegar og annað um áramót. Vinnutími frá kl. 05-13 ca. og aðra hverja helgi og frá kl. 05:30-13 ca.**
**Umsóknir sendist á ottar@bakarmeistarinn.is ásamt ferilskrá.**
**Einnig má finna umsóknir á bakarameistarinn.is**

Tryggingamiðlun Íslands óskar eftir fólki í kvöldstarf. Góð laun fyrir réttan aðila. Föst laun og bónusar. Áhugasamir sendi á erna@tmi.is

Fiskvinnsla í Hafnarfirði óskar eftir starfsfólki í snyrtingu og pökkun. Hafið samband í gegnum mail kambur@kambur.is

**Veitingarhúsið Hornið**
Óskar eftir að ráða þjón í fullt starf og einnig í hlutastörf. Sendið umsókn á hornid@hornid.is.

N1

**óskar eftir að ráða duglega og áreiðanlega starfsmenn til starfa á hjólbarðaverkstæði félagsins á höfuðborgarsvæðinu. Um tímabundið starf er að ræða í vetrartörninni.**
**Nánari upplýsingar veitir Dagur Benónýsson, rekstarstjóri í síma 440 1030.**

**Áhugasamir sæki um starfið á www.n1.is**

**Jómfrúin smurbrauðsveitingahús**
**óskar eftir að ráða starfskraft í smurbrauð/eldhús.**

**Viðkomandi þarf að geta hafið störf strax.**
**Allar nánari upplýsingar gefa Jakob eða Guðrún S. 551 0100 og Jakob gsm 898 4909.**

**Drive in / Wilsons express leitar af fólki í eftirfarandi stöður:**

**-Afgreiðslu í lúgu**

**-Pizzubakara**

**-Pizzusendla**

**-Símsvörun.**

**Um er að ræða fullt og hlutastarf.**
**Vinsamlegast sendið umsókn með ferilskrá og mynd á: atvinna@wilsons.is og takið fram hvaða starf og starfshlutfall er sótt um.**

VDO Borgardekk

Óskum eftir vönum manni á dekkjaverkstæði okkar. Aðeins stundvís og áreiðanlegur starfsmaður kemur til greina. Umsóknir óskast sendar á radning@vdo.is

Jói Fel

**FRAMTÍÐARSTÖRF**
**Óskum eftir að ráða fólk til afgreiðslustarfa. Tvískiptar vaktir. Íslenskukunnátta nauðsynleg.**
**Vinsamlega hafið samband Linda 863-7579 eða linda@joifel.is**

## Atvinna óskast

**Vantar þig Smiði, múrara eða járnabindingamenn?**
**Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.**
**Starfsmannaþjónustan S. 661 7000.**

Tek að mér skúringar/þrif. Er 29ára gömul. Uppl. í s: 869 9496.

## TILKYNNINGAR

## Einkamál

**Spjalldömur 908 5500**
Opið allan sólarhringinn.
Engin bið nema þegar talað er.

## Fasteignir



### Bæjarháls 1

**110 Reykjavík**

**Til leigu**

Glæsilegt ca. 2200 fermetra skrifstofuhúsnæði á fjórum hæðum. Um er að ræða austurhluta hússins sem er samtengt við alla bygginguna.

Í kjallara er mötuneyti og líkamsræktaraðstaða sem hægt er að samnýta með Orkuveitu Reykjavíkur. Auk þess eru til leigu allt að 300 fermetra skrifstofuhúsnæði til viðbótar í vesturhúsi.

Nánari upplýsingar veitir
**Þröstur Þórhallsson** löggiltur fasteignasali
**sími:** 893 1485 **netfang:** throstur@miklaborg.is

FASTEIGNASALAN MIKLABORG **569 7000** Síðumúli 13 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

## Atvinna

TE & KAFFI

### Okkur vantar liðsauka

Hjá Te & kaffi starfar fjöldinn allur af hressu og metnaðarfullu fólki og nú vantar að bæta í þann góða hóp. Við leitum að duglegum og áhugasömum einstaklingi til að takast á við spennandi verkefni í framleiðslueldhúsi fyrirtækisins.

Starfið felst í aðstoð í eldhúsi og útkeyrslu á matvælum. Unnið er á kokkavöktum. Viðkomandi þarf að vera röskur og sjálfstæður í vinnubrögðum. Einungis eldri en 20 ára koma til greina.

Um framtíðarstarf er að ræða og æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsóknir berist á atvinna@teogkaffi.is

## Atvinnuhúsnæði

**ATVINNUHÚS.IS**

**ALLAR TEGUNDIR ATVINNUHÚSNÆÐIS Á SÖLUSKRÁ**

**ATLI VAGNSSON**
hdl og löggiltur fasteignasali

Hverfisgata 4 • 101 Reykjavík
Sími: 698 4611 / 561 4433 • atli@atvinnuhus.is

# Kjördæmi og ofríki meirihlutans

Kjördæmi



Þóroddur Bjarnason
prófessor í félagsfræði við Háskólann á Akureyri og stjórnarformaður Byggðastofnunar

Ein helsta grunnstoð lýðræðisins er sú regla að meirihlutinn skuli ráða úrlausn sameiginlegra mála. Þessari mikilvægu réttlætiskröfu fylgir hins vegar veruleg hætta á annars konar óréttlæti sem nefnt hefur verið „ofríki meirihlutans“. Í því felst að meirihluti kjósenda geti í krafti atkvæðavægis tekið til sín alla kökuna, í stað þess að fá sneið í réttu hlutfalli við mannfjölda, eða svipt minnihlutahópa mikilvægum réttindum. Sanngjarnt lýðræðislegt stjórnkerfi verður því að leitast við að tryggja jafnvægi milli réttinda meirihlutans og réttinda margvíslegra minnihlutahópa.

Með núverandi kosningakerfi á Íslandi er reynt að stuðla að slíku jafnvægi með tvennum hætti. Annars vegar auka hlutfallskosningar milli framboðslista líkurnar á því að sjónarmið sem eru í minnihluta í þjóðfélaginu heyrist á Alþingi og ýta undir samsteypustjórnir ólíkra sjónarmiða. Hins vegar tryggja svæðisbundin kjördæmi að íbúar á öllum landsvæðum eigi sér fulltrúa á þingi og hvetja til þess að stjórnmálaflokkarnir taki í störfum sínum tillit til hagsmuna fámennra jafnt sem fjölmennra svæða.

Skipting Íslands í kjördæmi hefur þó verið umdeild. Í fyrsta lagi er ójafnt vægi atkvæða af augljósum ástæðum þyrnir í augum kjósenda í fjölmennari kjördæmum. Í öðru lagi hefur órökstudd krafa um að öll kjördæmi hafi nánast jafnmarga þingmenn leitt til vægast sagt sérkennilegrar skiptingar Reykjavíkur í tvö kjördæmi og afar sundurleitra landsbyggðakjördæma. Í þriðja lagi eru reglur um úthlutun þingsæta afar flóknar og kjósendur vita í raun ekki hvaða frambjóðandi í hvaða kjördæmi hlýtur atkvæði þeirra að lokum. Í fjórða lagi hafa ýmsir talið kjördæmakerfið ýta undir áherslu á sérhagsmuni einstakra svæða á kostnað landsins í heild.

Fyrstu þrjú atriðin eru í raun óháð grunnhugmynd kjördæmaskiptingar. Að baki hvers þingmanns eru að jafnaði 1,6% kjósenda og ekkert því til fyrirstöðu að misjafnlega fjölmenn kjördæmi byggi einföldum reglum um nánast jafnt vægi atkvæða, án þess flækjustigs sem einkennir bæði núverandi kosningakerfi og tillögur stjórnlagaráðs. Miðað við mannfjölda myndi einföld kjördæmaskipting landsins með jöfnu atkvæðavægi skila höfuðborgarsvæðinu 40 þingmönnum, Norðvesturkjördæmi sex þingmönnum, Norðausturkjördæmi átta þingmönnum og Suðurkjördæmi níu þingmönnum. Með því væri atkvæðavægi jafnt að fyrsta aukastaf um leið og fámennari svæðum væri tryggð hlutfallsleg rödd á Alþingi þjóðarinnar.

Það er hins vegar grundvallarspurning hvort íbúar ólíkra svæða eigi sér lögmæta hagsmuni sem gæta verði á Alþingi. Sumir telja að landskjörnir þingmenn geti einfaldlega hafið sig yfir hagsmuni einstakra kjördæma og unnið að hagsmunum landsins í heild. Oft eru hagsmunir þó einfaldlega svæðisbundnir og veruleg hætta á því að landskjörnir þingmenn taki ekki tillit til hagsmuna fámennra svæða ef þeir stangast á við hagsmuni fjölmennari svæða. Þannig væri þeim landskjörna þingmanni eflaust voðinn vís sem héldi fram sjónarmiðum sem væru verulega óvinsæl á höfuðborgarsvæðinu, hvort sem beitt væri prófkjöri, persónukjöri eða uppstillingu sem höfðaði til meirihluta kjósenda. Jafnframt leiða margfeldisáhrif mannfjöldans til þess að frambjóðendur í fámennum landshlutum eiga tölfræðilega afar erfitt uppdráttar í landskjöri. Langflestir landskjörnir þingmenn yrðu því íbúar höfuðborgarsvæðisins eða a.m.k. vinaleg meinleysisgrey sem væru meirihluta kjósenda á höfuðborgarsvæðinu þóknanleg.

Í fyrirhugaðri þjóðaratkvæðagreiðslu verður spurt hvort í nýrri stjórnarskrá skuli vera ákvæði um að atkvæði kjósenda alls staðar af landinu vegi jafnt. Að baki þeirri spurningu er hins vegar tillaga stjórnlagaráðs um uppstokkun á kosningakerfinu sem er nær alveg óháð því hvort atkvæði vegi jafnt alls staðar á landinu. Þar er lagt til að minnst 33 þingmenn verði kosnir landskjöri en að hámarki 30 þingmenn verði kosnir í allt að átta kjördæmum. Tala kjósenda á kjörskrá að baki hverju kjördæmabundnu sæti skuli þó ekki vera lægri en meðaltalið fyrir öll 63 sætin.

Í þessari tillögu stjórnlagaráðs felst mikil breyting á samsetningu Alþingis umfram jöfnun atkvæðavægis. Horfið yrði frá kerfi þar sem landsbyggðakjördæmin hafa sex þingmenn umfram mannfjölda yfir í kerfi þar sem þingmenn sem sækja umboð sitt til landsbyggðanna yrðu tólf færri en jafnt atkvæðavægi segir til um. Í stað núverandi misvægis á kostnað höfuðborgarsvæðisins kæmi því meira misvægi á kostnað landsbyggðanna. Að lokinni þeirri atkvæðagreiðslu sem nú stendur fyrir dyrum er mikilvægt að leitað verði betri leiða til að tryggja að Alþingi verði áfram umræðuvettvangur fólks með ólíkar skoðanir og mismunandi hagsmuni alls staðar af landinu.

> Í stað núverandi misvægis á kostnað höfuðborgarsvæðisins kæmi því meira misvægi á kostnað landsbyggðanna.




Húð þín í jafnvægi í allan vetur

SENSAI frá Kanebo dagar í Lyfju Smáratorgi og Lyfju Lágmúla
17.-18. október.

Glæsileg gjöf fylgir þegar keyptar eru tvær SENSAI vörur frá Kanebo.

*Gildir meðan birgðir endast



20% Kynningar-afsláttur

LYFJA
- Lifið heil

# tímamót

timamot@frettabladid.is



40 **RAPPARINN EMINEM** er fertugur í dag.
*„Ég hata ekki konur – þær gera mig bara stundum alveg brjálaðan.“*

## Merkisatburðir

1610 Loðvík 13. er krýndur konungur Frakklands.

1755 Kötlugos hefst með miklu jökulhlaupi og öskufalli og er talið mesta öskugos í Kötlu á sögulegum tíma. Gosið stendur fram í febrúar.

1941 Ellefu bandarískir hermenn farast er þýskur kafbátur skýtur á bandarískan tundurspilli vestur af Íslandi. Þetta eru fyrstu bandarísku hermennirnir sem farast í seinni heimsstyrjöld. Tundurspillirinn kemst inn til Hvalfjarðar við illan leik.

1941 Ákveðið er að Sáttmálasjóður Háskóla Íslands skuli eiga og reka kvikmyndahús.

1956 Elísabet 2. Bretadrottning tekur kjarnorkuverið í Sellafield í Bretlandi í notkun við formlega athöfn.

1987 Brasilísk hjón eru handtekin í Hveragerði með mesta magn kókaíns, sem fundist hefur í einu lagi á Íslandi, 450 grömm.

1989 Loma Prieta-jarðskjálftinn (7,1 á Richters-kvarðanum) í San Francisco-flóa veldur 63 dauðsföllum.

2003 Samtök homma og lesbía, Friðarboginn, eru stofnuð í Færeyjum.

2004 Netfrelsi, félag um frjáls samskipti á Internetinu, er stofnað á Íslandi.

†



Okkar ástkæra móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**HALLA GUÐBJÖRG HALLDÓRSDÓTTIR**
**frá Auðbrekku í Hörgárdal,**
**til heimilis að Lindasíðu 4, Akureyri,**

lést miðvikudaginn 10. október á Sjúkrahúsinu á Akureyri. Útförin fer fram frá Möðruvallakirkju í Hörgárdal laugardaginn 20. október kl. 13.30.

**Halldór Þórisson** | **Ásrún Ásgeirsdóttir**
**Valgeir Anton Þórisson** | **Sigríður Bernharðsdóttir**
**Sigurður Óli Þórisson** | **Kristín Haraldsdóttir**
**Árni Þórisson**
**Örn Þórisson** | **Ellý Sæunn Reimarsdóttir**
**Þórhalla Þórisdóttir** | **Ívar Andersen**
**Hörður Þórisson** | **Dorte Petersen**
**Gunnar Þór Þórisson** | **Guðrún Marinósdóttir**
**Sigrún Þórisdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

†



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**STEFANÍA ÓSK JÚLÍUSDÓTTIR**
**Sólvallagötu 18, Reykjavík,**
**áður til heimilis að Eiðum**
**á Fljótsdalshéraði,**

sem lést á öldrunardeild Landspítalans í Fossvogi laugardaginn 6. október, verður jarðsungin frá Dómkirkjunni föstudaginn 19. október kl. 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Blindrafélagið.

**Sveinn Þórarinsson** | **Ólöf Birna Blöndal**
**Sigurjón Þórarinsson**
**Alfreð Dan Þórarinsson** | **Sesselja Eiríksdóttir**
**Sigríður Þórarinsdóttir** | **Magnús Sæmundsson**
**Guðrún Þórarinsdóttir** | **Örn Þorbergsson**
**Anna Þórarinsdóttir** | **Knut Lage Bö**
**Ólöf Þórarinsdóttir** | **Örn Óskarsson**
**Björg Þórarinsdóttir** | **Örn Arnþórsson**
**Hallgrímur Þórarinsson** | **Ingunn Thorarensen**
**Magnús Þórarinsson** | **Bryndís Skúladóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Suðurhlíð 35, Reykjavík • Símar 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is




ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is Símar: 565 5892 & 896 8242

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000**.

**ÞETTA GERÐIST 17. OKTÓBER 1979**

## Móðir Teresa fær friðarverðlaun Nóbels

Indverska nunnan móðir Teresa hlaut friðarverðlaun Nóbels þann 17. október 1979. Hún neitaði að vera viðstödd verðlaunahátíðina og bað um að verðlaunaféð, 192.000 Bandaríkjadalir, rynni til fátækra á Indlandi.

Móðir Teresa hét í raun Agnes Gonxha Bojaxhiu og var indversk nunna sem stofnaði The Missionaries of Charity. Hún vann í 45 ár að hjúkrun sjúkra og aðhlynningu fátækra, fyrst á Indlandi en síðar breiddist hreyfingin út. Þegar móðir Teresa lést árið 1997 voru 610 hjálparstofnanir í hennar nafni reknar í 123 löndum. Meðlimir reglunnar þurfa að sverja eið að skírlífi, hlýðni og fátækt auk þess að lofa að sinna fátækum „af öllu hjarta og án endurgjalds.“ Í dag eru nunnur reglunnar rúmlega 4.500 og starfa í 133 löndum.

Í hennar nafni eru meðal annars rekin sjúkraskýli fyrir sjúklinga sem þjást af alnæmi, holdsveiki og berklum auk annarra sjúkdóma, súpueldhús, fjölskylduráðgjöf, munaðarleysingjahæli og skólar.

Árið 2003 var móðir Teresa kanóníseruð, sem er eitt af þremur þrepum á leið að dýrlingsdómi. Enn vantar þó eitt kraftaverk í hennar nafni til að hægt sé að taka hana formlega í helgra manna tölu.





**HÖNNUÐURINN** Halla Sigga segist hafa heillast af bókum fyrir blinda, en það hafi alveg vantað í þær myndirnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

HALLA SIGGA ER HÖNNUÐUR MEÐ HUGSJÓN: ÞRÍVÍDDARBÓK FYRIR BLIND BÖRN

# Sjokkerandi að blind börn fái ekki myndir til að læra af

Þetta er kennsluefni fyrir blind og sjónskert börn á aldrinum sex til átta ára og bókin er prentuð í þrívídd, sem virðist vera nýjung í þessum heimi,“ segir Halla Sigríður Margrétardóttir Haugen, eða Halla Sigga, um lokaverkefni sitt í grafískri hönnun við Listaháskóla Íslands. „Þessi tækni virðist ekkert hafa verið notuð hingað til miðað við viðbrögðin sem ég er að fá.“

Kennslubók um hvað? „Þetta er kennslubók um líkamann sem bæði kennir með teikningum sem börnin eru orðin vön, þegar myndirnar lyftast upp úr blaðsíðunum, en svo eru líka þrívíddarfígúrur, eftirlíkingar af mismunandi lögum mannsins, húðinni, vöðvunum, beinunum og innyflunum, þannig að þau geta lyft þeim upp og fundið til dæmis hvernig vöðvarnir liggja saman yfir líkamann, hvernig beinin liggja og svo framvegis.“ En hvernig datt þér þetta í hug? „Þetta byrjaði í tíma í Listaháskólanum þegar við áttum að finna út hvaða blæti við værum með. Ég komst að því að ég er alltaf að snerta hluti, ég get aldrei bara horft, verð alltaf að fá að snerta. Eftir það fór ég upp í Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufdumba og þar sá ég í fyrsta sinn bækur fyrir blinda. Ég algjörlega kolféll fyrir þessum bókum, enda eru þær algjör listaverk. En þarna komst ég að því að það er eiginlega ekki til neitt myndskreytt kennsluefni fyrir blind börn og sú vöntun sat í mér þegar ég fór að vinna lokaverkefnið. Það bara kom ekkert annað til greina.“




**SKOÐUM LÍKAMANN** Frumgerð bókarinnar er til sýnis í Þjóðminjasafni Íslands.

Bókin hefur vakið mikla athygli bæði hér heima og erlendis og Halla Sigga segir að viðbrögðin hafi komið sér í opna skjöldu. „Ég hef fengið viðbrögð frá Bandaríkjunum, alls staðar að úr Evrópu og frá Ástralíu. Bæði frá tímaritum og stofnunum sem sinna málefnum blindra og sjónskertra. Sömuleiðis hafa þau hjá Þjónustu- og þekkingarmiðstöð og Blindrafélaginu farið með sýnishorn af bókinni á nokkrar ráðstefnur erlendis. Ég vil endilega koma því að hvað þau hafa verið stórkostleg og hjálpleg í gegnum allt ferlið. Það er alveg ótrúlegt. En, já, viðbrögðin við bókinni hafa alls staðar verið góð og það verður fjallað um hana í tímaritum sem fjalla um málefni blindra og sjónskertra barna bæði í Bandaríkjunum og Frakklandi fljótlega.“

Halla Sigga segir frumgerð bókarinnar vera tilbúna og hún sé komin í samband við belgíska prentsmiðju um fjölföldun, enda sé bókin hugsuð til kennslu. „Mér finnst það svo sjokkerandi að blind börn skuli ekki fá myndir til þess að læra af og velta fyrir sér heiminum. Hvernig heldurðu að það væri ef öll sex til átta ára börn byggju við það að hafa engar myndir í bókunum sínum? Hugsaðu þér hvað það yrði erfitt fyrir þau að læra. Það er það sem blindir krakkar búa við í dag og mig langar að breyta því.“

Þeim sem hafa áhuga á að kynna sér bókina nánar skal bent á að nú stendur yfir sýning á verkefninu í Þjóðminjasafni Íslands.

**fridrikab@frettabladid.is**

# Raddir vorsins þagna í hádeginu

Joni Seager, prófessor í hnattrænum fræðum við Bentley-háskóla, heldur í hádeginu í dag erindi sem ber heitið „Fimmtíu ár frá útgáfu bókarinnar „Raddir vorsins þagna“ eftir Rachel Carson. Skilaboð móttekin en án viðbragða?“ Fyrirlesturinn fer fram í Öskju, stofu 132, frá klukkan 12.25 til 13.15. Hann fer fram á ensku og er öllum opinn. Andri Snær Magnason, rithöfundur, stýrir fundinum.

Í kynningu segir: „„Raddir vorsins þagna“ er tímamótaverk sem hafði á margan hátt djúpstæð áhrif. Bókin hrinti af stað almennri vakningu í umhverfismálum og var aflvaki þeirrar umhverfishreyfingar sem við þekkjum í dag. Rachel hafði rétt fyrir sér á sínum tíma og hún hefur það enn. Við nánari skoðun á notkun skordýraeiturs í Bandaríkjunum í dag kemur í ljós að notkunin er óheft og í raun farin úr böndunum. Í fyrirlestri sínum mun Joni Seager fara yfir stöðuna og spyrja spurninga um brýn málefni umhverfisbaráttunnar í dag og hvernig beri að bregðast við. Hvað höfum við lært? Hvað hefur breyst?“

Fyrirlesturinn er haldinn í samstarfi Rikk, Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands, og Alþjóðlega jafnréttisskólans.



**HÁDEGISFYRIRLESTUR** Andri Snær Magnason stýrir fundinum í stofu 132 í Öskju í hádeginu í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Hobbitinn í forsölu

**Hobbitinn eftir J.R.R . Tolkien fæst nú í sérstakri forsölu á eBækur.is. Um er að ræða rafbókina en bókin kemur í verslanir 22. október.**

**Miðar á kvikmynd Peters Jackson um Hobbitann fylgja fyrstu fimmtíu seldu rafbókunum, en hún verður frumsýnd hér á landi 26. desember.**

**Hobbitinn er forleikurinn að Hringadróttinssögu sem kom fyrst út árið 1937 og hefur síðan selst í milljónum eintaka. Sagan er tvímælalaust ein af ástsælustu og áhrifamestu bókmenntum tuttugustu aldar. Útgáfan er í íslenskri þýðingu Þorsteins Thorarensen, en hún hefur verið ófáanleg um nokkurt skeið.**



**FORSPRAKKI** Sunna Gunnlaugs og tríó hennar hefja vetrardagskrá Múlans í Norræna húsinu í kvöld.

# Múlinn kominn í vetrarhaminn

Tónleikaröð djassklúbbsins Múlans er að fara í gang með dagskrá í Norræna húsinu. Á vaðið ríður Tríó Sunnu Gunnlaugs sem hugar nú að nýrri hljóðritun og ætlar að slípa nýjar tónsmíðar og flytja efni af Long Pair Bond á tónleikunum í Norræna húsinu í kvöld klukkan 20.30.

Tríó Sunnu, skipað Þorgrími Jónssyni á kontrabassa og Scott McLemore á trommur auk Sunnu á píanó, var á miklu flandri á árinu og lék meðal annars á stórhátíðum í Þýskalandi, Bandaríkjunum og Noregi. Tvennir af fjórtán tónleikum tríósins í Bandaríkjunum voru hljóðritaðir og verða sendir út í útvarpi þar. Síðasti diskur tríósins, „Long Pair Bond“, fékk frábæra dóma hjá gagnrýnendum, til dæmis fjórar stjörnur í Aftenposten í Noregi og í lofsamlegri umfjöllun í Jazz Special í Danmörku sagði gagnrýnandinn tónlistina „einkennast af kyrrð og hugulsemi“.

Á næstu vikum mun djassunnendum svo bjóðast að hlýða á tríó Agnars Más með franska bassaleikaranum Nicolas Moreaux, Björn Thoroddsen verður með einleikstónleika, og Scott McLemore, Sigurður Flosason, Edda Borg, Jón Páll Bjarnason og Ragnheiður Gröndal munu öll leiða sveitir til leiks í tónleikaröðinni fram að áramótum.

Aðgangseyrir að tónleikunum er 1.500 krónur.

✝



Okkar ástkæra

**HJÖRDÍS MAGNÚSDÓTTIR**

er látin. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Aðstandendur.**

✝



Móðir okkar og tengdamóðir,

**HELGA JÓNSDÓTTIR**
**frá Reynistað á Akranesi,**
**Sóltúni 2, 105 Reykjavík,**

lést á Hjúkrunarheimilinu Sóltúni föstudaginn 12. október. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju föstudaginn 19. október kl. 13.00.

**Sigrún Stella Jónsdóttir** **Jón Þorvaldsson**
**Þórarinn Jónsson** **Sigríður Halla Sigurðardóttir**
**Magnús Þór Jónsson** **Þórunn Þórisdóttir**

✝



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**GUÐRÚN SVEINBJÖRNSDÓTTIR**
**frá Laugarborg,**

sem lést á Hjúkrunar- og dvalarheimilinu Hlíð á Akureyri aðfaranótt sunnudagsins 7. október, verður jarðsungin frá Akureyrarkirkju föstudaginn 19. október kl. 13.30.

**Brynjar Fransson** **Ásta Pálsdóttir**
**Ragnhildur Franzdóttir** **Gísli Kristinn Lórenzson**
**Sigrún Bernharðsdóttir** **Valur Baldvinsson**
**Aðalsteinn Bernharðsson** **Ragna Ágústsdóttir**
**Sigríður Bernharðsdóttir** **Valgeir Anton Þórisson**
**og aðrir afkomendur hinnar látnu.**

✝



Innilegar þakkir til allra er sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs föður, tengdaföður, afa og langafa,

**MARTEINS HERBERTS KRATSCH**
**járnsmiðs.**

Sérstakar þakkir til þeirra er sinntu honum af alúð og virðingu í veikindum hans.

**Sigríður Marteinsdóttir** **Guðjón Steinsson**
**Walter M. Marteinsson** **Ingibjörg Ú. Sigurðardóttir**
**Gunnar Þór Marteinsson** **Guðrún I. Gunnarsdóttir**
**Margrét Björg Marteinsdóttir** **Jóhann Rúnar Guðbjarnason**
**Árný Marteinsdóttir** **Sæmundur Kristjánsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

✝



Okkar ástkæra

**INGIBJÖRG KRISTJÁNSDÓTTIR**
**Árskógum 4,**
**áður Reynimel 72,**

lést 15. október. Jarðsungið verður frá Fossvogskirkju, þriðjudaginn 23. október kl. 11.00.

**Arnar Birgisson** **Sigrún Þorsteinsdóttir**
**Birgir Hrafnsson** **Oddný Indíana Jónsdóttir**
**Finnur Lárusson** **Merrilyn Lárusson**
**Hafliði Kristján Lárusson** **Catherine Alaguiry**
**Katrín María Birgisdóttir** **Jóhann Birkir Guðmundsson**
**og barnabörn.**

✝



Ástkær eiginkona, dóttir, systir, mágkona og tengdadóttir,

**VIGDÍS SIGURBJÖRNSDÓTTIR**
**iðnhönnuður,**
**Fitjasmára 4, Kópavogi,**

lést á gjörgæsludeild Landspítalans í Fossvogi sunnudaginn 14. október. Útför verður auglýst síðar.

**Guðmundur Jens Bjarnason**
**Katrín Kristjana Karlsdóttir** **Sigurbjörn Víðir Eggertsson**
**Karl Georg Sigurbjörnsson**
**Ágústa Amalía Sigurbjörnsdóttir** **Óli Freyr Kristjánsson**
**Rósa Guðmundsdóttir** **Bjarni Bragi Jónsson**
**Rósa Guðmundsdóttir**
**Steinar Bragi Guðmundsson**

✝



Faðir minn, tengdafaðir, afi og langafi,

**GÍSLI HALLDÓRSSON**
**arkitekt,**

lést á hjúkrunarheimilinu Eir þann 8. október síðastliðinn. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni miðvikudaginn 17. október kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Framtíðarsjóð KR, reikn.nr. 101-26-287082, kt. 471210-0560.

**Leifur Gíslason** **Þórdís Jónsdóttir**
**Margrét Leifsdóttir** **Þorsteinn Stefánsson**
**Gísli Leifsson**
**Jón Páll Leifsson** **Guðrún Norðfjörð**
**og langafabörn.**

✝



Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**HELGI ANTONSSON**
**Hvanneyrarbraut 49, Siglufirði,**

lést á heimili sínu föstudaginn 12. október. Útför hans verður gerð frá Siglufjarðarkirkju mánudaginn 22. október kl. 14.00.

**Júlía Hannesdóttir**
**Olgeir Helgason** **Halldóra Dröfn Gunnarsdóttir**
**Anton Helgason** **Elín Jónsdóttir**
**Helga Hlín Helgadóttir** **Kristján Rafn Harðarson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

✝



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**BIRGIR VILHJÁLMSSON**
**Melahvarfi 1, Kópavogi,**

lést 12. október. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 18. október kl. 15.00.

**Kristín Birgisdóttir** **Erik Ingemann Jansen**
**Helgi Pétur Birgisson** **Gitte Dolberg**
**Birgir, Stine, Björg, Katrine og Celine.**

✝



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**HALLDÓRA JÓNSDÓTTIR**
**frá Stærri-Bæ,**

verður jarðsungin frá Selfosskirkju laugardaginn 20. október, kl. 11.00. Jarðsett verður í Stóruborgarkirkjugarði. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélagið.

**Gunnar Ágústsson**
**Þorkell Gunnarsson** **Kristín K. Karlsdóttir**
**Sigríður Laufey Gunnarsdóttir** **Brandur Matthíasson**
**Jón Rúnar Gunnarsson** **Kristín P. Birgisdóttir**
**Ágúst Gunnarsson** **Anna Margrét Sigurðardóttir**
**Guðrún Gunnarsdóttir** **Árni B. Jónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

✝



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**STEFÁN STEFÁNSSON**
**fyrrv. framhaldsskólakennari,**
**Hlíðarhúsum 3, Reykjavík,**

lést á Landakoti sunnudaginn 14. október. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju mánudaginn 22. október kl. 13.00. Þeim sem vildu minnast hans er bent á Orgelsjóð Grafarvogskirkju.

**Sefán Bogi Stefánsson** **Kristín Jóhannesdóttir**
**Karólína Sigfríð Stefánsdóttir** **Þórður Björgvinsson**
**Elín Pálsdóttir** **Vigfús Þór Árnason**
**afa- og langafabörn.**

✝



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**SABÍNA UNNUR JÓHANNSDÓTTIR**
**áður á Nýlendugötu 17,**

lést á Hrafnistu í Reykjavík miðvikudaginn 3. október sl. Að hennar ósk hefur útförin farið fram í kyrrþey. Þökkum auðsýnda samúð. Innilegar þakkir til starfsfólks Hrafnistu H2 fyrir frábæra umönnun hennar.

**Jóhanna Magnúsdóttir** **Örn Ingólfsson**
**Dóra Magnúsdóttir** **Reynir Björnsson**
**Bjarni Ingi Gíslason**
**Jóhannes Bragi Gíslason** **Ásta Sif Jóhannsdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** fjötra, **6.** hvort, **8.** sæ, **9.** sjór, **11.** mjöður, **12.** fýla, **14.** vinna, **16.** karlkyn, **17.** vefnaðarvara, **18.** í viðbót, **20.** tveir eins, **21.** fimur.

**LÓÐRÉTT**
**1.** tilraunaupptaka, **3.** mannþyrping, **4.** bönd, **5.** tæki, **7.** svikull, **10.** dá, **13.** flík, **15.** barrtré, **16.** kóf, **19.** bókstafur.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** höft, **6.** ef, **8.** sjó, **9.** mar, **11.** öl, **12.** óloft, **14.** starf, **16.** kk, **17.** tau, **18.** auk, **20.** rr, **21.** frár.

**LÓÐRÉTT: 1.** demó, **3.** ös, **4.** fjötrar, **5.** tól, **7.** falskur, **10.** rot, **13.** fat, **15.** fura, **16.** kaf, **19.** ká.






# Blessaðar kleinurnar

**BAKÞANKAR**
**Ragnheiðar Tryggvadóttur**



Það skrjáfar í yfirhöfnum meðan fólk kemur sér fyrir. Það dregur upp möppur og skriffæri og dreifir úr pappírum á borðin fyrir framan sig. Flestir eru með bókina. Margir með eldri útgáfur, innbundnar með gyllingu og gulnaðar síður, lúnar af notkun. Það eru nokkrar mínútur þangað til tíminn hefst og fólk blaðar í bókunum. Lesgleraugun eru komin á nefið og einhverjir skrafa saman, þarna þekkist annar hver maður, að mér virðist.

**ÉG** þekki engan. Þegar ég horfi í kringum mig rennur upp fyrir mér að ég á fáa jafnaldra í salnum, ef nokkra, og fæ skyndilega á tilfinninguna að ég hafi villst þarna inn. Ég heyri menn út undan mér spjalla um sögupersónurar úr bókinni. Gantast létt með samskipti þeirra eins og um góða vini þeirra sé að ræða. Ég get ekki gantast við neinn og vildi óska að ég væri farin að nota lesgleraugu svo ég geti þóst vera að pússa þau.

**SESSUNAUTUR** minn er einmitt að hlæja að einhverju með sjálfri sér þegar hún snýr sér að mér og segir að hún hafi hitt mann frammi áðan, „sem hafði aldrei lesið bókina, hugsaðu þér!“ Ég kinka vandræðalega kolli og vona að hún sjái ekki bókina fyrir framan mig, glænýja kilju, sem aldrei hefur verið flett! Það brakar í kilinum þegar ég opna hana og ég get ekkert annað en vonað að ilmurinn af nýprentuðum blaðsíðunum berist ekki yfir allan salinn. Hvernig datt mér í hug að skrá mig á Njálunámskeið, ólesin?

**EN** svo hefst yfirferðin og hópurinn þagnar. Ég gleymi stund og stað þegar þessi frægasta Íslendingasaga lifnar við í munni kennarans og litríkar persónurnar stökkva fram í fullum herklæðum. Höggvandi menn í herðar niður eins og gengur. Skyndilega er svo komið hlé og menn standa upp og teygja úr sér, stinga lesgleraugunum í brjóstvasann. Ég renn á kaffiilminn eins og hinir. Það er boðið upp á kleinur.

**FÓLK** hópast kringum kleinurnar og skrafar saman, en ekki um bókina. Það skrafar saman um veðrið! Þann málaflokk þekki ég auðvitað jafn vel og hver annar og þarf engin lesgleraugu til að taka þátt, einungis kaffibolla í hönd og kleinu. „Voðalegur rigningasuddi hefur þetta verið,“ segi ég og bít í. „Já, segðu,“ segir sessunautur minn og fær sér sopa.

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Þú styrkir **Bleiku slaufuna** með því að kaupa **bleikar** skrifstofuvörur hjá **A4**. Helmingurinn af sölunni rennur til Krabbameinsfélags Íslands. Leggðu góðu málefni lið og hafðu skrifstofuna **bleika** í október.




www.a4.is / sími 580 0000 / sala@a4.is

**A4** Skeifunni 17 / **A4** Smáratorgi 1 / **A4** Reykjavíkurvegi 62, Hafnarfirði

**A4** Dalsbraut 1, Akureyri / **A4** Miðvangi 13, Egilsstöðum / **A4** Austurvegi 65, Selfossi

# menning

menning@frettabladid.is



**REYNIR ÞÓR EGGERTSSON,** doktor í norrænum fræðum, flytur fyrirlesturinn „Rakið upp og stoppað í göt. Af lausnum íslenskra handritaskrifara, rímnaskálda og þýðenda við ýmsum vanda“ í ReykjavíkurAkademíunni, JL-húsinu Hringbraut 121, 4. hæð, í kvöld kl. 20. Fyrirlesturinn er liður í rannsóknarkvöldum Félags íslenskra fræða.

## Tvö íslensk verk frumflutt í hádeginu

Katie Elizabeth Buckley hörpuleikari og Kristinn Árnason gítarleikari flytja fjögur verk eftir Áskel Másson tónskáld á háskólatónleikum í dag. Tvö verkanna, Haustljóð og Encore, verða frumflutt.

Áskell hefur samið á annað hundrað tónverk af ýmsum toga, einleiks- og hljómsveitarverk, sönglög og kórverk, óperur og óratoríur. Verk hans hafa verið leikin um allan heim og flutt af mörgum helstu hljómsveitum heimsins undir stjórn færustu stjórnenda. Auk frumfluttu verkanna leika Katie og Kristinn verkin Mirage frá 2006 og Poème, sem fyrst var leikið í maí á þessu ári.



**FRUMFLUTNINGUR** Katie Elizabeth Buckley hörpuleikari og Kristinn Árnason gítarleikari flytja fjögur verk eftir Áskel Másson á háskólatónleikum í dag.

Katie Buckley er bandarískur tónlistarmaður og hefur gegnt stöðu leiðandi hörpuleikara hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands síðan 2006. Kristinn Árnason hefur gefið út fimm geisladiska með gítareinleik, þar á meðal disk með verkum eftir Sor og Ponce sem hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin árið 1997 í flokki klassískra hljómdiska.

Tónleikarnir hefjast kl. 12.30 og verða í kapellunni á annarri hæð aðalbyggingar Háskóla Íslands. Enginn aðgangseyrir er að tónleikunum og allir eru velkomnir.



**ÖLLU TIL TJALDAÐ** „Svo sannarlega hægt að lofa þó nokkrum góðum hláturgusum,“ segir gagnrýnandinn.

## ÁST OG KLÆKJABRÖGÐ

Leikhús ★★★

**Tveggja þjónn**
Þjóðleikhúsið

**Höfundur:** Richard Bean. Þýðing: Karl Ágúst Úlfsson. Tónlistarflutningur: KK-band. Leikstjóri: Þórhildur Þorleifsdóttir.

Misskilningur á misskilning ofan. Það er ekki góður siður að sitja beggja megin borðsins, hvað þá að þjóna tveimur herrum. Tveggja þjónn er farsi og sem slíkur með grafalvarlegan undirtón. Hinn frábæri Carlo Goldoni (1707-1793) skrifar upphaflega verkið sem Bretinn Richard Bean umskrifar og færir til nútímans með tónlist eftir Grant Olding.

Verkið var frumsýnt á stóra sviði Þjóðleikhússins á föstudag. Þar var öllu til tjaldað, en engu að síður var eins og vélin þyrfti meiri smurningu. Stílfærður leikurinn kom á köflum út eins og skrykkjóttir kækir. Gervin voru þó hvert um sig skondin og skemmtileg. Gamla verk Goldonis er byggt á commedia dell´arte-hefðinni þar sem unnið er út frá vissum ramma en spunnið inn á milli.

Þessi aðferð er hér brúkuð og áhorfendur komnir í ýmis hlutverk og ætlaði salurinn alveg að sturlast úr hlátri þegar blásaklaus kona af fremsta bekk var fengin í það að burðast með súputarínu fram og aftur á sviðinu.

Jóhannes Haukur var sakleysislegur og elskulegur í túlkun sinni á hinum stressaða svanga þjóni sem var í vinnu hjá tveimur herrum sem þau Vigdís Hrefna Pálsdóttir og Jóhann G. Jóhannsson túlkuðu með miklum kippum. Eggert Þorleifsson fer með hlutverk hins aldna hjartsjúka þjóns Alfie sem hangir uppi með hjálp gangráðs sem er með mismunandi stillingar og þó þetta örvasa gamalmenni væri dálítið endurtekningarsamt voru hláturgusurnar eins og foss engu að síður. Ólafía Hrönn Jónsdóttir leikur hina daðrandi Dollý og geislar hún eins og sólin í þessu vel skrifaða hlutverki og eins voru búningar hennar einkar skemmtilegir. Lögfræðingurinn Harríet Swift, sem Lilja Guðrún Þorvaldsdóttir ljáir líf, hefur ekki úr eins miklu að moða og gervi hennar minnti á sjónvarpsfígúruna Dame Edna. Örn Árnason leikur Kalla en hluti verksins gerist á heimili hans, þegar verið er að undirbúa trúlofunarveislu dóttur hans. Kalli er eins og teiknimyndapersóna og skemmtilegur sem slíkur á glansandi silkibrók. Dóttirin er blondínubimbó sem Arnbjörg Hlíf Valsdóttir túlkar ágætlega. Hún er yfir sig ástfangin af syni Harríetar, Alan, sem Snorri Engilbertsson, nýútskrifaður úr námi, túlkar af mikilli fimi og færni hins ýkta yfirleikara. Baldur Trausti Hreinsson í hlutverki vinar Kalla er líka einn af þeim sem sér til þess að hlutirnir gangi upp.

Tónlistaratriði voru heillandi og orðaleikir gengu vel upp. Leikmynd Jósefs Halldórssonar þjónaði verkinu vel, einkum veitingastaðurinn. Á heildina litið var þó eins og eitthvað vantaði á í hraða farsans og þessi stílfærði leikur leiddi til svolítillar kyrrstöðu. Engu að síður er svo sannarlega hægt að lofa þó nokkrum góðum hláturgusum.

**Elísabet Brekkan**

**Niðurstaða:** Fyndinn farsi en höktir á köflum.

*Umræðufundur:* Christopher Vasey ásamt Christof Leuze

Ávinningur og áhætta afjákvæðri hugsun

**18 október 2012 – kl 20:00**
Radisson Blu Saga Hotel v/Hagatorg, 107 Reykjavík

*Erindið verður flutt á ensku.*
Aðgangseyrir 500 kr

Skipuleggjandi: Christof.Leuze@leuze.de
www.gral-norden.net

**Frá yfirkjörstjórn Suðvesturkjördæmis**

**Þjóðaratkvæðagreiðsla**

**20. október 2012 um tillögur stjórnlagaráðs að frumvarpi til stjórnskipunarlaga og tiltekin álitaefni þeim tengd**

Yfirkjörstjórn Suðvesturkjördæmis mun hafa aðsetur í Íþróttahúsinu Kaplakrika í Hafnarfirði á kjördag, þar sem talning atkvæða fer fram að loknum kjörfundi kl. 22. Fyrstu kjörkassar verða opnaðir kl. 18:30 og hefst þá flokkun atkvæða.

**9. október 2012.**
**Yfirkjörstjórn Suðvesturkjördæmis,**
**Jónas Þór Guðmundsson**
**Ástríður Sólrún Grímsdóttir**
**Guðbjörg Sveinsdóttir**
**Sigríður Jósefsdóttir**
**Elín Jóhannsdóttir**

vísir keldan.is




Ert þú fjárfestir framtíðarinnar?
Taktu þátt í spennandi Ávöxtunarleik Keldunnar

Ávöxtunarleikurinn
keldan NASDAQ OMX vísir Libra víb

Keldan vill stuðla að bættu fjármálalæsi þjóðarinnar og stendur fyrir keppni í ávöxtun sem er opin öllum landsmönnum, 15 ára og eldri, og þátttakendum að kostnaðarlausu. Skráning fer fram í gegnum vísir.is og fær hver þátttakandi 10 milljónir Keldukróna til þess að fjárfesta í mismunandi flokkum.

Vegleg verðlaun
Þeir sem skila bestu ávöxtuninni þegar keppnin verður gerð upp næsta vor eiga kost á veglegum verðlaunum. **Meðal vinninga er flug fyrir 2 til New York með Icelandair og 200 þúsund kr. inneign í sjóði VÍB.**



Skráning er hafin á visir.is

ÍSLENSKA/SIA.IS/KEL 61543 10/12

RISTORANTE Caruso

VEITINGASTAÐURINN CARUSO KYNNIR

# KÓSÝKVÖLD MEÐ EYFA

*4. árið í röð bjóðum við nú upp á hin geysivinsælu „Kósýkvöld með Eyfa“, þar sem hinn ástsæli tónlistarmaður Eyjólfur Kristjánsson leikur og syngur íslenskar og erlendar dægurperlur, meðan matargestir njóta þriggja rétta ljúffengrar máltíðar á hinni rómantísku og notalegu 3. hæð okkar.*



*Fimmtudagskvöldin 8. - 15. - 22. og 29. nóvember - Fimmtudagskvöldin 6. - 13. og 20. desember*

## *Matseðill*

### *Forréttir*

*Humarsúpa að hætti Caruso*
*Tómatsalat, mozzarella og rucola í jurtaolíu*
*Ofnbakaðir sniglar með hvítlaukssmjöri*

### *Aðalréttir*

*Lambakóróna með rauðvínssósu*
*Nautalund bernaise - Surf´n Turf - með humri og steiktu grænmeti*
*Ofnbakaður lax með stökkum kryddhjúp og lime-hunangssósu*
*Ofnbakaður saltfiskur með tómatmauki, ólífuolíu og verdesósu*

### *Eftirréttir*

*Caruso fljótandi súkkulaðikaka með ís*
*Blandaður ítalskur krapís með ávöxtum*
*Kaffi og konfekt*

*Verð fyrir þriggja rétta máltíð og tónleika - kr. 6.890*
*Borðapantanir í síma - 562-7335 - www.caruso.is*


ÓJ&K SD Sælkeradreifing ehf.
Egils Gull
Kjötsmiðjan ehf KJÖTVINNSLA Íslenskar gæðakjötvörur
Herederos del Marqués de Riscal


**BROSANDI** Susan Sarandon var í hópi þeirra leikara er voru heiðraðir á sunnudag.


**HVÍTKLÆDD** Danai Gurira hefur vakið athygli fyrir leik sinn í Treme.
NORDICPHOTOS/GETTY


**RÍSANDI STJARNA** Emma Watson klæddist kjól frá Calvin Klein.

# KONUR HEIÐRAÐAR

**Tískuritið Elle US hélt árlegan fögnuð sinn á Four Seasons-hótelinu í Beverly Hills á sunnudag. Fjöldi þekktra einstaklinga sótti viðburðinn. Elle US fagnaði í nítjánda sinn viðburðinum Celebration of Women in Hollywood. Leikkonan Emma Watson hlaut Calvin Klein Collection Emerging Star-verðlaunin í ár og einnig voru Cate Blanchett, Elle Fanning, Emma Stone, Shirley MacLaine og Susan Sarandon heiðraðar þetta kvöld.**


**GLITRAR** Leikkonan Whitney Port mætti í fagurskreyttum kjól á viðburðinn.


**VINSÆL** Anna Kendrick sló í gegn í Twilight-myndunum. Stjarna hennar rís hratt.


**VAXIN ÚR GRASI** Kiernan Shipka úr Mad Men.


**Í LIT** Rashida Jones klæddist bláum kjól.

**LITRÍK** Cate Blanchett klæddist litríkum kjól frá Proenza Schouler.


SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á midi.is




SMÁRABÍÓ — GLERAUGU SELD SÉR — 5%

| | | |
|---|---|---|
| LOVE IS ALL YOU NEED | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| LOVE IS ALL YOU NEED LÚXUS | KL. 5.30 - 8 | L |
| FUGLABORGIN 3D ÍSL.TAL | KL. 3.30 - 6 | L |
| TAKEN 2 | KL. 5.40 - 8 - 10.10 | 16 |
| TAKEN 2 LÚXUS | KL. 10.30 | 16 |
| DJÚPIÐ | KL. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | 10 |
| DREDD 3D ÓTEXTUÐ | KL. 10.20 | 16 |
| ÁVAXTAKARFAN | KL. 3.30 | L |
| THE EXPENDABLES 2 | KL. 8 | 16 |
| ÍSÖLD 4 2D ÍSL.TAL | KL. 3.40 | L |

HÁSKÓLABÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS — 5%

| | | |
|---|---|---|
| LED ZEPPELIN | KL. 8 | L |
| LOVE IS ALL YOU NEED | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| BLÓÐHEFND | KL. 8 - 10.10 | 16 |
| DJÚPIÐ | KL. 5.50 - 8 - 10.15 | 10 |
| THE DEEP ENSKUR TEXTI | KL. 5.50 | 10 |
| INTOUCHABLES | KL. 5.30 - 10.30 | L |

BORGARBÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| SEVEN PSYCHOPATHS | KL. 8 - 10.10 | 16 |
| BLÓÐHEFND | KL. 6 | 16 |
| DJÚPIÐ | KL. 6 - 8 | 10 |
| TAKEN 2 | KL. 10 | 16 |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio



SAMBÍÓIN SAMbio.is




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | | |
|---|---|---|---|
| END OF WATCH | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 2D | 16 |
| END OF WATCH Luxus VIP | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 2D | VIP |
| LOOPER | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 2D | 16 |
| SAVAGES | KL. 8 - 10:40 | 2D | 16 |
| LAWLESS | KL. 10 | 2D | 16 |
| THE CAMPAIGN | KL. 6 - 8 | 2D | 12 |
| THE BOURNE LEGACY | KL. 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| STEP UP REVOLUTION | KL. 5:50 | 2D | 7 |
| BRAVE M/ísl. tali | KL. 5:50 | 2D | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | | |
|---|---|---|---|
| END OF WATCH | KL. 10 | 2D | 16 |
| TAKEN 2 | KL. 8 | 2D | 16 |
| STEP UP REVOLUTION | KL. 8 | 2D | 7 |
| THE RAVEN | KL. 10:10 | 2D | 16 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | | |
|---|---|---|---|
| END OF WATCH | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 2D | 16 |
| TAKEN 2 | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| LOOPER | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 2D | 16 |
| LAWLESS | KL. 8 | 2D | 16 |
| SAVAGES | KL. 10:30 | 2D | 16 |
| BRAVE M/ísl. tali | KL. 5:40 | 2D | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

L'Elisir d'Amore (Ástardrykkurinn) Ópera í beinni KL. 18

| | | | |
|---|---|---|---|
| END OF WATCH | KL. 5:40 - 8:20 - 10:40 | 2D | 16 |
| LOOPER | KL. 8 - 10:30 | 2D | 16 |
| LAWLESS | KL. 8 - 10:30 | 2D | 16 |
| LEITIN AÐ NEMÓ M/ísl. tali | KL. 5:50 | 3D | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | | |
|---|---|---|---|
| END OF WATCH | KL. 8 | 2D | 16 |
| LOOPER | KL. 10:20 | 2D | 16 |
| FROST | KL. 8 | 2D | 14 |
| THE BABYMAKERS | KL. 10:20 | 2D | 12 |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is



midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075
5%




LAUGARÁSBÍÓ — Sýningartímar

| | | |
|---|---|---|
| SEVEN PSYCHOPATHS | 5.45, 8, 10.20 | 16 |
| TAKEN 2 | 8, 10 | 16 |
| FUGLABORGIN 3D | 6 | L |
| DJÚPIÐ | 6, 8, 10 | 10 |



LYFJA – Lífið heil
www.lyfja.is

+20% afsláttur
**Fíflablöð og birki**

Vatnslosandi.
Dregur úr bjúg og stirðleika í liðum.




**Lægra verð í Lyfju**

Gildir til 31. október

ÍSLENSKA/SIA.IS/LYF 61468 10/12



MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS ■ Miðasala: 412 7711 ■ Hverfisgata 54 Rvík ■ www.bioparadis.is ■ Hluti af Europa Cinemas




BÍÓ ★ PARADÍS

**MIÐVIKUDAGUR: HREINT HJARTA** 18:00, 20:00 ■ **BLÓÐHEFND (16) (ENG. SUBS.)** 20:00, 22:00 ■ **DJÚPIÐ (ENG. SUBS.)** 18:00, 20:00 ■ **COMBAT GIRLS (STRÍÐSSTELPUR)** 20:00, 22:00 ■ **A SEPARATION** 17:30, 22:00 ■ **KÓNGAGLENNA (EN KONGELIG AFFÆRE)** 21:30 ■ **THE STARTUP KIDS** 18:00

**BÍÓ PARADÍS KLÚBBURINN: bioparadis.is/klubburinn**

**SKÓLANEMAR:** 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKÍRTEINIS! SAMI AFSLÁTTUR FYRIR ÖRYRKJA OG ELDRI BORGARA.



# Tónlist sem vex

Tónlist ★★★★☆

**Skúli Sverrisson & Óskar Guðjónsson**

The Box Tree



**Mengi**

Fyrir tíu árum gerðu Óskar Guðjónsson saxófónleikari og Skúli Sverrisson bassaleikari saman plötuna After Silence þar sem þeir fluttu fjórtán frumsamin verk. Sú plata fékk frábæra dóma og fyrir það samstarf fengu þeir m.a. verðlaun sem besti flytjandinn á Íslensku tónlistarverðlaununum árið 2002. Umslag After Silence var mjög vel heppnað og átti þátt í að móta ímynd tónlistarinnar. Nú hafa þeir Skúli og Óskar sent frá sér nýja plötu, The Box Tree, og aftur vekja umbúðirnar mikla athygli. Platan kemur í ílöngum plastvasa, ásamt stóru blaði sem er teiknað og samanbrotið eins og landakort. Það eru tíu lög á The Box Tree, öll eftir Skúla nema Keeper sem þeir Óskar sömdu í sameiningu. Tónlistin á nýju plötunni er í sama anda og tónlist fyrri plötunnar, en samt virkar hún látlausari við fyrstu hlustun. Lögin eru flest mjög áþekk. Skúli prjónar listilega áfram bassamunstur sem hljóma eins og þau séu alltaf eins en eru í raun flókin og síbreytileg og Óskar spinnur flottar saxófónslaufur ofan á. Þessi tónlist lætur frekar lítið yfir sér. Hún er ekki beinlínis krefjandi. Það má láta hana ganga í bakgrunninum og hún er mjög notaleg þannig. Ef maður gefur henni meiri gaum, hækkar í græjunum og færir hana í forgrunninn þá opnast boxið hins vegar og hún vex í allar áttir.

Á heildina litið er þetta einstök plata frá tveimur afburðahljóðfæraleikurum.

**Trausti Júlíusson**



**Niðurstaða:** Skúli Sverrisson & Óskar Guðjónsson taka upp spunaþráðinn tíu árum seinna.


## Réttur fatlaðs fólks til að hafa með sér aðstoðarmann að eigin vali við kosningar

Ef kjósandi vill velja sinn eigin aðstoðarmann við kosningu gerir kjörstjóri hlé á atkvæðagreiðslu. Aðstoðarmaður víkur frá á meðan kjörstjóri tekur beiðni kjósandans til úrskurðar. Ef kjósandi tjáir kjörstjóra vilja sinn með skýrum hætti skal kjörstjóri heimila fulltrúanum að aðstoða kjósandann.

Ef kjósandi getur **ekki** með skýrum hætti sagt kjörstjóra til um hver á að aðstoða hann verður að leggja fram vottorð frá réttindagæslumanni. Í skjalinu þarf að koma fram að kjósandi hafi valið sér sjálfur nafngreindan aðstoðarmann til að aðstoða sig við atkvæðagreiðslu.

Upplýsingar um réttindagæslumenn og nýju lögin má finna á **www.obi.is**

**ÖBÍ leggur ríka áherslu á að fólk kynni sér fyrirkomulagið sem fyrst og leiti til réttindagæslumanna vilji það nýta sér aðstoð þeirra.**

ÖRYRKJABANDALAG ÍSLANDS







# sport

sport@frettabladid.is



**LANDSLEIK PÓLLANDS OG ENGLANDS** var frestað í gær vegna úrhellisrigningar. Reynt verður að spila í dag. Leikurinn fer fram á velli þar sem hægt er að loka þakinu en af einhverjum óskiljanlegum orsökum var það ekki gert. Margir stuðningsmenn Englands missa því af leiknum þó svo þeir hafi farið til Póllands.

**0-2**

Laugardalsv., áhorf.: 8.369 Alan Kelly, Írlandi (8)

**1-0 Tranquillo Barnetta (65.), 0-2 Mario Gavranovic (79.)**

**Skot (á mark):** 14-16 (7-3)
**Varin skot:** 1-6.

| **ÍSLAND (4-4-2):** | |
|---|---|
| Hannes Þór Halldórsson | 5 |
| Grétar Rafn Steinsson | 7 |
| Kári Árnason | 7 |
| Ragnar Sigurðsson | 7 |
| Ari Freyr Skúlason | 7 |
| Rúrik Gíslason | 6 |
| 70., Jóhann Berg Guðmundsson | 4) |
| Emil Hallfreðsson | 7 |
| Eggert Gunnþór Jónsson | 5 |
| (82., Guðjón Baldvinsson | -) |
| *Birkir Bjarnason | 8 |
| Gylfi Þór Sigurðsson | 7 |
| Alfreð Finnbogason | 7 |

* MAÐUR LEIKSINS



**FÆRI** Birkir Bjarnason er hér kominn í álitlegt færi sem hann nýtti ekki. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Alfreð Finnbogason:

## Sigrarnir heima telja mest

**FÓTBOLTI** „Við gáfum allt í þetta og uppskárum ekki neitt að þessu sinni, það eru mikil vonbrigði,“ sagði Alfreð Finnbogason, framherji íslenska landsliðsins, eftir tapið gegn Sviss í gær.

„Fyrri hálfleikur var mjög lokaður og ekki mikið að gerast. Við fáum eitt, tvö hálffæri en í seinni hálfeik finnst mér við vera með yfirhöndina þegar þeir skora. Það var mjög svekkjandi að við náðum ekki að skora á undan þeim. Við fengum nokkur góð upphlaup. Við fáum eitt, tvö færi en þetta er reynslumikið lið sem kann að halda forystu,“ sagði Alfreð.

Ísland fékk fín færi í leiknum en Diego Benaglio varði nokkrum sinnum vel.

„Hann átti líka stórleik gegn Noregi. Ég átti snöggt skot í fyrri hálfleik sem hann varði vel og svo varði hann líka vel frá Birki og öðrum. Maður vill alltaf meira en til að komast lengra þurfum við að vinna lið eins Slóveníu, Albaníu og Kýpur á heimavelli. Það eru þeir sigrar sem telja mest,“ sagði Alfreð um árangurinn í riðlinum til þessa. **- gmi**



**GRÁTLEGT** Það sló þögn á Laugardalsvöllinn þegar Svisslendingar skoruðu í gær. Ísland var þá líklegri aðilinn en að slíku er ekki spurt. Svisslendingar fagna hér marki innilega. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Svekkjandi tap gegn Sviss

**Tveggja marka tap varð niðurstaðan þegar karlalandslið Sviss sótti Ísland heim í gærkvöld í undankeppni HM 2014. Leikurinn var í járnum fram í miðjan síðari hálfleik. Þá nýttu Svisslendingar sér sofandahátt í vörn Íslands í tvígang.**

**FÓTBOLTI** Íslendingar komust tvívegis nærri því að skora í fyrri hálfleik sem gestirnir stjórnuðu þó. Diego Benaglio, markvörður Sviss, varði fyrst aukaspyrnu Gylfa Þórs Sigurðssonar með tilþrifum og síðar kom hann í veg fyrir að Alfreð Finnbogason kæmi Íslandi yfir. Svisslendingar áttu ekki skot á rammann í fyrri hálfleik þrátt fyrir að komast í þokkalegar stöður.

Snemma í síðari hálfleik átti Birkir Bjarnason hörkuskot í þverslána snemma í síðari hálfleik og ýmislegt sem benti til þess að stigin þrjú myndu falla með Íslandi. Þá barði ógæfan á dyrnar.

Hannes Þór missti hornspyrnu úr höndum sér og eftir mikinn darraðardans skoruðu Svisslendingar draumamark. Benaglio sá við hörkuskalla Alfreðs áður en Svisslendingar tryggðu sér sigur eftir vel útfærða sókn og sofandahátt í vörn Íslands. Svekkjandi tap en slæm nýting færa varð liðinu að falli.

„Á skalanum einn til tíu er ég vonsvikinn upp á tíu. Þú getur sætt þig við tap ef hitt liðið er miklu betra en svo var ekki,“ sagði Lars Lagerbäck, landsliðsþjálfari Íslands. „Við vorum of passívir í fyrri hálfleik en færðum okkur framar í þeim seinni. Miðað við færin sem við fengum áttum við stig skilið. En mörkin telja,“ sagði Lagerbäck sem hrósaði leikmönnum sínum fyrir frammistöðuna en vill betri nýtingu í færunum.

„Heilt yfir hefur vörnin verið góð í leikjunum fjórum í riðlinum. Við höfum skorað eftir föst leikatriði og verjumst vel í þeim einnig. Okkar veikleiki er að nýta færin sem við fáum í opnu spili.“

Flestir leikmenn Íslands áttu góðan dag. Hannes Þór virkaði traustur þar til í fyrsta markinu. Vörnin var þétt og lítið fór fyrir Xherdan Shaqiri, skærustu stjörnu gestanna.

Emil Hallfreðsson og Eggert Gunnþór voru sérstaklega þéttir á miðjunni í fyrri hálfleik. Eggerti, sem kom inn í liðið fyrir Aron Einar sem var í leikbanni, virtist þó fyrirmunað að koma boltanum til samherja í síðari hálfleiknum.

„Það var áhætta að setja mann í litlu leikformi inn. Í ljósi þess stóð hann sig þó vel,“ sagði Lagerbäck sem vill þó að Eskfirðingurinn finni sér nýtt félagslið. Tækifærin hjá Wolves hafa verið af skornum skammti.

Birkir Bjarnason fór enn á ný fyrir íslenska liðinu í baráttu og dugnaði auk þess að komast nálægt því að skora. Þá áttu Alfreð og Gylfi Þór fínan leik en örlaði á pirringi hjá þeim síðarnefnda. Virtist hann svekkja sig furðu oft miðað við hve leikur íslenska liðsins var í heildina góður.

„Gylfi vill gera vel og vill að liðið vinni. Pirringurinn kemur frá þessum sigurvilja. Í sumum tilfellum hefði þó átt að koma boltanum til hans,“ sagði sá sænski.

### Þrír í leikbanni

Fimm leikmenn íslenska liðsins nældu sér í gult spjald í leiknum. Grétar Rafn Steinsson, Kári Árnason og Rúrik Gíslason fengu sitt annað í keppninni og munu því sitja af sér leikbann þegar Ísland sækir Slóveníu heim í mars.

„Með fullri virðingu fyrir öðrum leikmönnum koma Aron Einar (Gunnarsson) og Kolbeinn Sigþórsson aftur inn í liðið. Það styrkir okkur,“ sagði Lagerbäck sem var beðinn um að meta stöðu Íslands í riðlinum.

„Ef við hefðum sjö stig væri ég ánægður en sex stig eru í lagi. Við erum með og munum berjast áfram á næsta ári. Ég lofa ykkur því.“ **kolbeinntumi@365.is**

## ÚRSLIT

### Undankeppni HM 2014

**A-RIÐILL**

| | |
|---|---|
| **Króatía - Wales** | **2-0** |
| **Makedónía - Serbía** | **1-0** |
| **Belgía - Skotland** | **2-0** |

*Staðan*: Belgía 10 stig, Króatía 10, Serbía 4, Makedónía 4, Wales 3, Skotland 2.

**B-RIÐILL**

| | |
|---|---|
| **Tékkland - Búlgaría** | **0-0** |
| **Ítalía - Danmörk** | **3-1** |

Riccardo Montolivo, Daniele de Rossi, Mario Balotelli - William Kvist
*Staðan*: Ítalía 10 stig, Búlgaría 6, Tékkland 5, Armenía 3, Danmörk 2, Malta 0.

**C-RIÐILL**

| | |
|---|---|
| **Færeyjar - Írland** | **1-4** |
| **Austurríki - Kasakstan** | **4-0** |
| **Þýskaland - Svíþjóð** | **4-4** |

Miroslav Klose 2, Per Mertesacker, Mesut Özil - Zlatan Ibrahimovic, Mikael Lustig, Johan Elmander, Rasmus Elm.
*Staðan*: Þýskaland 10 stig, Svíþjóð 7, Írland 6, Austurríki 4, Kasakstan 1, Færeyjar 0.

**D-RIÐILL**

| | |
|---|---|
| **Andorra - Eistland** | **0-1** |
| **Rúmenía - Holland** | **1-4** |
| **Ungverjaland - Tyrkland** | **3-1** |

*Staðan*: Holland 12 stig, Ungverjaland 9, Rúmenía 9, Tyrkland 3, Eistland 3, Andorra 0.

**E-RIÐILL**

| | |
|---|---|
| **Ísland - Sviss** | **0-2** |
| **Kýpur - Noregur** | **1-3** |

Efstathios Aloneftis - Brede Hangeland, Tarik Elyounossi (víti), Joshua King.

| | |
|---|---|
| **Albanía - Slóvenía** | **1-0** |

*Staðan*: Sviss 10 stig, Noregur 6, Ísland 6, Albanía 6, Slóvenía 3, Kýpur 3.

**F-RIÐILL**

| | |
|---|---|
| **Rússland - Aserbaídsjan** | **1-0** |
| **Ísrael - Lúxemborg** | **3-0** |
| **Portúgal - Norður-Írland** | **1-1** |

Helder Postiga - Niall mcGinn
*Staðan*: Rússland 12 stig, Portúgal 7, Ísrael 7, Norður-Írland 2, Aserbaijan 1, Lúxembúrg 1.

**G-RIÐILL**

| | |
|---|---|
| **Lettland - Liechtenstein** | **2-0** |
| **Bosnía - Litháen** | **3-0** |
| **Slóvakía - Grikkland** | **0-1** |

*Staðan*: Bosnía 10 stig, Grikkland 10, Slóvakía 7, Litháen 4, Lettland 3, Liechtenstein 0.

**H-RIÐILL**

| | |
|---|---|
| **Úkraína - Svartfjallaland** | **0-1** |
| **San Marínó - Moldóva** | **0-2** |
| **Pólland - England** | **frestað** |

Úrhellisrigning var í Varsjá og verður reynt að spila leikinn í kvöld.
*Staðan*: England 7 stig, Svartfjallaland 7, Pólland 4, Moldavía 4, Úkraína 2, San Marínó 0.

**I-RIÐILL**

| | |
|---|---|
| **Hvíta-Rússland - Georgía** | **2-0** |
| **Spánn - Frakkland** | **1-1** |

1-0 Sergio Ramos (24.), 1-1 Oliver Giroud (90.+1).
*Staðan*: Spánn 7 stig, Frakkland 7, Georgía 4, Hvíta-Rússland 3, Finnland 1.




*Hvað getur þú gert fyrir þína heilsu?*

**Líkamleg og andleg endurhæfing hjá HNLFÍ**

Dvöl á Heilsustofnun gefur einstakt tækifæri til að huga að andlegri og líkamlegri líðan og t.d. koma reglu á hreyfingu, næringu og svefn.

Læknisfræðileg endurhæfing á Heilsustofnun er góður kostur og miðar að því að ná mestri mögulegri færni og lífsgæðum og viðhalda þeim.

**Hafðu samband við lækninn þinn og kannaðu þína möguleika.**

HEILSUSTOFNUN NLFÍ HVERAGERÐI

Nánari upplýsingar í síma 483 0300 og á vefsíðunni www.hnlfi.is

*- berum ábyrgð á eigin heilsu*


Kári Árnason var sár og leiður eftir tapið í gær:

## Þetta er algjörlega grátlegt

**FÓTBOLTI** „Þetta er algjörlega grátlegt. Við vörðumst vel í klukkutíma eða 70 mínútur. Við fáum á okkur klaufalegt mark. Hannes er með boltann en missir hann og við fáum sex tækifæri til að hreinsa en allt kemur fyrir ekki og hann snýr boltann skemmtilega upp í skeytin,“ sagði Kári Árnason, annar miðvörður Íslands, eftir ósigurinn gegn Sviss í gær.

„Mér fannst við ráða vel við þá mest allan leikinn og eftir að við fáum á okkur þetta mark þá erum við að reyna að skora og fórnum varnarmönnum fram á við. Þá urðum við berskjaldaðir.

„Seinna markið var líka klaufalegt, algjör grís, hann skýtur á markið en hittir ekki og boltinn rennur fram hjá mér.

„Við lögðum upp með að fá skyndisóknir og það heppnaðist. Þegar Gylfi fær boltann veit maður aldrei hvað gerist. Hann getur skapað eitthvað ótrúlegt og það gerðist nokkrum sinnum. Við fengum dauðafæri til að jafnvel klára þennan leik,“ sagði Kári. **- gmi**



**Í LOFTINU** Kári lét að sér kveða á báðum endum vallarins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



KVENNALANDSLIÐ ÍSLANDS

# VIÐ STYÐJUM ÍSLENSKA LANDSLIÐIÐ Í HÓPFIMLEIKUM

UPS ™
Deloitte.
ÚTILÍF
LATI BÆR ™

Landsbankinn
Airport Associates -at your service!
Betra BAK
Leggur grunn að góðum degi
Bluebird Cargo

N1
Eirberg
Lagnaþjónustan ehf
Pípulagnir - Efnissala
482 2311 ☎ 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími
KIRO PRAKTOR STOFA ÍSLANDS
LYSI

World Class ICELAND
geiri
gló RESTAURANT
GÁSKI SJÚKRAÞJÁLFUN
SPORT OUTLET

NÝHERJI
EIMSKIP
YFIR HAFIÐ OG HEIM
HAGKAUP
Óskar og Einar ehf.
Málningaverktakar
NINGS

TRI
ORMSSON
TM
Sjúkraþjálfun STYRKUR ehf.
HÖFÐAHÖLLIN 567 4840

INNX Innréttingar
Fosshálsi 1 • 110 Reykjavík • Sími 577 1170
Fax 577 1172 • www.innx.is • innx@innx.is
Arion banki
ergo
orkusalan
FASTEIGNASALAN MIKLABORG



STÚLKNALANDSLIÐ ÍSLANDS

## > Stöð 2 Bíó kl. 22.00
### Inhale

*Æsileg spennumynd í leikstjórn Baltasars Kormáks. Dermot Mulroney og Diane Kruger fara með hlutverk hjóna sem leita allra leiða til að finna líffæragjafa fyrir fársjúka dóttur sína.*



# dagskrá

## Í KVÖLD



### Up All Night
Gamanþættir um ung hjón sem eru nýbakaðir foreldrar. Reagan reynir sitt besta til að samtvinna móðurhlutverkið og starf sitt og Chris reynir að aðlagast nýju hlutverki sem heimavinnandi húsfaðir.

**Höfundur:** Emily Spivey.
**Aðalhlutverk:** Christina Applegate, Will Arnett og Maya Rudolph.

64/100 · IMDb 6,6 · Stöð 2 20:30



### Pina
Dansarinn og danshöfundurinn Pina Bausch lést óvænt árið 2009. Þá höfðu hún og Wim Wenders þegar hafið vinnu við þessa heimildarmynd. Eftir lát hennar hélt Wim áfram með myndina.

**Leikstjóri:** Wim Wenders.
**Aðalhlutverk:** Pina Bausch, Regina Advento og Malou Airaudo.

83/100 · IMDb 7,5 · RÚV 22:20



### Obsessive Compulsive Hoarder
Sannsöguleg sjónvarpsmynd frá 2011 um Richard Wallace sem glímir við söfnunaráráttu. Ruslið í bakgarðinum hans var orðið svo mikið að hægt var að sjá það utan úr geimnum.

**Leikstjóri:** Christian Trumble.
**Aðalhlutverk:** Richard Wallace.

IMDb 7,8 · Skjáreinn 20:20



### Kings Ransom
Heimildarmynd um óvænta sölu íshokkístjörnunnar Wayne Gretzky frá Edmonton Oilers til Los Angeles Kings árið 1988. Hann var talinn einn besti íshokkíleikmaður heims og þjóðargersemi Kanada.

**Leikstjóri:** Peter Berg.
**Aðalhlutverk:** Wayne Gretzky.

Rotten Tomatoes 81% (A) · Stöð 2 Sport 23.45

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Stakir sokkar **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Flakk **14.00** Fréttir **14.03** Matur er fyrir öllu **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Ljósa **15.25** Skorningar **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Gullfiskurinn **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Spegillinn **18.47** Auglýsingar **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Okkar á milli **21.10** Út um græna grundu **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Bak við stjörnurnar **23.05** Baráttan um Hvíta húsið **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**15.30 360 gráður** (e)
**16.00 Djöflaeyjan** (e)
**16.35 Herstöðvarlíf** (21:23)(Army Wives)
**17.20 Einu sinni var...lífið** (14:26)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Geymslan**
**18.25 Hvunndagshetjur** (2:6) (We Can Be Heroes) (e)
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.00 Stjórnarskráin** Fréttaskýringaþáttur frá fréttastofu RÚV. Í þættinum verður fjallað um tillögur stjórnlagaráðs að nýrri stjórnarskrá sem þjóðin fær að greiða atkvæði um 20. október. Rætt verður við fólk úr stjórnlagaráði og fræðimenn sem segja skoðanir sínar á tillögunum.
**20.20 Læknamiðstöðin** (14:22) (Private Practice V) Bandarísk þáttaröð um líf og starf lækna í Santa Monica í Kaliforníu. Meðal leikenda eru Kate Walsh, Taye Diggs, KaDee Strickland, Hector Elizondo, Tim Daly og Paul Adelstein.
**21.05 Kiljan** Bókaþáttur í umsjón Egils Helgasonar.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
➤ **22.20 Pina** Heimildarmynd eftir Wim Wenders um danshöfundinn Pinu Bausch.
**00.00 Kastljós** (e)
**00.25 Fréttir**
**00.35 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**10.50 Tangled**
**12.30 Love Happens**
**14.20 Pride and Prejudice**
**16.25 Tangled**
**18.05 Love Happens**
**19.55 Pride and Prejudice**
**22.00 Inhale**
**23.25 Rush Hour**
**01.00 Catacombs**
**02.30 Inhale**
**03.50 Rush Hour**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.05 Malcolm In The Middle** (14:22)
**08.30 Ellen** (22:170)
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors** (7:175)
**10.15 60 mínútur**
**11.00 Community** (15:25)
**11.25 Better Of Ted** (13:13)
**11.50 Grey's Anatomy** (20:24)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 New Girl** (5:24)
**13.25 Gossip Girl** (9:24)
**14.15 The Glee Project** (3:11)
**15.35 Barnatími Stöðvar 2**
**16.50 Bold and the Beautiful**
**17.10 Nágrannar**
**17.35 Ellen** (23:170)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Malcolm In the Middle** (17:22)
**19.40 Modern Family** (17:24)
**20.05 2 Broke Girls** (24:24) Ný og hressileg gamanþáttaröð um Max og Caroline sem kynnast við störf á veitingastað.
➤ **20.30 Up All Night** (12:24)
**20.55 Drop Dead Diva** (5:13) Önnur þáttaröðin um unga og bráðhuggulega fyrirsætu sem lætur lífið í bílslysi en sál hennar tekur sér bólfestu í lögfræðingnum Jane Bing. Hún þarf nú að takast á við lífið í nýjum aðstæðum og á í upphafi ekki síst erfitt með að sætta sig við aukakílóin sem hún þarf að burðast með í hinu nýja lífi.
**21.40 True Blood** (12:12)
**22.35 The Listener** (11:13)
**23.20 Neyðarlínan**
**23.45 Steindinn okkar** (8:8)
**00.10 Revolution**
**00.55 Fringe** (17:22)
**01.40 Breaking Bad** (6:13)
**02.25 The Killing** (5:13) (6:13)
**03.55 Undercovers** (11:13)
**04.35 SherryBaby**

## STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 Þýski handboltinn: Flensburg - Lemgo**
**18.00 Þýski handboltinn: Flensburg - Lemgo**
**19.25 Meistaradeild Evrópu: Man. City - Borussia Dortmund**
**21.10 Arnold Classic** Sýnt frá hinu árlega Arnold Classic móti.
**22.00 Undankeppni HM: England - San Marínó**
➤ **23.45 Kings Ransom** Heimildamynd íshokkístjörnuna Wayne Gretzky.

## STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**17.30 Being Liverpool** Þáttaröð þar sem áhorfendur fá einstaka innsýn í lífið hjá einu frægasta fótboltafélagi veraldar.
**18.15 Newcastle - Man. Utd.**
**20.00 Premier League Review Show 2012/13** Sýndar eru svipmyndir frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni.
**20.55 Premier League World 2012/13** Skemmtilegur þáttur þar sem stjörnurnar í ensku úrvalsdeildinni eru heimsóttar.
**21.25 Football League Show 2012/13** Sýndar svipmyndir úr leikjunum í næstefstu deild enska boltans.
**21.55 Sunnudagsmessan** Guðmundur Benediktsson og Hjörvar Hafliðason stjórna.
**23.10 Liverpool - Stoke**

## STÖÐ 2 krakkar

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Samsent barnaefni frá Stöð 2.
**08.00 Dóra könnuður**
**08.25 Áfram Diego, áfram!**
**08.50 Doddi litli og Eyrnastór**
**09.00 UKI**
**09.05 Stubbarnir**
**09.30 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**09.50 Lukku láki**
**10.15 Stuðboltastelpurnar**
**10.40 Histeria!**
**11.00 Stöð 2 Krakkar - barnatími**
**17.00 Ofurhetjusérsveitin**
**17.20 Sorry I've Got No Head**
**17.50 iCarly** (20:45)

## POPP TÍVÍ

**17.05 Simpson-fjölskyldan**
**17.25 Sjáðu**
**17.50 The Middle** (8.24) Gamanþáttaröð um dæmigerða vísitölufjölskyldu þar sem allt lendir á ofurhúsmóðurinni. Ekki nóg með það heldur er húsmóðirin líka bílasali og það frekar lélegur því hún hefur engan tíma til að sinna starfinu.
**18.15 Glee** (1.22)
**19.00 Friends**
**19.25 Simpson-fjölskyldan** (4.22) Marge kemst í mikið uppnám þegar hún sér Hómer daðra við tvær konur og ákveður að kanna hvort hún sé hætt að vekja áhuga eiginmannsins.
**19.50 American Dad** (9.19) Þriðja serían um Stan og fjölskyldu hans sem inniheldur kaldhæðna geimveru og þýskumælandi fisk.
**20.10 How I Met Your Mother** (14.22)
**20.35 The Cleveland Show** (9.21) Skemmtilegir teiknimyndarþættir frá handritshöfundum American Dad og Family Guy.
**21.00 Breakout Kings** (9.13) Bandarísk lögregluyfirvöld setja saman sérsveit skipaða dæmdum glæpamönnum til að elta uppi fanga sem hafa flúið úr fangelsum og eru á flótta undan réttvísinni.
**21.40 The Middle (8.24)**
**22.05 American Dad** (9.19)
**22.25 The Cleveland Show** (9.21)
**22.45 Breakout Kings** (9.13)
**23.30 Tónlistarmyndbönd Popptíví**

## STÖÐ 2 GULL

**18.15 Doctors** (49:175)
**19.00 Ellen** (23:170)
**19.40 Logi í beinni**
**20.25 Að hætti Sigga Hall** (8:18)
**20.55 Curb Your Enthusiasm** (9:10)
**21.30 The Sopranos** (9:13)
**22.25 Ellen** (23:170)
**23.10 Logi í beinni**
**23.55 Að hætti Sigga Hall** (8:18)
**00.25 Curb Your Enthusiasm** (9:10)
**00.55 The Sopranos** (9:13)
**01.50 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**15.55 90210** (18:22) (e) Það er ófriður í aðsigi þegar krakkarnir úr Beverly Hills halda til Mexíkó í vorfrí. Teddy hittir gamla kærustu, Annie drekkur í sig menninguna og uppgjör verður milli Silver og Adriönnu um Navid.
**16.40 Top Gear 18** (2:7) (e)
**17.30 Rachael Ray**
**18.15 Ringer** (7:22) (e) Bandarísk þáttaröð um unga konu sem flýr örlögin og þykist vera tvíburasystir sín til þess að sleppa úr klóm hættulegra glæpamanna.
**19.05 America's Funniest Home Videos** (24:48) (e)
**19.30 Everybody Loves Raymond** (e)
**19.55 Will & Grace** (10:24)
➤ **20.20 Obsessive Compulsive Hoarder**
**21.10 My Mom Is Obsessed** (1:6) Fróðlegir þættir um flókin samskipti milli móður og dóttur.
**22.00 CSI: Miami** (4:19) Horatio Caine fer fyrir þrautþjálfaðri rannsóknardeild.
**22.50 Hawaii Five-0** (1:24) (e)
**23.35 Johnny Naz** (3:6) (e)
**00.05 The Borgias** (9:10) (e)
**00.55 House of Lies** (1:12) (e)
**01.20 Blue Bloods** (3:22) (e)
**02.05 Excused** (e)
**02.30 Everybody Loves Raymond** (e)
**02.55 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **07.10** Frys.com Open 2012 (3:4) **10.10** Golfing World **11.00** Presidents Cup 2011 (2:4) **18.00** Golfing World **18.50** Inside the PGA Tour (40:45) **19.20** LPGA Highlights (17:20) **20.40** Champions Tour - Highlights (20:25) **21.35** Inside the PGA Tour (41:45) **22.00** Golfing World **22.50** PGA Tour - Highlights (36:45) **23.45** ESPN America

## ÍNN

**20.00** Sigmundur Davíð **20.30** Tölvur, tækni og vísindi **21.00** Fiskikóngurinn **21.30** Vínsmakkarinn

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 95,7 FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 100,5 Kaninn | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |


Mastercraft TIRES

AMERÍSK JEPPADEKK

KOMDU NÚNA OG NÁÐU ÞÉR Í GÆÐADEKK Á GÓÐU VERÐI!

Vetrardekkin frá Mastercraft eru með einstöku einkaleyfisvernduðu „Snow Groove" munstri. Þau hafa einstakt grip og góða endingu. Amerísk gæðadekk fyrir flestar gerðir jeppa og jepplinga.



Courser A/T 2: Hljóðlát, rásföst og endingargóð heilsársdekk.



Courser C/T: Milligróf heilsársdekk.



Courser MSR: Einhver bestu vetrar- og heilsársdekk sem völ er á.



Courser MT: Grófmunstrað dekk fyrir þá sem vilja komast lengra.

pitstop

www.pitstop.is | Dugguvogi 10, Rvk, S: 568 2020 | Rauðhellu 11, Hfj. S: 568 2035 | Hjallahrauni 4, Hfj. S: 565 2121 | Austurvegi 52, Selfossi, S: 482 3220


ÚTILÍF
KALT ER ÚTI
LÁTTU ÚLPUNA KLÆÐA
AF ÞÉR KÓLNANDI VEÐUR
ÚRVAL AF ÚLPUM FRÁ
THE NORTH FACE, ZO-ON, HELLY HANSEN,
DIDRIKSONS, QUIKSILVER OG ROXY.
THE NORTH FACE
ZO•ON ICELAND
HH HELLY HANSEN
DIDRIKSONS1913
QUIKSILVER
ROXY
NÁÐU ÁRANGRI ÚTILÍF HOLTAGÖRÐUM GLÆSIBÆ KRINGLUNNI SMÁRALIND WWW.UTILIF.IS

SJÓNVARPSÞÁTTURINN



*„Ég horfi rosalega mikið á grínþætti. Var að klára Parks and Recreation, Louie og Girls. Einnig horfði ég um daginn á báðar þáttaraðirnar af Hæ Gosa í einum rykk og fannst þær mjög skemmtilegar.“*

Magnús Leifsson, leikstjóri myndbands við lag Retro Stefson, Glow.

# Háhyrningar stela senunni

„Það kom í ljós á síðustu hátíð að öll gisting í bænum yrði uppbókuð á sama tíma að ári. Ég var því meðvituð um að ég gæti mögulega þurft að færa hátíðina,“ segir Dögg Mósesdóttir, framkvæmdastjóri alþjóðlegu stuttmyndahátíðarinnar Northern Wave. Hátíðin hefur verið haldin í mars í Grundarfirði síðustu fimm ár en háhyrningar sem hafast við í firðinum á þessum tíma árs hafa nú stolið senunni.

„Háhyrningar hafa leitað inn í fjörðinn á þessum tíma síðustu ár og þetta hefur vakið athygli ferðamanna sem koma í bæinn til að fylgjast með hvölunum. Heimamenn hafa grínast með að nú fari fram Northern Whale Festival í bænum í stað Northern Wave.“

Dögg tók ákvörðun um að færa hátíðina fyrir stuttu þegar henni fóru að berast fyrirspurnir um skilafrest mynda. Líklegt er að hátíðinverði næst í byrjun nóvember á næsta ári.

„Þetta gæti verið ágæt breyting því veðrið er oft miklu betra í nóvember en í mars. Við höfum oft lent í stormviðri á meðan á hátíðinni stendur og einnig hefur verið illfært vestur.“ Rökkurdagar, menningarhátíð Grundarfjarðar, fara fram í nóvember ár hvert og þætti Dögg gaman að tengja þessa tvo viðburði saman á einhvern hátt.

Dögg eignaðist sitt fyrsta barn aðeins þremur vikum eftir að síðustu hátíð lauk og viðurkennir að það sé kærkomið að fá lengri tíma til að skipuleggja næstu hátíð á meðan dóttirin er svo ung. „Jú, það er ekki verra að fá lengri tíma til að skipuleggja næstu hátíð.“ - sm



**HVALIR STELA SENUNNI** Dögg Mósesdóttir tók þá ákvörðun að færa stuttmyndahátíðina Northern Wave. Hátíðin verður næst haldin í nóvember á næsta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI






**FÉLAGSFÍKLARNIR** Andri Haraldsson (lengst til vinstri) og vinir hans í Félagsfíklunum halda góðgerðarball fyrir Kvennaathvarfið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

ANDRI HARALDSSON: FYRSTA GÓÐGERÐARBALL FÉLAGSFÍKLANNA

# Styrkja Kvennaathvarfið

Andri Haraldsson, fimmtán ára unglingur úr Háteigsskóla, heldur ásamt félögum sínum í hópnum Félagsfíklarnir góðgerðarball í kvöld til styrktar Kvennaathvarfinu. Félagsmiðstöðin Kampur tekur einnig þátt í skipulagningunni. Félagsfíklarnir hafa áður haldið böll og ýmsa aðra viðburði en þetta verður fyrsta góðgerðarballið þeirra, og ekki það síðasta að sögn Andra. „Við fengum þessa hugmynd í sumar að reyna að fá mætingu á svolítið stórt ball. Hugmyndin um góðgerðarball kom ekki fyrr en löngu seinna,“ segir hann. „Mamma sagði mér frá þessu með Kvennaathvarfið. Ég byrjaði að hugsa um þetta og sagði strákunum frá þessu og þeir voru mjög til í þetta. Við vitum að þau eru í fjáröflun fyrir nýju húsnæði og betra umhverfi. Við hugsuðum með okkur að það væri fínt að ná að styrkja þau svolítið og reyna að fá betri líðan þarna. Manni finnst vera svo lítið lagt í þetta.“ Búið er að selja um 160 miða á ballið og kostar miðinn 500 krónur. Plötusnúður úr röðum Félagsfíklanna mun sjá um tónlistina. Takmarkið er að safna eitt hundrað þúsund krónum sem verða svo afhentar Kvennaathvarfinu. Andri er með fleiri verkefni í bígerð því hann er að undirbúa heimildarmynd um heimilisofbeldi. „Ég hef mikinn áhuga á kvikmyndagerð og mig langaði að gera heimildarmynd um eitthvað sem gæti skipt máli, sérstaklega fyrir krakka á mínum aldri. Það er engin fræðsla um þetta í skólum og mig langaði að tengja myndina og ballið svolítið saman.“ Tónleikarnir verða í Háteigsskóla í kvöld. Þeir hefjast klukkan 19 og standa yfir til 22.

freyr@frettabladid.is

## SÖFNUÐU FYRIR STÆRRA HÚSNÆÐI

Fjáröflunarátakið Öll með tölu stóð yfir í síðasta mánuði þar sem safnað var fyrir Kvennaathvarfið. Markmiðið var að safna því sem upp á vantaði til að athvarfið kæmist í stærra húsnæði. Löngu er orðið ljóst að núverandi húsnæði rúmar engan veginn starfsemina.

Kvennaathvarfið er ætlað fyrir konur og börn þeirra þegar dvöl í heimahúsum er þeim óbærileg vegna andlegs eða líkamlegs ofbeldis eiginmanns, sambýlismanns eða annarra heimilismanna.




# Best of 2012 haldið í Höllinni

„Moses hefur ekki spilað þar áður. Þetta verður örugglega mikið stuð,“ segir Steingrímur Karl Teague úr hljómsveitinni Moses Hightower.

Mörg af stærstu nöfnum ársins í tónlistinni koma saman í Laugardalshöll miðvikudaginn 19. desember þegar blásið verður til tónlistarveislunnar Best of 2012. Fram koma Ásgeir Trausti, sem hefur slegið í gegn með sinni fyrstu plötu Dýrð í dauðaþögn, Hjálmar, sem hafa ekki spilað hér á landi í nokkurn tíma, hljómsveitin Valdimar, sem sendir frá sér nýtt efni á næstunni, Moses Hightower, sem nýlega gaf út sína aðra plötu, og Kiriyama Family, sem sló í gegn með laginu Weekends í sumar og nú síðast með laginu Heal.

Þetta verða aðrir tónleikarnir á skömmum tíma sem Moses Hightower og Ásgeir Trausti spila á því fimm dögum áður verða þeir í Háskólabíói. „Ég held að hvort tveggja verði bara rosalega gaman,“ segir Steingrímur Karl en Ásgeir hitaði einmitt upp fyrir Moses á útgáfutónleikum þeirra.

Aðspurður segist hann mjög ánægður með viðtökur nýjustu plötu Moses, Önnur Mósebók. Hún kom einnig út á vínyl og var því fagnað með óvæntum tónleikum í Lucky Records við Hverfisgötu á mánudag. „Lucky Records er vagga vínylsins og þetta var mjög gaman.“

Forsala aðgöngumiða á Best of 2012 fer fram á Midi.is og hefst hún á hádegi 1. nóvember. - fb



**Í HÖLLINNI** Moses Hightower spilar í fyrsta sinn í Laugardalshöll í desember. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON




„Ekkert minna en frábær“
Out and About, DK
„Falleg blanda raunsæis, farsa og draumkennds andrúmslofts“
Jyllandsposten, DK
Berlingske Tidende, DK
CPH Culture, DK
„Leikandi djarft og fullt af töfrum“
Skanska Dagbladet, SE
„Einstaklega heillandi og fersk sýning“
SR Malmö, SE
25% afsláttur fyrir Facebook-vini Vesturports og Borgarleikhússins ef keypt er fyrir frumsýningu
Ný stórsýning frá Vesturporti
BASTARÐAR
Nú loks á Íslandi!
Frumsýnt 27. október
Aðeins sýnt í 3 vikur!
Forsala hafin, tryggðu þér miða!
Frumsýning fös. 27/10 kl. 20
sun. 28/10 kl. 20
þri. 30/10 kl. 20
mið. 1/11 kl. 20
fim. 1/11 kl. 20
fös. 2/11 kl. 20
lau. 3/11 kl. 20
sun. 4/11 kl. 20
þri. 6/11 kl. 20
mið. 7/11 kl. 20
fim. 8/11 kl. 20
HÖFUNDAR RICHARD LAGRAVENESE OG GÍSLI ÖRN GARÐARSSON LEIKSTJÓRN GÍSLI ÖRN GARÐARSSON LEIKMYND BÖRKUR JÓNSSON BÚNINGAR MARIA GYLLENHOFF LÝSING CARINA PERSSON / ÞÓRÐUR ORRI PÉTURSSON TÓNLIST CÆCILIE NORBY OG LARS DANIELSSON HLJÓÐMYND TORBJØRN KNUDSEN LEIKGERVI ÁRDÍS BJARNÞÓRSDÓTTIR LEIKARAR JÓHANN SIGURÐARSON NÍNA DÖGG FILIPPUSDÓTTIR STEFÁN HALLUR STEFÁNSSON HILMIR SNÆR GUÐNASON ELVA ÓSK ÓLAFSDÓTTIR ÞÓRUNN ERNA CLAUSEN VÍKINGUR KRISTJÁNSSON SIGURÐUR ÞÓR ÓSKARSSON JÓHANNES NÍELS SIGURÐSSON
VesturPort
Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is
Borgarleikhúsið
FÍTON / SÍA FI044032

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000** VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Gátu ekki keypt á netinu

Fulltrúar Lúðrasveitar Þorlákshafnar heimsóttu dvalarheimili aldraðra í Þorlákshöfn á dögunum til að hjálpa gamla fólkinu að kaupa miða á tónleika **Jónasar Sigurðssonar** þar í bæ um næstu helgi. Margar kvartanir höfðu borist frá dvalarheimilinu því fólkinu þótti of flókið að þurfa að kaupa miðana á netinu. Þessi heimsókn lúðrasveitarinnar, sem spilar með Jónasi á nýrri plötu hans Þar sem himin ber við haf, virðist hafa borið árangur því uppselt er á tónleikana á föstudags- og laugardagskvöld. Búið er að bæta þriðju tónleikunum við á sunnudeginum. Mikið verður lagt í tónleikana og búið er að leigja hljóðkerfi og tækjabúnað fyrir hátt í aðra milljón, þar á meðal glæsilegt surroundkerfi sem umlykur áheyrendurna á meðan á tónleikunum stendur.



### Mættust í musterinu

Margmenni kom saman í gær þar sem **Geir Jón Þórisson,** fyrrverandi yfirlögregluþjónn, kynnti sína upplifun af átökunum í og við Alþingi í búsáhaldabyltingunni. Samkoman fór fram í höfuðstöðvum Sjálfstæðisflokksins, „Musterinu" eins og Geir Jón kallaði það. Meðal þeirra sem mættu var **Sturla Jónsson,** vörubílstjóri og aðgerðasinni. Lagði hann orð í belg, enda hefur hann sennilega aðra sýn en Geir Jón á það sem fram fór á hinum æsilegu tímum í ársbyrjun 2009. Aðrir sem litu við til að hlýða á Geir Jón voru til dæmis Elín Hirst og Friðrik Friðriksson, eiginmaður hennar, og Páll Magnússon útvarpsstjóri. **- fb, þj**



### Mest lesið vísir

1. Rugluðust á Íslandi og Færeyjum.
2. Telur að um tímamótasamning sé að ræða.
3. Kapphlaupið um lífið fór fram í dag.
4. Lán fyrir geðfatlaða verða felld niður.





